# Gjörðabók bæjarstjórnar 1928-1932

Aðfnr. 7056 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók bæjarstjórnar

1928-32

.077.5:025.26 - .075.1

Aðfnr. 7056 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALA- OG MINJASAFN
70 56
REYKJAVÍKURBÆJAR
A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem er 502 - fimm hundruð og tvær - tölusettar blaðsíður, gegnumdregin og útbúin með innsigli stjórnarráð Íslands, löggildist hér með til að vera

GJÖRÐABÓK

bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu
4. desember 1928.
F. h. r.
Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, fimmtudaginn 6. desember, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson, Jón Ólafsson.

Sigurður Jónasson kom á fundinn kl. 5.35 og Ólafur Friðriksson kl. 5.45.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Framhald 2. umræðu um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarsjóðs 1929.
Tekjuhlið frumvarpsins var samþykkt með shlj. atkv. og gjöldin einnig samþykkt með shlj. atkv.

II. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 29. nóv. lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. des. lögð fram.
2.-3. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Framhald 2. umr. um frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöæd bæjarsjóðs 1929.
Auk breytingatillagna þeirra við frv., sem bókaðar eru í fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. des. komu fram svohljóðandi breytingartillögur og ályktunartillögur í sambandi við frumvarpið.

Frá Ólafi Friðrikssyni :
"Utanfararstyrkur til Hallgríms Jónssonar kennara kr. 1000.-

frá fulltrúa Alþýðuflokksins:
"Bæjarstjórnin ályktar að leggja fyrir borgarstjóra að gæta þess vandlega að fjárhagsáætlun bæjarins sé nákvæmlega fylgt í einstökum gjaldaliðum. Ef sýnt þykir að áætlað fé hrökkvi ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum, eða nýrra gjaldaliða gjörist þörf, þá skal borgarstjóri ætíð skyldur til að leita samþykkis bæjarstjórnar um auka fjárveitingu."

Frá fulltrúa Alþýðuflikksins:
Bæjarstjórnin felur fjárhagsnefnd að endurskoða launasamþykkt bæjarims, taka inn á hana þá fasta starfsmenn, sem ekki eru þar fyrir, og samræma launakjör starfsmanna. Sé þessari endurskoðun hraðað eftir því sem unnt er, og tillögur fjárhagsnefndar lagðar fyrir bæjarstjórn. Í sambandi við þessa endyrskoðun er fjárhagsnefndinni einnig falið að gera tillögur til bæjarstjórnar um eftirlaunasjóð starfsmanna bæjarins."

Frá fulltrúa Alþýðuflokksins:
"Að gefnu tilefni ályktar bæjarstjórnin að víta það framferði borgarstjóra að ráðstafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að ráðstafa eða selja fasteignir bæjarins, án samþykkis bæjarstjórnar. Væntir bæjarstjórnin þess, að slíkar ólögmætar ráðstafanir á eignum bæjarsjóðs komi ekki fyrir eftirleiðis."

Frá Th. B. Líndal (sjá 19. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 4. des.).:
"Aftað við áætlunina bætist:
"Um leið og bæjarstjórnin afgreiðir þessa fjárhagsáætlun tekur hún fram:
I. Að reikningi bæjarsjóðs, hafnarsjóðs og annara stofnana bæjarins fyrir árið 1928 skuli fylgja athugasemdir og skýringar borgarstjóra, svipað og tíðkaðist fram til 1918.
II. Að fjárhagsnefnd skuli falið sð gera svo fljótt sem unnt er tillögur um endurbætur á bókhaldi bæjarsjóðs og þeirra fyrtækja er bærinn rekur. Sé þar sérstaklega tekið til athugunar skipting á reikningi bæjarsjóðs í rekstursreikning og eignareikning."

Frá borgarstjóra:
Brtl. Alþýðuflokksins um kaup á bíl til að til að vökva göturnar orðist þannig:
"Bifreið til götuþvotta."
Gat borgarstjóri þess jafnframt að breytingartillögur sama efnis hefði borizt frá Magnúsi Kjaran.

Frá Hallgrími Benediktssyni:
"Brtl. við brtl. fulltr. Alþ.fl. um 3500 kr. styrk til styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík:
"Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að skipulagsskrá sjóðsins verði breytt þannig, að allir verkamenn og sjómenn í Reykjavík hafi skilyrðislaust jafnan rétt til styrks úr sjóðnum, enda kjósi bæjarstjórnin einn mann í stjórn sjóðsins."

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni:
Brtl. við brtl. Theódórs Líndal, sem bókað er hér að framan.
"Aftan við I. lið í tillögu Th. B. Líndals bætist:
Ennfremur skulu fylgja reikningunum athugasemdir endurskoðenda með svörum og upplýsingum bæjargjaldkera, borgarstjóra og fjárhagsnefndar."

Eftir nokkrar umræður um frumvarpið og breytingartillögur þær er fram höfðu komið var ákveðið, að hafa fundarhlé til kvöldverðar frá kl. 8 til 9.30.

Kl. 9.35 var fundinum haldið áfram. Voru þá, auk borgarstjóra komnir allir þeir sömu bæjarfulltrúar, er áður sátu fundinn að undanskyldum Ágúst Jósefssyni, Þórði Sveinssyni og Jóni Ásbjörnssyni, sem komu skömmu á eftir og Ólafi Friðrikssyni, er kom kl. 10. Var þá umræðunum haldið áfram og komu fram eftirfarandi breytingartillögur:

Frá Jóni Ásbjörnssyni og Th. B. Líndal:
Brtl. við brtl. Alþ. fl. um fjárveitingu til skrifstofuhúsbyggingar
orðist þannig:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framlagt til væntanlegs ráðhúss kr. 50.000.-
Tala liðanna breytist samkvæmt atkv.gr.

Frá Pétri Halldórssyni: (Í sambandi við tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar o.fl. um framkvæmd fjárhagsáætlunar):
"Bæjarstjórnin ákveður að bæjarfulltrúum séu við hver ársfjórðungsmót sendar niðurstöðutölur hvers tekju- og gjaldaliðar í bókum bæjargjaldkerans."

Útaf tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar o.fl. um endurskoðun launasamþykktarinnar bar Pétur Halldórsson ennfremur fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:
"Bæjarstjórnin álítur ekki kominn tíma til að gera ákvörðun um nýja reglugerð um launakjör starfsmanna bæjarins meðan ekki er vissa um framtíðar~~korfur~~verðlag á íslenzkum peningum og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þegar hér var komið umræðunum var lögmætur fundartími bæjarstjórnarinnar úti, og var þá með 10:3 atkv. samþykkt að halda fundinum áfram.

Útaf tillögu Alþýðufl. um ráðstafanir borgarstjóra á fasteignum bæjarins bar Pétur Halldórsson fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:
"Bæjarstjórnin álítur að ekkert tilefni sé til slíkrar yfirlýsingar, sem í tillögunni felst og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Stóðu umræðurnar enn um hríð - en frá kl. 1 - 1½ var haft fundarhlé til kaffidrykkju. Að því loknu var fundinum haldið áfram. Komu þá enn fram eftirfarandi breytingartillögur við frumvarpið.

Frá Stefáni Jóh. Stefánssyni:
Við XIII. lið í gjöldum komi nýr liður:
"Styrkur til útgáfu bæjarleiðarvísis kr.1000.-

Frá Þórði Sveinssyni:
Bætt við brtl. Alþýðufl. um malbikun Bræðraborgarstígs:
"Laugavegur frá Bárónsstíg
austur eftir kr. 60.000.- "

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða um frumvarpið og tillögur þær, er fram höfðu komið.

T e k j u r :

Brtl. fulltr. Alþýðufl. við tekjulið I. (eftirst. frá f.á.). Felld með 9:6 atkv.

I. Samþykkt óbreytt með samhljóða atkvæðum.

II. ~~a~~til V.3. Samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fulltr. Alþýðufl. við V.4. (grjótnám) felld með 10:6 atkv.

V.4. Samþ. óbr. með 8:2 atkv.

V.5.-VIII.9. Samþykkt með samhljóða atkvæðum.

IX. Samþ. með shlj. atkv. með þeirri breytingu að orðin
"45000 sterlingspund á 22.15 falli burt."

Brtl. fjárhagsn. við tekjulið XI
samþykkt með shlj. atkv.

Brtl. fjárhagsnefndar við tekjulið X2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fjárhagsnefndar við tekjulið X.3.
samþ. með shlj. atkv.
X. 1-4 Með áorðnum breytingum
samþ. með shlj. atkv.
Tekjuhlið frumvarpsins með áorðnum breytingum
samþ. með shlj. atkv.

G j ö l d

Brtl. fjárhagsnefndar um sömu dýrtíðaruppbót og aukadýrtíðaruppbót sem 1928
samþ. með shlj. atkv.
I.1.-2d. Samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fulltr. Alþýðufl. (bæjarhagsskýrslur)
felld með 10:6.
I.3-4 c samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fjárhagsnefndar við I.4 (bifreiðakostn. byggingarfulltrúa)
Samþ. með shlj. atkv.
I.4D - III.1. Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. fjárhagsnefndar við III. (einkennisbúningur heilbrigðisfulltrúa) Samþ. með shlj. atkv.
III.2 - 6 Samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fulltr. Alþýðufl. við III.(neðanjarðarnáðhús) Felld með 7:6 atkv.
Brtl. borgarstjóra við brtl. fulltr. Alþýðufl. við III. (bifreið til götuþvotta) samþ. með 7:3 atkv.
Brtl. svo breytt samþ. með shlj. atkv.
III.7 - IV.3. Samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fulltr.Alþýðufl. við IV.4(ræktun).
Felld með 9:6 atkv.
Brtl. Th. B. Líndal við sama lið.
Samþ. með 8:7 atkv.
IV.5-VII.6. Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. fjárhagsn. við VII.(Styrkur til ungbarnaverndunar Líknar) Samþ. með shlj. atkv.
Brtl. fulltr.Alþýðufl. við VII.7(styrkur til Sjúkrasamlagsins) Felld með 8:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Guðrún Jónasson |
| Ólafur Friðriksson | Hallgrímur Benediktsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ólafsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Magnús Kjaran |
| Þórður Sveinsson | Pétur Halldórsson |
| | Theódór Líndal |

Jón Ásbjörnsson greiddi ekki atkvæði.

VII.7 Liðurinn óbreyttur samþ. með shlj. atkv.
Viðaukatillaga Hallgr. Benediktssonar við brtl. fulltrúa Alþýðuflokksins um styrk til styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna
samþ. með 9:7 atkv.
Brtl. var þá tekin aftur, en síðan tekin upp á ný af borgarstjóra og samþ. með 9:7 atkv. (með viðaukatillögu Hallgr. Benediktssonar).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII.8-VIII.5 c.Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. Þórðar Sveinssonar við brtl. fulltr. Alþýðufl. við VIII.5 B(malbikun Laugavegar)
Felld með 9:2 atkv.
Brtl. fulltr. Alþýðufl.(malbikun Bræðraborgarstígs)
Felld með 9:7 atkv.
VIII.5D-X.13 Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. fjárhagsnefndar við X.14 (leikskóli)
samþ. með 9:4 atkv.
X.15-XI.1o Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. fulltr. Alþ. fl. við XI. (Alþýðubókasafnshús)
Felld með 9:4 atkv.
XI.11 Samþykkt með samhlj. atkv.
Brtl. fulltr. Alþýðufl. við XI(til barnahækissjóðs)
Felld með 6:6 atkv.
XI.12 Samþ. með 7:5 atkv.
XI.13-15 Samþ. með samhlj. atkv.
XI.16 Samþ. með 9:2 atkv.
Brtl. frá fulltr. Alþýðufl. við XI
(til atvinnubóta kr. 100.000.oo)
Felld með 9:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Guðrún Jónasson |
| Ólafur Friðriksson | Hallgr. Benediktsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ásbjörnsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Jón Ólafsson |
| Þórður Sveinsson | Magnús Kjaran |
| | Pétur Halldórsson |
| | Theódór Líndal |

Varabreytingartl. við sama lið(75.000.oo) var einnig felld með 9:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og féllu atkv. á sama hátt og við aðalbrtl.
Brtl. fulltr. Al.þfl. við XI. (skrifstofuhúsbygging)
Felld með 10:6 atkv. en brtl. Theódórs Líndals og Jóns Ásbjörnssonar við þessa brtl. (framlag til væntanlegs ráðhúss kr. 50.000.oo) var samþ. með kO:3 atkv.
Brtl. fulltr. Alþ.fl. við XI.17(óviss gjöld)
Felld með 9:6 atkv.
XI.17. Liðurinn óbreyttur samþ. með 9:1 atkv.
Brtl. fjárhagsnefndar við XII(rekstrarhalli)
Samþ. með 10:1 atkv.
XIII.1-5. Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. minni hauta fjárhagsnefndar við XIII.
(Styrkur til gistihúss Hjálpræðishersins)
Samþ. með samhlj. atkv.
XIII.6-9. Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. fjárhagsnefndar við XIII(Fararstyrkur söngsveitar til K.hafnar) Samþ. með shlj. atkv.
XIII.10 Samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. fulltr. Alþ.fl. (við XIII.til byggingar Ungmennaskóla kr. 60.000.-) Felld með 10:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Guðrún Jónasson |
| Ólafur Friðriksson | Hallgrímur Benediktsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ásbjörnsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Jón Ólafsson |
| | Magnús Kjaran |
| | Pétur Halldórsson |
| | Theódór Líndal |
| | Þórður Sveinsson. |

Brtl. fulltr. Alþ.fl. við XIII.11.(burtfelling liðsins) Felld með 10:6 atkv.

XIII.11. Liðurinn samþ. með 10:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Haraldur Guðmundsson |
| Guðrún Jónasson | Kjartan Ólafsson |
| Hallgrímur Benediktsson | Ólafur Friðriksson |
| Jón Ásbjörnsson | Sigurður Jónasson |
| Magnús Kjaran | Stefán Jóh. Stefánsson |
| Pétur Halldórsson | |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson. | |

Brtl. Ólafs Friðrikssonar við XIII. (utanfararstyrkur Hallgríms Jónssonar) Samþ. með shlj. atkv.

Brtl. Stefáns Jóh. Stefánssonar(bæjarleiðarvísir) við XIII. Samþ. með 8:2 atkv.

XIV.-XV Samþ. með samhlj. atkv.

Gjaldalið frumvarpsins með áorðnum breytingum samþ. með samhlj. atkv.

Liðatölur samlv. atkvæðagreiðslunni.

Áætlun Vatnsveitunnar samþ. með shlj. atkv.

Áætlun Gasstöðvarinnar samþ. með samhlj. atkv.

Brtl. Sigurðar Jónassonar við 1. tekjul. í áætlunarfrumvarpi Rafmagnsveitunnar var felld með 10:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Guðrún Jónasson |
| Ólafur Friðriksson | Hallgrímur Benediktsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ásbjörnsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Jón Ólafsson |
| | Magnús Kjaran |
| | Pétur Halldórsson |
| | Theódór Líndal |
| | Þórður Sveinsson |

Liðurinn var síðan samþykktur óbreyttur.

2.-4. Samþ. með samhlj. atkv.

Brtl. Sigurðar Jónassonar við 5. tekjulið (hemlaverð) felld með 10:6 atkv. og liðurinn síðan samþykktur óbreyttur með 10:3 atkv.

6-9. Samþ. með samhlj. atkv.

1.-3. gjaldaliðir samþ. með samhlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brtl. Sigurðar Jónassonar við 4. gjaldalið
(viðhald og breytingar) felld með 10:4 atkv.
4. gjaldaliður síðan samþykktur óbreyttur með
samhljóða atkv.
5.-8. gjaldaliðir (útað og með ("Hækkun á Árbæjarstíflu")
Samþykkt með samhlj. atkv.
Brtl. Sigurðar Jónassonar við,8. gjaldalið
(íbúðarhús við Elliðaárnar) var felld með
7:6 atkv. og þessi hluti gjaldaliðsins síðan
samþykktur óbreyttur með samhljóða atkv.
9. gjaldaliður samþykktur með samhlj. atkv.

Áætlun rafmagnsveitunnar í heild samþykkt með
samhljóða atkv.

Frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld bæjarsjóðs 1929 í heild með áorðnum breytingum var síðan samþykkt með 10:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Haraldur Guðmundsson |
| Guðrún Jónasson | Kjartan Ólafsson |
| Hallgrímur Benediktsson | Ólafur Friðriksson |
| Jón Ásbjörnsson | Sigurður Jónasson |
| Jón Ólafsson | Stefán Jóhann Stefánsson |
| Pétur Halldórsson | |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson. | |

Þá,var gengið til atkvæða um tillögur þær er fram höfðu komið í sambandi við áætlunarfrumvarpið.

Fyrri hluti viðaukatillögu Theódórs Líndals útaf orðunum: "fram til 1918" var samþykkt með samhlj. atkv.

Viðbótartill. Stefáns Jóh. Stefánssonar og fl. við tillögu Theódórs Líndals felld með 8:6 atkv.

Síðari hluti/till. viðauka Theódórs Líndals var síðan samþ. með samhlj. atkvæðum.

Dagskrártillaga Péturs Halldórssonar útaf tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar og fl. viðvíkjandi ráðstöfun borgarstjóra á fasteignum bæjarins var samþ. með 9:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Guðmundur Ásbjörnsson | Ágúst Jósefsson |
| Guðrún Jónasson | Haraldur Guðmundsson |
| Hallgrímur Benediktsson | Kjartan Ólafsson |
| Jón Ásbjörnsson | Ólafur Friðriksson |
| Jón Ólafsson | Sigurður Jónasson |
| Magnús Kjaran | Stefán Jóh. Stefánsson |
| Pétur Halldórsson | |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson | |

Borgarstjóri greiddi ekki atkvæði.

Dagsskrártillaga Péturs Halldórssonar útaf tillögu fulltr. Alþýðufl. viðvíkjandi endurskoðun launasamþykktarinnar samþ. með 9:6 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga fulltr. Alþ.fl. um framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar var felld með 8:6 atkv. en tillaga Péturs Halldórssonar í sambandi við þessa tillögu (um reikningsjöfnuð handa bæjarfulltrúum) samþ. með shlj atkvlðum.

V. Fundargerð byggingarnefndar frá 17. nób. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. des. lögð fram. Útaf VII. lið bar Jón Ásbjörnsson fram svohljóðandi breytingartillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir fyrir sitt leyti það umbeðið leyfi verði veitt."
1.-6. liður fundargerðarinnar samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. við 7. lið var felld með 8:8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Hallgrímur Benediktsson | Borgarstjóri |
| Jón Ásbjörnsson | Ágúst Jósefsson |
| Jón Ólafsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Magnús Kjaran | Guðrún Jónasson |
| Pétur Halldórsson | Haraldur Guðmundsson |
| Sigurður Jónasson | Kjartan Ólafsson |
| Theódór Líndal | Ólafur Friðriksson |
| Þórður Sveinsson | Stefán Jóh. Stefánsson. |

7-11. liður samþ. með samhlj. atkv. og fundargerðin í heild síðan samþ. með samhlj. atkv.

VII. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. des. lögð fram.
Í sambandi við fundargerðina bar Magnús Kjaran fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að láta gera uppdrátt og kostnaðaráætlun um fullkomið náðhús og rannsaka hvar því væri heppilegast fyrirkomið nálægt miðbænum ofan eða neðanjarðar."
Ennfremur bar sami bæjarfulltrúi fram svohljóðandi breytingartillögu við 10. lið:
"Á eftir orðunum: "Verði leigt landið" komi:
"Þó með því skilyrði að ekki verði byggt á landinu sjálfu, heldur norðan vegarins og láti bærinn þar land undir húsið."
Útaf 3. lið báru Haraldur Guðmundsson og Kjartan Ólafsson fram svohljóðandi ~~tillögu~~ breytingartillögur:
"Leggjum til að leigutími Sigmundar Þorsteinssonar og Guðríðar Jónsdóttur verði ákveðinn 10 ár."
1.-2. liður fundargerðarinnar var samþ. með samhljóða atkvæðum.
Brtl við 3. lið var samþ. með 8:3 atkv.
3. liður svo breyttur samþ. með samhljóða atkvæðum.
4.-9. liður samþ. með samhlj. atkv.
Brtl. við 10. lið var samþ. með 8:3 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. liður með áorðinnibreytingum samþ. með 8:2 atkv.
Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum síðan samþ. með samhlj. atkv.
Tillaga Magnúsar Kjaran (um ráðhús) samþ. með samhlj. atkv.

VIII. Fundargjörð fátækranefndar frá 22. nóv. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 23. nóv. lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

x. Fundargerð hafnarnefndar frá 3. des. lögð fram.

XI. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 3. des. lögð fram.

Hér var dagskrá lokið, en þá var Ólafi Friðrikssyni með samhlj. atkv. leyft að hreyfa máli utan dagskrár. Bar hann þá fram svohæjóðandi tillögu.

"Bæjarstjórnin ~~samþykkur~~ ákveður að breyta lögreglusamþykkt borgarinnar þannig, að í 75. gr. komi á eftir orðunum:
"Allir veitingarstaðir í upphafi greinarinnar greinarinnar orðin: "og almennar Billiardstofur."

Tillagan var samþykkt með samhljóða atkvæðum.

Tillaga um að fresta upplestri gerðabókarinnar til næsta fundar var samþ. með samhljóða atkvæðum.

Magnús Kjaran fór með leyfi fundarstjóra af fundi kl. 4½.

Fundi slitoð kl. 5 f.h. hinn 7. des.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Pátur Halldórsson.
Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson.
Stefán Jóh. Stefánsson. Sigurður Jónasson.
Jón Ásbjörnsson. Magnús Kjaran. Guðrún Jónasson.
Jón Ólafsson. Þórður Sveinsson. Hallgr. Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, fimmtudaginn 20. desember var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fundurinn var settur kl. 5 síðdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra þessir bljardulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Jónasson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Ólafur Friðriksson kom kl. 5½, en Haraldur Guðmundsson var fjarverandi úr bænum .

Þetta gerðist á fundinum:
Áður en gengið var til dagskrár var fundargerð gerð síðasta fundar lesin upp, staðfest og ~~lesin upp~~ undirskrifuð.

Þá var gengið til

D a g s k r á:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | brvnr: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Einars Péturssonar nr.59 við Hverfisgötu, | 2462 | 133236.oo |
| 2. | Hús Einars Jónssonar nr. 69 við Njálsgötu | 2522 | 9953.oo |
| 3. | Hús Hannesar Friðsteinssonar nr. 4 við Lokastíg | 1716 | 29514.oo |
| 4. | Hús Sigurðar Hallgrímssonar nr.8 c við Njálsgötu | 2532 | 33196.oo |
| 5. | Hús Ágústs Pálssonar, nr. 4 við Þvergötu | 2531 | 10995.oo |
| 6. | Hús Guðmundar Þorleifssonar og Filippusar Guðmundssonar nr. 19 við Þórsgötu | 1732 | 97261.oo |
| 7. | Hús Páls Þorvaldssonar, nr 27 við Þórsgötu | 1684 | 1778.oo |
| 8. | Hús Jakobs Bjarnasonar, nr. 29 við Þórsgötu | 1911 | 8853.oo |
| 9. | Hús Jóns Þ. Benediktssonar, nr. 66 við Skólavörðustíg | 1790 | 1323.oo |
| 10. | Hús Hrefnu Sigurgeirsdóttur, nr. 56 við Bræðraborgarstíg | 2534 | 47614 |
| 11. | Hús Júlíönu Sveinsdóttur, nr.72 við Bergstaðastræti | 2505 | 16161.- |
| 12. | Hús Bergs Einarssonar, nr.7 B við Vatnsstíg | 1246 | 8416.oo |
| 13. | Hús Guðmundar Hannessonar, nr. 12 við Hverfisgötu | 1243 | 8635.oo |
| 14. | Hús Bjarna Guðmundssonar, nr. 9 við Hallveigarstíg | 2485 | 58217.oo |
| 15. | Hús Vilhjálms Árnasonar og frú Halldóru Briem , nr. 1B við Lindargötu | 639 | 30332.uu |
| 16. | Hús Erlendar Guðmundssonar, nr. 4 við Garðastræti | 433 | 12748.oo |
| 17. | Hús Bjarna og Kristins Stefánssona, blikksmiðja Nýlendugötu | 1249 | 3810.oo |
| 18. | Hús Jóhanns Björnssonar, nr.16 B við Framnesveg | 2464 | 38170.oo |
| 19. | Hús Jónasar Guðmundssonar, nr. 11A við Framnesveg | 2051 | 1953.oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 20. Hús Þorbjörns Guðmundssonar nr. 16 við Framnesveg | 2571 | 31606.00 |
| 21. Hús Valdimars Jónssonar, nr. 15 við Brekkustíg | 1967 | 2399.00 |
| 22. Hús Gríms Sigurðssonar nr. 42 við Framnesveg | 1898 | 21326.00 |
| 23. Hús Stefáns Þorlákssonar, nr.33 við Sólvallagötu | 2518 | 20610.00 |
| 24. Hús Guðbjargar Bergþórsdóttur nr. 29 við Öldugötu | 2480 | 67460.00 |
| 25. Hús Haraldar Pálssonar og Sigríðar Lúðvígsdóttur nr. 21 við Sólvallagötu | 2454 | 44877.00 |
| 26. Hús Sigurðar Þórólfssonar, Ásvallagötu 22 | 2498 | 24761.00 |
| 27. Hús Kristjáns Hanssonar. Ásvallagata 19 | 2506 | 33350.00 |
| 28. Hús Hildar Björnsdóttur, Ljósvallagata 12 | 2492 | 47803.00 |
| 29. Hús Guðjóns Sæmundssonar, Tjarnargötu 10 | 2533 | 56367.00 |
| 30. Hús Viggós og Haraldar Jóhannessona, Jófríðarstöðum við Kaplaskjólsveg | 2292 | 7003.00 |
| 31. Hús Arnkels Ingimundarsonar, við Þrastargötu | 2196 | 7706.00 |
| 32. Hús Þórunnar Stefánsdóttur nr. 2 við Ásvallagötu | 2473 | 39130.00 |
| 33. Hús Ögmundar Guðmundssonar, nr. 23 við Barónsstíg | 2500 | 26170.00 |
| 34. Hús Magnúsar Th. S Blöndahl h.f. nr. 4b við Vonarstræti | 1515 | 31752.00 |
| 35. Hús Guðmundar Jónssonar, nr. 21 við Ljósvallagötu | 2333 | 19557.00 |
| 36. Hús Sveins Þórðarsonar við Laugaveg | 2510 | 6665.00 |
| 37. Hús Þorkelínu Guðmundsdóttur, nr. 24 A við Óðinsgötu | 1941 | 50984.00 |
| 38. Hús Magnúsar Th. S. Blöndahl nr. 6 B.við Lækjargötu | 34 | 62782.00 |
| 39. Hús Ármanns Jóhannssonar, nr. 6 við Bakkastíg | 1873 | 33955.00. |

II. Fundargerð byggingarnefndar 15. desember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. desember lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar 13. og 14. desember lögð fram.
5. liður fundargerðarinnar frá 14. desember borin undir atkvæði og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. desember lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 18. desember Lögð fram.
Fundarhlé til kvöldverðar var ákveðið frá kl. 8 - 9.30.
Kl. 9.40 var fundurinn settur á ný, voru þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mættir , auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgr. Benediktsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson, en litlu síðar komu þeir Ólafur Friðrikss., og Kjartan Ólafsson. - Kl. 9.40 komu Sigurður Jónasson og Theódór Líndal.

Þá var gengið til atkvæða um tillögur þær, sem felast í fundargerðinni:

1. liður samþ. með shlj. atkv.
2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. liður: Tillaga Stefáns Jóhanns Stefánssonar felld með 8:2 atkv.. Tillaga minni hæuta fjárhagsnefndar samþ. með samhlj. atkv.

Lýsti forseti þá yfir því að tillaga borgarstjóra kæmi ekki til greina.

VII. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. desember lögð og samþ. með 7:3 atkv. (báðir liðir bornir upp í einu lagi).

VIII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 15. desember lögð fram.

IX. Fundargerð rafmagnsnefndar frá 19. desember lögð fram. Samþ. að fundurinn hér frá færi fram fyrir luktum dyrum.
Í sambandi við fundargerðina lagði borgarstjóri fram bréf frá Magnúsi Jónssyni prófessor juris til rafmagnsstjórnarinnar, dagsett 20. desember þ.á. um tilboð af hálfu prófessorsins á sölu á vatnsréttindum í ofanverðu Soginu.

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi til' lögu í málinu:

"Bæjarstjórnin frestar fyrri umræðu um ályktun um kaup á vatnsréttindum Magnúsar, prófessors Jónssonar í efri hæuta Sogsins og vísar gagntilboði hans til rafmagnsstjórnar til athugunar."

Tillagan samþ. með samhljóða atkvæðum.

X. Útsvarsmál.

1. Hjörtur Þorkelsson: Útsvarið 1927 og 1928 óbreytt.
2. Oddur Bjarnason, Vg. 15. Útsvarsskuld kr. 1475.oo felld niður.
3. Jón A. Einarsson, Þingh. 24, kr. 350.oo af útsvarsskuld fellur niður, gegn greiðslu á eftirstöðvunum kr. 100.oo.
4. Ermenrekur Jónsson, trésm. Beiðni hans ekki tekin til greina.
5. Friðfinnur Kjærnested: Beiðni hans ekki tekin til greina.

Ólafur Friðriksson fór með leyfi forseta af fundi kl. 11.

Gerðabók lesin upp og staðfest.

Fundi slitið kl. 11.15 síðd.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. H.Benediktsson. Pétur Halldórsson. Sigurðyr Jónasson. Ágúst Jósesson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóhann Stefánsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson. Jón Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Æ T L U N
um tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur árið 1929.

| | Tekjur: | | | Kr.: |
|---|---|---|---|---|
| I. | Eftirstöðvar frá fyrra ári | | | 300000.00 |
| II. | Fasteignagjald: | | Kr.: | |
| | 1. Húsagjald | | 270.000.00 | |
| | 2. Lóðagjald | | 60.000.00 | 330000.00 |
| III. | Tekjur af fsteignum kaupstaðarins: | | | |
| | 1. Afgjald af jörðum | | 4000.00 | |
| | 2. Leiga af erfðafestulöndum | | 12500.00 | |
| | 3. Leiga af húsum túnum og lóðum | | 90000.pp | |
| | 4. leiga af lóðum til íbúðarhúsabygginga | | 7500.00 | |
| | 5. Hagatollur | | 800.00 | |
| | 6. Gjald fyrir ístöku á tjörninni (1 kr. fyrir hvern m3) | | 6000.00 | 120800.00 |
| IV. | Sala á fasteignum: | | | |
| | 1. Tekjur af lóðasölu | | 5000.00 | |
| | 2. Tekjur af seldum erfðafestul. | | 2000.00 | 7000.00 |
| V. | Tekjur af ýmiskonar starfrækslu: | | | |
| | 1. Hesthús | | 25000.00 | |
| | 2. Bifreiðar | | 35000.00 | |
| | 3. Endurgreidd vinnulaun o.fl. | | 7000.00 | |
| | 4. Grjótnám | | 115000.00 | |
| | 5. Sandtaka | | 40000.00 | |
| | 6. Smiðja | | 9500.00 | |
| | 7. Trésmíðastofa | | 18500.00 | |
| | 8. Efnissala | | 15000.00 | 265000.00 |
| VI. | Endurgreiddur fátækrastyrkur: | | | |
| | 1. Frá innansveitarmönnum: | | | |
| | a. Framfærzlustyrkur | 8000.00 | | |
| | b. Meðlög frá barnsf. | 3000.00 | 11000.00 | |
| | 2. fyrir utansveitarmenn: | | | |
| | a. Framfærslustyrkur | 72000.00 | | |
| | b. Meðlög frá barnsfeðrum | 27000.00 | 99000.00 | |
| | 3. Útfararkostnaður | | 1000.00 | |
| | 4. Lögflutningskostnaður | 500.00 | 111500.00 | 111500.00 |
| VII. | Endurgreiddur sjúkrastyrkur frá öðrum sveitum | | | 10000.00 |
| VIII. | Ýmsar tekjur: | | | |
| | 1. Tekjur af byggingarsamþ. | | 7000.00 | |
| | 2. Skólagjöld | | 3000.00 | |
| | 3. Hundaskattur | | 50.00 | |
| | 4. Gjald fyrir bezíngeyma | | 400.00 | |
| | 5. Sundkennslust. úr ríkissjóði | | 300.00 | |
| | 6. Styrkur úr ríkisj. til spítalahalds | | 1500.00 | |
| | 7. Tekjur af baðhúsi | | 1100.00 | |
| | 8. Dráttarvextir | | 20000.00 | |
| | 9. Óvissar tekjur | | 10000.00 | 53250.00 |
| IX. | Lán | | | 996750.00 |
| X. | Útsvör: | | | |
| | 1. Niðurjöfnumn eftir efnum og ástæðum auk 5-10% umfram | | 1637593.88 | |
| | 2. Hlutdeild í útsvörum í öðrum sveitum | 5000.00 | | |
| | að frádr. hluta annara sveitarfél. í útsv. í Reykjavík | 3000.00 | 2000.00 | |
| | 3. Skattur samvinnufél. og annara skv. sérst. lögum. | | 20000.00 | 1659593.88 |
| | | | Samtals kr. | 3853893.88 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. Stjórn kaupstaðarins: | | | |
| 1. Kostnaður við bæjarstjórn nefndir o.fl. | | Kr.: 30000.oo | |
| 2. Skrifstofa borgarstjóra: | | | |
| a. Laun borgarstjóra 12000 + d.4800 = | 16800.- | | |
| b. Laun stafsmanna | 20200.- | | |
| c. Aukavinna | 2000.- | | |
| d. Ýmisleg gjöld | 2500.- | 41500.oo | |
| 3. Skrifstofa bæjargjaldkera: | | | |
| a. Laun bæjargjaldkera 6000 + d.1800 | 7800.- | | |
| b. Laun starfsmanna | 9380.- | | |
| c. Aukavinna | 1500.- | | |
| d. Mistalningarfé | 1000.- | | |
| e. Kostnaður v. innh. | 12000. | | |
| f. Önnur gjöld | 2000.- | 33680.oo | |
| 4. Skrifstofa bæjarv.fr. og lóðarskrárritara: | | | |
| a. Laun bæjarverkfr. og lóðarskrárritara | 9000.- | | |
| b. Laun byggingarfulltrúa 5000 + d.1800 | 6800.- | | |
| c. Aðstoð við skrásetn. lóða, mat o.fl. | 16000.- | | |
| e. Ýms gjöld | 3000.- | 36300.oo | |
| 5. Húsaleiga, ræsting, hiti og ljós á skrifstofum bæjarins | | 17000.oo | |
| 6. Talsímar á skrifstofum bæjarins | | 900.oo | 159380.oo |
| II. Löggæzla: | | | |
| 1. Laun yfirlögregluþjóns 3800 + d. 1520 | 5320.- | | |
| 2. Laun 14 lögregluþjóna | 56000.- | 61320.oo | |
| 3. Fatnaður handa lögregluþjónum | | 10000.oo | |
| 4. Ýms gjöld lögreglunnar | | 12000.oo | 83320.oo |
| III. Heilbrigðisráðstafanir: | | | |
| 1. Laun heilbrigðisfulltrúa 3500 + d. 1400 | | 4900.oo | |
| 2. Einkennisbúningur handa heilbrigðisfulltrúa | | 600.oo | |
| 3. Laun 3 ljósmæðra 3000+d.1200 | | 4200.oo | |
| 4. Farsóttahús | | 30000.oo | |
| 5. Sjúkrabifreið | | 1000.oo | |
| 6. Baðhúsið: | | | |
| a. Kaup starsfólks | 4600.- | | |
| b. Hiti og ljós | 3500.o | | |
| c. Sápa, ræsting og þvol | 3500.- | | |
| d. Ýms gjöld | 1000.- | 11600.- | |
| 7. Náðhús | | 8000.oo | |
| 8. Bifreið til götuþvotta | | 20000.oo | |
| 9. Til þrifnaðar, snjómokstur o.fl. | | 48000.oo | |
| 10. Salernahreinsun | | 26000.oo | |
| 11. Sorphreinsun | | 50000.oo | |
| 12. Kostnaður við hunda | | 300.oo | |
| 13. Rottueitrun | | 10000.oo | |
| 14. Ýmisleg gjöld | | 5000.oo | 219600.oo |
| | | Flyt kr. | 462300.oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | Kr.: |
|---|---|---|---|
| | | Flutt | 462300.00 |
| IV. Fasteignir: | | | |
| 1. Viðhald og endurbætur | | 55000.00 | |
| 2. Varsla kaupstaðarlandsins | | 600.00 | |
| 3. Skattar og gjöld af fasteign | | 15000.00 | |
| 4. Til mælinga á landi bæjarins utan Hringbr. og undirbúningsræktun | | 20000.00 | |
| 5. Kaup á frakknesku húsunum | | 120000.00 | |
| 6. Til sundhallar | | 150000.00 | |
| 7. Hitaveita úr laugunum | | 150000.00 | 510600.00 |
| V. Ýmiskonar starfræksla: | | | |
| 1. Hesthús | | 25000.00 | |
| 2. Bifreiðar | | 32000.00 | |
| 3. Vinna fyrir húseigendur ofl. | | 7000.00 | |
| 4. Grjótnám | | 130000.00 | |
| 5. Sandtaka | | 40000.00 | |
| 6. Smiðja | | 9500.00 | |
| 7. Trésmíðastofa | | 18500.00 | |
| 8. Efniskaup | | 15000.00 | |
| 9. Til áhalda | | 3000.00 | 283000.00 |
| VI. Fátækraframfæri: | | | |
| 1. Til innansveitarmanna: | | | |
| a. Ómagar yngri en 16 ára | 5000.- | | |
| b. Þurfam. eldri en 16- | 400000.- | | |
| Bæjarstjórnin leggur áherzlu á, að vinnufærum styrkþurfum verði veitt vinna í stað sveitarstyrks. | | | |
| c. Meðlag barnsfeðra með óskilgetnum börnum | 35000.- | | |
| d. Fátækralæknar | 1800.- | | |
| e. Útfararkostnaður | 7000.- | | |
| f. Fátækramötuneytið | 1000.- | | |
| g. Fátækrafulltrúar | 8040.- | | |
| h. Önnur gjöld | 14000.- | 461840.00 | |
| 2. Til þurfamanna annara sveita: | | | |
| a. Útlagður styrkur | 100000.- | | |
| b. Meðlög barnsfeðra með óskilgetnum börnum | 27000.- | | |
| c. Lögflutningur | 1000.- | 128000.00 | 589840.00 |
| VII. Sjúkrastyrkur o.fl.: | | | |
| 1. Berklavarnir | | 52000.00 | |
| 2. Sjúkrahúskostnaður: | | | |
| a. Til innansveitarm. | 35000.- | | |
| b. - utansveitarm. | 10000.- | 45000.00 | |
| 3. Styrkur til Elliheimilisins Grund | | 4000.00 | |
| 4. Styrkur til hjúkr.fél.Rvík. | | 2000.00 | |
| 5. Styrkur til berklavarnar st. Líknar | | 4000.00 | |
| 6. Styrkur til hjúkr.fél. Líkn | | 4000.00 | |
| Flyt kr. | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr.: | Kr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| Flutt kr. | | | |
| 7. Styrkur til ungbarnaverndar Líknar | | 4000.00 | |
| 8. Styrkur til Sjúkrasamlags Reykjavíkur 7 kr. fyrir hvern hlutt. samlm. áætl. | | 15000.00 | |
| 9. Til styrktarsjóðs verkam. og sjómanna í Reykjavík | | 3500.00 | |
| Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að skipulagsskrá sjóðsins verði breytt þannig, að allir verkamenn og sjómenn í Rvík. hafi skilyrðisl. jafnan rétt til styrks úr sjóðum, enda kjósi bæjarstjórnin einn mann í stjórn sjóðsins. | | | |
| 10. Styrkur til barnaheim. Vorblómið | | 1200.00 | 134700.00 |
| **VIII. Til gatna:** | | | |
| 1. Götulýsing | | 25000.00 | |
| 2. Viðhald gatna og ræsa | | 60000.00 | |
| 3. Holræsi í Berþ.g., Hringb. og Fríkirkjuveg | | 16000.00 | |
| 4. Lóðakaup til br. á Fríkirkjuvegi og Skálholtsstíg allt að | | 6000.00 | |
| 5. Malbikun: | | | |
| a. Laugavegur | 30000.- | | |
| b. Barónsstígur | 26000.- | | |
| c. Kalkofnsvegur | 15000.- | | |
| d. Túngata | 60000.- | | |
| e. Tryggva auk 4 þús. kr. frá hafnarsj. | 10000.00 | 141000.00 | |
| 6. Nýjar götur: | | | |
| a. Grettisgata við Hringbraut | 11000.- | | |
| b. Seljavegur og Holtsgata | 17000.- | | |
| c. Bergstaðastr. að Barónsstíg | 23000.- | | |
| d. Ónefnd gata fyrir ofan Berg.aust. Njarðargötu | 34000.- | 85000.00 | 343000.00 |
| **IX. Ráðstafanir til tryggingar gegn eldsvoða:** | | | |
| 1. Laun slökkviliðsstjóra, varaslökkviliðsstj. og varðliðs | 34000.- | | |
| 2. Laun aðalslökkviliðs | 9000.- | | |
| 3. Viðhald slökkvitóla | 7000.- | | |
| 4. Fatnaður varðliðs | 3000.- | | |
| 5. Sóthrinsun og eldfæraeftirlit | 23000.- | | |
| 6. Ýms gjöld | 3000.- | | 79000.00 |
| **X. Barnaskólinn:** | | | |
| 1. Laun kennara | | 73500.00 | |
| 2. Heilbrigðiseftirl. og tannl. | | 11500.00 | |
| 3. Starfræksla baðhúss | | 2500.00 | |
| 4. Laun dyrav. 2800 + d.1120 | | 3920.00 | |
| 5. Hiti og ljós | | 9000.00 | |
| Flyt kr. | | 100420.00 | 2402440.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr.: | Kr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| Flutt | | 100420.oo | 2402440.00 |
| 6. Ræsting | | 7000.oo | |
| 7. Skólaeldhús | | 2500.oo | |
| 8. Til áhaldakaupa | | 1500.oo | |
| 9. Bókasafn kennaranna | | 500.oo | |
| 10. Matargjafir | | 4500.oo | |
| 11. Viðhald á húsi og lóð | | 8000.oo | |
| 12. Kennsluhúsrúm utan skólans | | 8000.oo | |
| 13. Til sumarskóla | | 800.oo | |
| 14. Ýms gjöld | | 7000.oo | |
| 15. Nýr barnaskóli | | 400000.oo | |
| XI. Ýmisleg gjöld: | | | |
| 1. Eftirlaun og ellistyrkur | | 8000.oo | |
| 2. Aukadýrtíðaruppbót | | 5000.oo | |
| 3. Slysatrygging | | 6000.oo | |
| 4. Manntalskostnaður | | 5000.oo | |
| 5. Leikvellir handa börnum | | 3000.oo | |
| 6. Skemmtigarðar | | 18000.oo | |
| 7. Viðhæld og umsjón þvottal. | | 5000.oo | |
| 8. Viðhald á sundlauginni | | 6000.oo | |
| 9. Kostnaður við verkam. skýli | | 4000.oo | |
| 10. Til alþýðubókasafns | | 17000.oo | |
| 11. Bjargráðsgjald | | 6500. o | |
| 12. Risna | | 1000.oo | |
| 13. Til skógræktar við tjörnina | | 300.00 | |
| 14. Skautasvell | | 1000.oo | |
| 15. Skipulag bæjarins | | 2000.oo | |
| 16. Adremavél | | 17000.oo | |
| 17. Framlag til væntanlegs ráðhúss | | 50000.- | |
| 18. Óviss útgjöld | | 30000.oo | 184800.oo |
| XII. Tekjuhalli á reikningi bæjarsj. árið 1927 | | | 433.88 |
| XIII. Ýmsir styrkir: | | | |
| 1 Til kvennaskóla Rvíkur | | 500.oo | |
| 2. Til Iðnskólans | | 2000.oo | |
| 3. Til lesstofu handa börnum | | 1000.oo | |
| 4. Til skólans í Bergst.str. 3 | | 2500.oo | |
| 5. Til Hjálpræðishers að halda uppi gistihúsi | | 1000.oo | |
| 6. Til Hjálpræðishersins til stækkunar á gistihúsi. helmingur af 10 þús. kr. styrk | | 5000.oo | |
| 7. Til Leikfélags Reykjavíkur Styrkurinn er því skilyrði bundinn, að aðgöngumiðar að hverjum sjónleik verði að minnsta kosti í tvö skipti seldir við hálfu verði. | | 6000.oo | |
| 8. Til Lúðrasveitar Reykjavíkur gegn því að sveitin leiki úti fyrir alm. eigi sjaldnar en 15 sinnum á árinu | | 3000.oo | |
| 9. Til Páls Ísólfssonar til eflingar hljómlistalífi í bænum | | 5000.oo | |

Flyt kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr.: | Kr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| Flutt: | | | |
| 10. Til Hljómsveitar Rvíkur | 2000.oo | | |
| 11. Fararstyrkur 50 manna söngsveitar til Kaupmannahafnar | 3500.oo | | |
| 12. Til ungmennaskóla Reykjavíkur | 5000.oo | | |
| 13. Til Gagnfræðaskóla Reykjavíkur | 5000.oo | | |
| 14. Utanfararstyrkur til Hallgr. Jónssonar kennara | 1000.oo | | |
| 15. Styrkur til útgáfu bæjarl. vísis | 1000.oo | | 43500.oo |
| XIV. Lán: | | | |
| 1. Afborganir af lánum | | 180000.oo | |
| 2. Vextir af lánum | | 160000.oo | |
| 3. Kostnaður við lántöku | | 42500.oo | 382500.oo |
| XV. Eftirstöðvar til næsta árs | | | 300000.oo |
| | | Samtals | 3853893.88 |

## Vatnsveitan:

### Tekjur:

| | |
|---|---|
| 1. Vatnsskattur | 140000.oo |
| 2. Vatnssala til skipa | 20000.oo |
| 3. Vextir af inneign | 3000.oo |
| | 163000.oo |
| 4. Notað af inneign vatnsveitunnar | 25000.oo |
| | 188000.oo |

### Gjöld:

| | |
|---|---|
| 1. Afborganir | 30000.oo |
| 2. Vextir | 32000.oo |
| 3. Gengismunur | 14000.oo |
| 4. Innheimta + reikningshald | 5000.oo |
| 5. Reksturskostnaður | 25000.oo |
| 6. Aukning vatnsveitunnar | 82000.oo |
| Kr. | 188000.oo |

## Gasstöðin :

### Tekjur:

| | |
|---|---|
| 1. Selt gas 500000 kúb.m. á o.35 | 175000.oo |
| 2. Koks | 23800.oo |
| 3. Tjara | 8000.oo |
| 4. Gasmælaleiga | 7500.oo |
| Kr. | 214300.oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Kol 1700 smálestir | 61200.oo |
| 2. | Kaup starfsfólks | 45000.oo |
| 3. | Laun gasstöðvarstjóra | 6000.oo |
| 4. | Vextir ~~23~~ | 23000.oo |
| 5. | Vátryggingar | 1500.oo |
| 6. | Skattar | 1000.oo |
| 7. | Kostnaður | 2000.oo |
| 8. | Viðgerðir og efni í nýja ofninn | 35000.oo |
| 9. | Hreinsiefni | 1500.oo |
| 10. | Innlagningar | 7000.oo |
| 11. | Gasnotkun og rafmagnsnotkun | 900.oo |
| 12. | Afborganir af lánum | 28000.oo |
| 13. | Ágóði | 2200.oo |
| | Kr. | 214300.oo |

Rafmagnsveitan:
Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Til ljósa um mæli 620000 kwst. á 55 aura | 341000.oo |
| 2. | Til suðu og hitunar um mæli 260000 kwst. á 19 aura meðalverð | 49400.oo |
| 3. | Sumarrafmagn um mæli 250000 kwst. á 12 aur | 30000.oo |
| 4. | Til véla um mæki 415000 kwst. á á 18 aura | 74700.oo |
| 5. | Til ljósa suðu og hitunar um hemla 300 kwár á 660 kr. | 198000.oo |
| 6. | Fyrir götulýsingu | 35000.oo |
| 7. | Heimtaugagjald | 25000.oo |
| 8. | Mælaleiga | 25000.oo |
| 9. | Ýmsar tekjur | 4900.oo |
| | Samtals kr. | 783000.oo |

Gjöld :

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1. Skrifstofa:** | | | |
| Laun rafmagnsstjóra | 6050.oo | | |
| - bókhaldara | 5750.oo | | |
| - aðstoðarmanna | 15000.oo | 26200.oo | |
| - innheimtumanna | | 23000.oo | |
| Húsaleiga | | 6000.oo | |
| Önnur gjöld | | 9800.oo | 65000.oo |
| **2. Stöðvargæzla:** | | | |
| Laun vélamanna | | 19000.oo | |
| Árvarzla | | 6000.oo | |
| Önnur gjöld | | 9800.oo | 34000.oo |
| **3. Gæzla bæjarkerfisins:** | | | |
| Eftirlit með taugakerfi og húsveitum, laun starfsmanna | | 21000.oo | |
| Mælaeftirlit, laun starfsmanna | | 19000.oo | |
| Geymsluhúsið | | 3000.oo | |
| Önnur gjöld | | 7000.oo | 50000.oo |
| **4. Viðhald og breytingar:** | | | |
| Stöðin og árnar | | 45000.oo | |
| Taugakerfið | | 45000.oo | |
| Mælar og áhöld | | 10000.oo | 100000.oo |
| **5. Vextir:** | | | |
| Vextir af skuldum | | 175000.oo | |
| Vextir af vatns- veiðirj. | | 5000.oo | 180000.oo |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr.: | Kr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|---|
| | Flutt: | | | |
| 6. | Gengismunur : | | | |
| | Vextir | | 24000.00 | |
| | Afborganir | | 22000.00 | 46000.00 |
| 7. | Ýms úthjöld: | | | |
| | Vátryggingar og skattar | | 3500.00 | |
| | Rannsókn á Soginu | | 8500.00 | |
| | Rannsóknir jarðhita | | 32000.00 | |
| | Ýmislegt | | 3000.00 | 47000.00 |
| 8. | Viðbætur: | | | |
| | Heimtaugar | | 27000.00 | |
| | Mælar | | 16000.00 | |
| | Taugakerfi og stöðvar(taugin í Sogamýri o.fl.) | | 22000.00 | |
| | Hækkun á Árbæjarstíflu | | 35000.00 | |
| | Íbúðarhús við Elliðaárnar | | 45000.00 | 145000.00 |
| 9. | Afborgun af lánum | | : | |
| | Skuldabréfalán 1919 | | 100000.00 | |
| | Skuld við Ríkissjóð | | 5000.00 | |
| | Víxilskuldir | | 11000.00 | 116000.00 |
| | | Samtals kr. | | 783000.00 |

Þannig samþykkt í bæjarstjórn Reykjavíkur
6. desember 1928.

Borgarstjórinn í Reykjavík 8.des.1928.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 3. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.1o síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Ólafur Friðriksson kom kl. 5.45 og Theódór Líndal kl. 6.1o.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð fátækranefndar frá 27. des. lögð fram.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 28. des. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 31. des. lögð fram.

V. Fundargerð alþýðubókasafnsnefndar frá 28. des. lögð fram.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 2. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Löggilding mjólkurbúða (fundarg. heilbrigðisnefndar frá 29. des.). Tillögur nefndarinnar samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.

VIII. Önnur umræða um afhendingu Biskupsstofutúns (1. liður í fundargerð fasteignanefndar 18. des.). Tillaga nefndarinnar um afhendinguna samþ. með shlj. atkv.)

IX. Framhald fyrri umræðu um kaup á vatnsréttindum í Soginu. Var borið undir atkvæði hvort mál þetta skyldi rætt fyrir luktum dyrum og var það samþ. með 6:3 atkv.
Viku þá áheyrendur af fundarstað.
Við samningstilboðið við kaupin á vatnsréttindumum hafði rafmagnsstjórnin á fundi sínum 31. des. gert breytingatillögu í fimm liðum.

Jón Ólafsson bar nú fram svohljóðandi tillögu:

"Legg til að framgald á fyrri umræðu um kaup á vatnsréttindum í Soginu verði frestað til næsta fundar."

Við fundargerð rafmagnsstjórnar 31. des. bar borgarstjóri fram eftirfarandi breytingartillögur:

Við 1. lið:

Við bætist:
"Búsettum á Íslandi".

Við 2. lið:

Fyrir "20 janúar 1929 komi:
"28. febrúar 1929, enda sé þá fengið leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins og samningur undirskrifaður."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 4. lið:

Orðist þannig:

"Að Reykjavíkurbær greiði Magnúsi Jónssyni prófessor 5000 kr. uppí kaupverðið um leið og samningur er undirskrifaður."

Þá bar Theódór Líndal fram svofelldar tillögur:

"Bæjarstjórnin ákveður að fresta framhaldi fyrri umræðu um kaup á vatnsréttindum í Soginu til aukafundar, sem haldinn verði næstkomandi fimmtudag."

Að umræðunum loknum var gengið til atkvæða.

Jón Ólafsson tók aftur tillögu sína um frestun umræðunnar.

Tillaga Theódórs Líndal var samþ. með 7:6 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8 síðdegis.

K. Zimsen. Hallgrímur Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. Sigurður Jónasson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. H. Guðmundsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson. Magnús Kjaran. Guðrún Jónasson. Jón Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 10. janúar, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 10.lo árdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Theódór Líndal, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson, og Jón Ólafsson.

Sigurður Jónasson kom skömmu eftir fundarsetningu og Þórður Sveinsson kl. 10.2o.

Þetta gerðist á fundinum:

Framhald fyrri umræðu um kaup á vatnsréttindum í Soginu.

Kom fram tillaga um að mál þetta skyldi rætt fyrir luktum dyrum, en hún var felld með 7:6 atkv.

Við samningstilboðið um kaupin á vatnsréttindum bar Pétur Halldórsson fram þá breytingartillögu að í stað:

"en 2 matsmenn séu tilnefndir af hvorum aðila en oddamaður af hæstarétti."

Komi:

"en 1 matsmaður sé tilnefndur af hvorum aðila en 3 af hæstarétti."

Breytingartillögu þessa tók flutningsmaður aftur, en Jón Ólafsson bar hana þá upp sem sína tillögu.

Að umræðunum loknum viru bornar undir atkvæði breytingartillögur þær við fundargerð rafmagnsstjórnar frá 31. desember , er fyrir lágu frá síðasta fundi bæjarstjórnarinnar.

Brtl. við 1. lið fundargerðar rafmagnsstjórnar var samþ. með samhljóða atkv.

Brtl. við 2. lið var felld með 6:6 atkv.

Brtl. við 4. lið var felld með 7:7 atkv.

Brtl. Jóns Ólafssonar(um skipun matsmanna) var felld með 8:8 atkv.

Samningstilboðið í heild með áorðnum breytingum var síðan samþ. til 2. umr. með 10:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðm. Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Guðrún Jónasson |
| Magnús Kjaran | Hallgr. Benediktsson |
| Ólafur Friðriksson | Jón Ásbjörnsson |
| Pétur Halldórsson | Jón Ólafsson. |
| Sigurður Jónasson | |
| Stefán Jóh. Stefánsson | |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson. | |

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 12.lo síðd.

Hallgr. Benediktsson. K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónasson. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. H.Guðmundsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnss. Þórður Sveinsson. Magnús Kjaran. Jón Ólafsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 17. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Sigurður Jónasson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Ólafur Friðriksson kom á fundinn kl. 5.25.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar. Tekið út af dagskrá.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 10. jan. lögð fram.

V. Fundargerð veganefndar frá 15. jan. lögð fram.
Við 1. lið fundargerðarinnar bar Stefán Jóh. Stefánsson fram þá breytingartillögu, að 4. málsgr. félli burt og ennfremur, að við 3. málsgr. bætist:
"og að áætlun þessari verði lokið svo fljótt, að hægt verði að taka fullnaðarákvörðun um byggingu sundhallarinnar á næsta bæjarstjórnarfundi."
Fyrri brtl. var tekin aftur, en síðari brtl. (við 3. málsgr.) var samþ. með 8:7 atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 9. jan. lögð fram.
Í sambandi við fundargerðina bar Stefán Jóh. Stefánsson fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur bæjarlaganefnd að ákveða til fullnustu gerð og fyrirkomulag atvinnuleysisskýrslna og sjá um að skýrslusöfnunin hefjist lögum samkvæmt 1. febr. n.k."
Tillaga þessi var samþ. með 5 shlj. atkv.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 17. jan. lögð fram.
Tillaga frá Guðrúnu Jónasson um að 3. lið fundargerðarinnar yrði frestað var samþ. með samhlj. atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv. og. vísað til 2. umræðu.
5. liður var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 16. janúar lögð fram.

IX. Önnur umræða um kaup á vatnsréttindum í Soginu.
. Við frumvarpið að kaupsamningnum bar Hallgrímur Benidiktsson fram svohljóðandi breytingartillögu:

Við IV. 1.

Fyrir: "séu tveir matsmenn . . . . . . . . . . af hæstarétti" komi: sé einn matsmaður tilnefndur af hvorum samningsaðila, en 3 af hæstarétti.

Brtl. þessi var samþ. með 9:4 atkv.

Tillögur rafmagnsstjórnar um kaup á vatnsréttindum í Soginu samkv. frv. að kaupsamningnum voru síðan samþ. með 11:3 atkv.

Var þá tekin fyrir tilnefning matsmanna til að meta vatnsréttinn og var tilnefndur af hálfu bæjarstjórnar

Jón Þorláksson verkfræðingur
með 9 atkv.

Árni Pálsson verkfræðingur fékk 6 atkv.

X. Útsvarsmál.
Tekið út af dagskrá.

Hér var dagskrá lokið, en þá var að ósk Jóns Ásbjörnssonar - fyrir hönd húsnæðisnefndar með shlj. atkv. samþ. að taka á dagskrá fundargerð húsnæðisnefndar frá 18. des.

Var fundargerðin lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.50 síðdegis.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Sigurður Jónasson. Þórður Sveinsson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Ásbjörnsson. Magnús Kjaran. Guðrún Jónasson. Jón Ólafsson. H. Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 7. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Jón Ólafsson.

Hallgrímur Benidiktsson og Pétur Halldórsson komu rétt eftir fundarsetningu. Theódór Líndal kl. 5.25 og Stefán Jóh. Stefánsson kl. 6.05.

Magnús Kjaran var erlendis.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Virðnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Gunnlaugs Einarssonar, nr. 5 við Sóleyjargötu | 2486 | 57186.00 |
| 2. | Hús Solveigar Ólafsdóttur nr. 30 við Bergstaðastræti | 642 | 52047.00 |
| 3. | Hús Guðlaugar Björnsdóttur nr. 6 við Freyjugötu | 1627 | 4525.00 |
| 4. | Hús Jóns Jónssonar, nr. 9 við Freyjugötu | 1533 | 18129.00 |
| 5. | Hús Sigurðar Þorsteinssonar nr, 11 við Freyjugötu | 1547 | 17947.00 |
| 6. | Hús Einars Einarssonar, nr. 16 við Bjarnarstíg | 1557 | 19515.00 |
| 7. | Hús Valdimars Þorsteinssonar nr. 24 við Freyjugötu | 2460 | 29954.00 |
| 8. | Hús Ámunda Árnasonar, nr.25 við Lokastíg | 1525 | 21474.00 |
| 9. | Hús Kristjóns Ólafssonar nr. 7A. við Þórsgötu | 1687 | 17721.00 |
| 10. | Hús Guðjóns Bjarnasonar, Sólvellir við Kleppsveg | 2543 | 8398.00 |
| 11. | Hús Böðvars Gíslasonar, nr.20B við Óðinsgötu | 1402 | 20834.00 |
| 12. | Hús Lúthers Hróbjartss. nr. 80 við Njálsgötu | 2509 | 24605.00 |
| 13. | Hús Stefáns Þorlákssonar, Sjávarborgarlóð við Barónsstíg | 2541 | 7394.00 |
| 14. | Hús Ragneu Þorgrímsson, nr. 10 við Kirkjustræti | 165 | 52765.00 |
| 15. | Hús Steindórs Gunnarssonar, nr.8B við Suðurgötu | 758 | 35299.00 |
| 16. | Hús Þórðar J. Thoroddsen, nr.12 við Túngötu | 993 | 31934.00 |
| 17. | Hús Valtýs Stefánssonar, nr.69 við Laugaveg | 2468 | 39248.00 |
| 18. | Hús Hrefnu Siggeirsd. nr.54 við Bergstaðastræti | 2468 | 48165.00 |
| 19. | Hús Halldórs Gunnlaugss., nr.10 við Blomvallarg. | 2479 | 47828.00 |
| 20. | Gús Margrétar Jónsdóttur, nr.22 við Suðurgötu | 2487 | 54296.00 |
| 21. | Hús Jóns Þorlákssonar, nr.14 við Austurstræti | | 326613.00 |
| 22. | Hús Huldu Þorsteinsson, 146 við Hringbraut | 2457 | 37960.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 23. | Hús Ingibjargar Jónsd. Bakka í Laugarnesi | 2540 | 7680.00 |
| 24. | Hús Guðbjörns Ásmundssonar Grund í Laugarási | 2542 | 3468.00 |
| 25. | Hús Magnúsar Gíslasonar, Sólstaðir við Kleppsveg | 2544 | 2544.00 |
| 26. | Hús Karls Á. Torfasonar og Stefáns Þorlákss.nr.1a Vatnsmýrarbl. | 2410 | 7818.00 |
| 27. | Hús Sigríðar Húnfjörð, nr.82 við Njálsgötu | 2515 | 24550.00 |
| 28. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur, Berg við Laugaveg | 597 | 19357.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 5. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
Í sambandi við 5. lið fundargerðarinnar báru Har. Guðmundsson og Sig. Jónasson fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að láta gera áætlun um kostnað við að reisa bálstofu til líkbrennslu við hæfi Reykjavíkur."
Tillagan var samþ. með 7:1 atkv.

IV. Fundargerð veganefndar frá 6. febr. lögð fram. 1. liður samþ. með shlj. atkv., að vísa 2. lið til 2. umræðu.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 22. jan. lögð fram.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 6. febr. lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Samkv. tillögu nefndarinnar fór þá fram kosning á nefnd þeirri, er umræðir í 1. lið, og komu fram þrír listar:
A-listi: Stefán Jóh. Stefánsson
B-listi: Borgarstjóri
Jón Ásbjörnsson
C-listi: Theódór Líndal
Guðmundur Ásbjörnsson.

Hlaut A-listinn 4 atkvæði
- B-listinn 2 -
- C-listinn 5 -

Lýsti forseti því rétt kjörna:
Theódór Líndal og
Guðmund Ásbjörnsson af A-lista

Stefán Jóh. Stefánsson af A-lista

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 24. jan. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fátækranefndar frá 25. jan. lögð fram of samþ. með samhlj. atkv.

IX. Fundargerð bæjarlaganefndar frá 29þ jan. lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Fundargerð hafnarnefndar frá 4. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Frumvarp til samþykktar um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa.
Samþ. með shlj. atkv. að vísa máli þessu til 2. umræðu.

XII. Önnur umræða um bráðabirgðalán (4.lið fundargerðar fjárhagsnefndat 17. jan.)
Tillaga nefndarinnar um lántökuna samþ. með shlj. atkv.

XIII.Kosning nefndar til að semja skrá yfir gjaldendur til ellistyrktarsjóðs.
Kosnir voru án atkvæðagreiðslu sf einum lista, er fram kom:
Kjartan Ólafsson
Ólafur Friðriksson
Jón Ásbjörnsson.

XIV. Lesin upp tilkynning dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um staðfestingu
um breytingu á 75. gr. lögreglusamþykktarinnar.

XV. Erindi lögreglustjórans um breytingar á lögreglusamþykktinni.
Tillaga um að máli þessu verði vísað til nefndar þeirrar, er kosin var undir VI. lið dagskrárinnar
samþ. með shlj. atkv.

XVI. Útsvarsmál:
Rætt fyrir luktum dyrum og viku þá áheyrendur af fundarstað.

1. H/f. Grótta.
Samþ. að synja beyðni skilanefndar félagsins um lækkun á útsvarsskuld þess.
2. Finnur Ó. Thorlacius.
Samþ. að fella burtu 690 kr. af útsvarsskuld hans gegn því að útsvarið 1928 kr. 400,- verði greitt nú þegar.
3. Gísli sál. Guðmundsson gerlafræðingur.
Samþ. að fella burtu 400 kr. útsvar hans 1928.
4. Jón Ólafsson Njarðargötu 47.
Samþ. að fella burtu 200 kr. af útsvarinu 1928.
5. Ólafur Eyvindsson, Aust. 11.
Samþ. að fella burtu 265 kr. af útsvarsskuld hans.
6. Gróa Ásmundsdóttir, Njálsgötu 28.
Samþ. að fella burtu 10 kr. útsvar hennar 1928.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.
Fundi slitið kl. 8 síðdegis.

Hallgr. Benediktsson. K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson.
Pétur Halldórsson. Kjartan Ólafsson. Theódór Líndal.
Jón Ásbjörnsson. Jón Ólafsson. Ólafur Friðriksson.
Þórður Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 21. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni.

Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benediktsson, Pétur Halldórsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson og Jón Ólafsson.

Ólafur Friðriksson kom á fundinn kl. 5.25.

Magnús Kjaran var erlendis.

Guðrún Jónasson og Sigurður Jónasson voru forfölluð vegna veikinda.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Ragnars Guðmundssonar við Laugarnesveg | 2499 | 20798.00 |
| 2. | Hús Guðna Kristinssonar við Rauðarárstíg | 2414 | 2800.00 |
| 3. | Hús Gísla Björnssonar og Sigr. Þórðardóttur, nr. 80 við Laugaveg | 2488 | 39978.00 |
| 4. | Hús Sigurðar Haraldssonar, nr.49 við Njarðargötu | 2269 | 29024.00 |
| 5. | Hús Brynjólfs H. Bjarnasonar, nr. 7 við Aðalstræti | 191 | 55869.00 |
| 6. | Hús Magnúsar Magnússonar við Ægisgötu | 2251 | 48268.00 |
| 7. | Hús Jóns Þorlákssonar og Guðmundar Jóhannssonar við Kalkofnsveg | 284 | 45637.00 |
| 8. | Hús Stefáns Gunnarssonar nr. 12 við Austurstræti | 2520 | 170799.00 |
| 9. | Hús Ásgríms Jónssonar, nr.74 við Bergstaðastræti | 2504 | 15252.00 |
| 10. | Hús Helga Eyjólfssonar, nr.14 við Lokastíg | 1563 | 1277.00 |
| 11. | Hús Jóns Stefánssonar, nr.74A við Bergstaðastræti | 2503 | 15252.00 |
| 12. | Hús Bergs Rósenkranzsonar, nr.21 við Þórsgötu | 1598 | 48995.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. febrúar lögð fram.

1. - 14. liður samþ. með shlj. atkv.

Þórður Sveinsson lagði til, að bæjarstjórnin samþ. að mæla með þeirri undanþágu frá byggingarsamþykktinni, er um ræðir í 15. lið og var sú tillaga samþ. með 9:3 atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 19. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 14. febrúar lögð fram.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 19. febrúar lögð fram.

2. liður, samþ. með shlj. atkv.

Í sambandi við fundargerðina las Ólafur Friðriksson upp umsókn frá sér um 1 krónu styrk til opinberrar fyrirlestrastarfsemi 1929.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Jós Ásbjörnssonar um að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar til íhugunar var samþ. með samhlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 18. febr. lögð fram og samþ. með öllum greiddum atkvæðum gegn tveim.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 14. febr. lögð fram.
5. liður samþ. með shlj. atkv.
7. liður samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 18. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Kosning annars endurskoðanda styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafélaganna í Reykjavík.
Kosningu hlaut: hlaut:
Hallgrímur Benediktsson með 8 atkv.
Theódór Líndal hlaut 1 arkv.
en 4 seðlar voru auðir.

X. Önnur umræða um að leggja jörðina Ártún undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur
(2. liður veganefndar frá 6. febr.).
Stefán Jóh. Stefánsson lagði til að máli þessu verði frestað, en það var fellt með 7:5 atkv.
Þá bar Haraldur Guðmundsson fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að undirbúa lagafrumvarp um að leggja Ártún undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur".
Tillaga þessi var fells með 6:5 atkv.
Þá var borin undir atkvæði tillaga meiri hluta fjárhagsnefndar í 1. lið fundargerðar 19. febr. um samþ. á tillögu veganefndar, og var hún einnig felld með 6:6 atkv.

XI. Önnur umræða um frumvarp til samþykktar um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa.
Tillaga Haraldar Guðmundssonar um að máli þessu verði vísað aftur til bæjarlaganefndar til frekari athugunar var samþ. með shlj. atkv.

XII. Útsvarsmál:
Ákveðið var að ræða mál þessi fyrir luktum dyrum, og viku þá áheyrendur af fundarstað.
1. Jón Björnsson Óðinsgötu 32 B.
Samþykkt að fella ýtsvar hans frá 1927 og 1928, að upphæð kr. 170.oo.
2. Guðmundur Halldórsson, Holtsg. 10.
Samþ. að fella burtu 300 kr. af útsvari hans 1926.
3. Davíð Jónsson, Grettisg.33 B.
Samþ. að fella burtu 100 kr. af útsvari 1928.
4. Jón Símonarson, Laugavegi 105.
Samþ. að fella burtu 1200 kr. af útsvari hans 1927.
5. Ingvar Benidiktsson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga fjárhagsnefndar svohljóðandi :
"Nema ber úr eftirstöðvum 400 kr. útsvarsskuld Ingvars Benidiktssonar frá 1926."
Var samþykkt með öllum þorra atkv. gegn einu.

6. Kaupfélag Reykjavíkur
Tillaga fjárhagsnefndar, að innheimta verði kr. 392.o5 af krónum 518.9o eftirstöðvum af samvinnufélagsskatti félagsins árið 1926, var samþ. með 6:4 atkv.

Fundargerð lesin staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.4o síðd.

K. Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Hallgr. Benidiktsson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Theódór Líndal. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Ásbjörnsson . Jón Ólafsson. Þórður Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 7. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Hallgrímur Benidiktsson, Sig. Jónasson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson og Guðrún Jónasson.

Í forföllum forseta, Guðmundar Ásbjörnssonar, tók Þórður Sveinsson við fundarstjórn.

Varaforseti Pétur Halldórsson kom á fundinn skömmu eftir fundarsetningu og tók þá við fundarstjórninni.

Haraldur Guðmundsson kom kl.6 og Jón Ásbjörnsson kl. 6½.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. marz lögð fram:
Tillaga Hallgríms Benidiktssonar um að 18. lið yrði frestað var samþ. með 8:2 atkv.
Fundargerðin að öðru leyti var síðan samþ. með samhlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 5. marz lögð fram.
Í sambandi við fundargerðina bar Theódór Líndal fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin skorar á Alþingi að breyta svo 19. grein í frumvarpi til laga um Landbúnaðarbanka Íslands að kaupstaðarbúar verði ekki ver settir heldur en aðrir um lán úr bankanum, einkum veðdeild hans."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin var síðan samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð ~~fjárhagsnefndar~~ fátækranefndar frá 28. febr. lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 5. marz lögð fram.
3. liður samþ. með samhlj. atkv.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar í 4. lið var samþ. með 7:3 atkv.

V. Fundargerð bæjarlaganefndar frá 4. marz lögð fram.

VI. Fundargerð gasnefndar frá 28. febr. lögð fram.

VII. Framhald 2. umræðu um frumvarp til samþykktar um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa.
Hallgrímur Benidiktsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Legg til að málinu sé frestað og leitað sé álits Rakarafélagsins um frumvarpið eins og það er nú."

Tillaga þessi var felld með öllum þorra atkvæða gegn tveim.
Þórður Sveinsson gerði þá breytingartillögu, að í stað þess, að stofunum skyldi lokað kl. 8 síðdegis á laugardögum komi kl. 8½, en hún var felld með 6:3 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frumvarpið í heild var síðan samþykkt með öllum greiddum atkv. gegn einu.

VIII. Erindi allsherjarnefndar Nd. Alþingis viðvíkjandi frumvarpi til laga um verkamannabústaði. Theódór Líndal lagði til að máli þessu verði v vísað til fjárhagsnefndar til athugunarog var það samþ. með shlj. atkv.

IX. Útsvarsmál.
Rædd fyrir luktun dyrum.
1. Þórður Magnússon, Öldug. 27.
Samþ. að fella burtu 200 kr. af útsvarsskuld hans 1928.
2. Ólafur Thorlacíus, Þing. 28.
Samþ. að fella burtu útsvar hans 1928 kr. 50.oo.
3. Halldór Eiríksson, Viðvík.
Samþ. að fella burtu 50 kr. af útsvarsskuld hans 1927-1928.
4. Eiríkur Leifsson, Laugv. 25.
Samþ. að fella burtu 500 kr. af útsvari hans 1928.
5. Jón Alexandersson, Rafm. st.
Samþ. að fella burtu 100 króna útsvar hans 1928.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7 síðdegis.

K. Zimsen. Pétur Halldórsson. H. Benidiktsson. Sig. ~~Jörundsson~~ Jónasson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Theódór Líndal. Þórður Sveinsson. Jón Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 21. ~~febrúar~~ marz var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.lo síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson.

Ólafur Friðriksson kom rétt eftir fundarsetningu og Sig. Jónasson kl. 6½. Har. Guðmundsson kom kl. 6.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Guðm. Jónssonar mr.3 við Þvergötu | 2535 | 40140.00 |
| 2. | Hús Eggerts Lárussonar, nr. 23 við Bergþórugötu | 2279 | 1000.00 |
| 3. | Hús Sigurðar Guðbrandssonar, nr. 19 við Barónsstíg | 2501 | 31165.00 |
| 4. | Hús Garðars Gíslasonar, Skjaldborg við Lindargötu | 1271 | 7161.00 |
| 5. | Hús Skóverzl. L.G.Lúðvígsson nr. 5 við Bankastræti | 2545 | 170073.00 |
| 6. | Hús Samúels Guðmundssonar nr. 8A við Ránargötu | 2339 | 1226.00 |
| 7. | Hús Magnúsar Blöndahls nr.3o við Tjarnargötu | 2530 | 58477.00 |
| 8. | Hús Ásgeirs Magnússonar og Skúla Árnasonar Hrannarstíg | 2538 | 48805.00 |
| 9. | Hús Brynjólfs Jónssonar nr. 2A við Laudásv. | 2548 | 29928.00 |
| 10. | Hús Bjarna Guðmundssonar nr. 9 við Framnesveg | 2548 | 9371.00 |
| 11. | Hús Eyjólfs Ísakssonar við Þrastargötu | 2549 | 5234.00 |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 19. marz lögð fram.

1.-5. liður samþ. með shlj. atkv.

Í sambandi við 5. lið bar Ágúst Jósefsson svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að skora á þingmenn bæjarins að flytja á Alþingi breytingartillögu við frv. til laga um kirkjugarðsstæði í Reykjavík á þá leið, að Reykjavíkurbær taki að sér rekstur kirkjugarðsins."

Hallgrímur Benidiktsson lagði til, að tillögu þessari yrði vísað til fasteignanefndar til athugunar, og var það samþykkt með 6:4 atkv.

Út af 6. lið bar Stefán Jóh. Stefánsson fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin frestar að taka ákvörðun um 6. lið og felur borgarstjóra að ræða um málið við ríkisstjórnina."

Tillagan var felld með 7:5 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. liður var síðan samþ. með 6:3 atkv.
7. liður var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild var samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 14. marz lögð fram.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 18. marz lögð fram.
Stóðu umræður nú um hríð, en kl. 8 var ákveðið að hafa fundarhlé til kvöldverðar til kl. 9½.
Kl. 9.35 var fundinum haldið áfram og voru þá aftur komnir flestir þeir sömu bæjarfulltrúar, er áður sátu fundinn að undanskildum Sig. Jónassyni og Magnúsi Kjaran, sem komu skömmu á eftir.
Að umræðunum loknum var gengið til atkvæða og var 2. liður fundargerðarinnar samþ. með shlj. atkv.
Út af 5. lið lagði Þórður Sveinsson til, að máli því, er þar ræðir um, verði frestað og vísað til annarar umræðu og var það samþ. með 9:6 atkv.

VI. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 19. marz lögð fram.
Útaf tillögu Sigurðar Jónassonar í 8. lið fundargerðarinnar bar Magnús Kjaran fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:
"Með tilvísun til fyrri hluta 8. liðar í fundargerð rafmagnsstjórnar vill bæjarstjórnin ekki taka ákvörðun um það að svo stöddu að virkja 10-15 þúsund hestöfl við Sogið og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."
Þá bar Sigurður Jónasson fram svolátandi tillögu í stað þeirrar í 8. lið, sem tekin var aftur:
"Bæjarstjórnin felur rafmagnsstjórn að hefja nú þegar undirbúning að byggingu 10-15 þús. hestafla raforkustöðvar við Efra Sogið til orkuframleiðslu fyrir Reykjavíkurbæ og leita tafarlaust ákveðinna tilboða erlendis í byggingu stöðvarinnarinnar á þessu ári."
1.-7. liður fundargerðarinnar var samþ. með shlj. atkv.
Dagskrártillaga Magnúsar Kjaran var samþ. með 9:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Haraldur Guðmundsson |
| Guðrún Jónasson | Kjartan Ólafsson |
| Jón Ásbjörnsson | Ólafur Friðriksson |
| Magnús Kjaran | Sigurður Jónasson |
| Pétur Halldórsson | Stefán Jóh. Stefánsson |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson | |
| Hallgrímur Benidiktsson. | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Löggilding mjólkurbúða (fundargerð heilbrigðisnefndar 27. febr.).
Tillaga nefndarinnar í 2. lið var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Útsvarsmál.
Voru rædd fyrir luktum dyrum og viku þá áheyrendur af fundarstað.

1. J. Lindsay fiskkaupsm.
Fjárhagsnefnd hafði lagt til að útsvar hans fyrir árið 1928 kr. 5000.oo stæði óbreytt, en Jón Ásbjörnsson gerði þá tillögu að útsvarið yrði lækkað í 1500 kr. en það var fellt með 5:4 atkv.
Tillaga fjárhagsnefndar var samþ. með shlj. atkv.
2. Gunnar Vald. Þórðarson Tálkag. 26.
Samþ. að fella burtu 210 kr. af 420 kr. útsvarsskuld hans frá 1926-1928 gegn því að eftirstöðvarnar greiddust strax.
3. Ingvar Einarsson, Lind. 43.
Samþ. að fella burtu 100 kr. af útsvari hans 1928.
4. Hans M. Kragh.
Samþ. að fella burtu 1063 kr. af 3463 kr. útsvarsskuld hans og konu hans frá 1926-1928.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 1e á miðnætti.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. H. Benidiktsson.
Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Sigurður Jónasson.
Khartan Ólafsson. Jón Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.
Þórður Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 4. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðd. og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Jónasson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson og Guðrún Jónasson.
Hallgrímur Benidiktsson og Magnús Kjaran komu skömmu eftir fundarsetningu og Ólafur Friðriksson kl.5½.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Gísla Halldórssonar nr. 70 A við Hverfisgötu | 605 | 13797.00 |
| 2. | Hús h/f Smári við Sundlaugaveg | 25æ2 | 8618.- |
| 3. | Hús Halldórs Jónssonar nr.25 við Barónsstíg | 2523 | 33538.- |
| 4. | Hús Jóns Jónssonar, nr, 8B við Njálsgötu | 2262 | 9051.- |
| 5. | Hús Helga Helgasonar nr.35 við Öldugötu | 2529 | 50434.- |
| 6. | Hús Olíuverzlunar Íslands h/f við Lækjartorg | 2553 | 12370.- |
| 7. | Hús Pjelíru Zophoníasdóttir og Ásgeirs Jónssonar nr.18 við Sólvallagötu | 2489 | 47562.- |
| 8. | Hús Jóns Ásbjörnssonar nr.14 við Ásvallagötu | 2521 | 48245.- |
| 9. | Hús Haraldar Guðmundssonar nr. 3 við Ásvallagötu | 2525 | 46830.- |
| 10. | Hús Sigurðar Jóhannessonar nr. 71 við Njálsgötu | 2526 | 34860.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 23. marz lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 30 marzlögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. apríl lögð fram.
1.-2. liður samþ. með shlj. atkv.
Útaf 3. lið bar Pétur Halldórsson fram svohljóðandi breytingartillögu:
"Bæjarstjórnin veitir hi'umbeðna leyfi."
Tillaga þessi var samþykkt með 8:2 atkv.
Tillaga meiri hluta nefndarinnar í 4. lið var samþ. með shlj. atkv.
5.-9. liður var samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.
Í sambandi við fundargerðina bar Jón Ásbjörnsson fram svofellda tillögu:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að ráðstafa lóðum til íbúðarhúsabygginga við nýjar götur í Skólavörðuholti, við Seljaveg og framhald Grettisgötu."
Sigurður Jónasson gerði þá breytingartillögu að í stað: "borgarstjóri" kæmi"fasteignanefnd."
Breytingartillagan var felld með 7:5 atkv. en till. Jóns Ásbjörnssonar var samþ. með 7:5 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 25. marz lögð fram.
1.-3. liður samþ. með shlj. atkv.
4. liður var samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.
Í sambandi við 4. lið bar Sig. Jónasson fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að leggja fram við 2. umræðu um 4. lið fundargerðarinnar nákvæma kostnaðaráætkun um byggingu hinnar fyrirhuguðu hafnarvirkja og ítarlega skýrsku um væntanlegan tekjuauka hafnarsjóðs af þeim."

Fór fram atkvæðagreiðsla um tillögu þessa, en hún var véfengd og var þá viðhaft nafnakall. Var tillagan felld með 7:5 atkv. og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Kjartan Ólafsson | Guðm. Ásbjörnsson |
| Ólafur Friðriksson | Guðrún Jónasson |
| Sigurður Jónasson | Hallgrímur Benidiktsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Jón Ásbjörnsson |
| | Pétur Halldórsson |
| | Theódór Líndal. |

Þórður Sveinsson greiddi ekki atkvæði, en Haraldir Guðmundsson, Jón Ólafsson og Magnús Kjaran voru fjarverandi.

Borgarstjóri bar nú fram tillögu um að á eftir fundargerð fjárhagsnefndarsem var næsta dagskrármál, skyldi tekin á dagskrá 2. umræða um um erindi allsherjarnefndar Nd. Alþingis viðv. frv. til laga um verkamannabústaði, er lá fyrir síðasta fundi:

Var tillagan samþ. með shlj. atkv. og breytist dagskráin samkv. því.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 3. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Var nú lagt til að umræðan um verkamannabústaði skyldi tekin fyrir á eftir 9. lið og var það samþ. með shlj. atkv..

VII. Úrskurður á kæru yfir alþingiskjörskrá.
Lögð fram kæra yfir að nafn
Olgu Árnason, Bræðraborgarstíg 25
vantaði á kjörskrána.
Með því að kona þessi flutti hingað árið 1927 frá útlöndum, var með shlj. atkv. samþ. að taka kæruna ekki til greina.

VIII. Löggilding mjólkurbúða.
Samþ. var með samhlj. atkv. að löggilda mjólkurbúðir þær, er umræðir í fundargerðum ~~innium~~ heilbrigðisnefndar ~~og~~ 27. febr. og 4. apríl.

IX. Skipun brunamálastjóra.
Lagt fram bréf frá vátryggingarfélaginu "Albingia" , þarsem farið er fram á, að staðfest verði tilnefning á Sigurði Björnssyni,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem brunamálastjóra Reykjavíkur og var það samþ. með shlj. atkv.

Var nú tekin fyrir

X. Önnur umræða um umsögn um frv. til laga um verkamannabústaði.
Eftir nokkrar umræður var haft fundarhlé til kvelcverðar frá kl.8 til kl. 9½.
Kl. 9.4o var fundinum haldið áfram og voru þá aftur ko,mir allir þeir sömu bæjarfulltrúar, er er áður sátu fundinn að undanskildum Ólafi Friðrikssyni, sem kom skömmu á eftir, og Magnúsi Kjaran.
En auk þeirra kom Haraldur Guðmundsson á fundinn kl. 10.
Héldu nú umræðurnar áfram og kom fram svohljóðandi tillaga frá Jóni Ásbjörnssyni og Þórði Sveinss.:
"Bæjarstjórn Reykjavíkur álítur frumvarp það um verkamannabústaði, sem nú liggur fyrir Alþingi og henni hefir verið sent til umsagnar, svo gallað í meginatriðum, að ekki sé rétt að gera það að lögum, en leggur hinsvegar áherzlu á að Alþingi beiti sér svo sem unnt er fyrir, að útvega sem hagkvæmast lán til íbúðarhúsabygginga í kaupstöðum landsins gegn 2. veðrétti í húseignunum."
Þegar umræður höfðu staðið um hríð kom fram tillaga frá borgarstjóra um að þeim skyldi slitið og var það samþ. með shlj. atkv.
Var þá gengið til atkvæða um málið.
Tillaga meiri hluta fjárhagsnefndar í fundargerð frá 18. marz var tekin aftur , en tillaga minni hlutans (Stefáns Jóh. Stefánssonar) var felld með 8:6 atkv.
Tillaga Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Sveinssonar er var samþ. með 8:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðmundur Ásbjörnsson | Haraldur Guðmundsson |
| Guðrún Jónasson | Kjartan Ólafsson |
| Hallgrímur Benidiktsson | Ólafur Friðriksson |
| Jón Ásbjörnsson | Sigurður Jónasson |
| Pétur Halldórsson | Stefán Jóh. Stefánsson. |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson. | |

Þegar hér var komið rann út lögmæltur fundartími bæjarstjórnarinnar og var þá borið undir atkvæði hvort fundinum skyldi hakdið áfram, en það var fellt með 8:4 atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 12 á miðnætti.

Hallgr. Benidiktsson. Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Sigurður Jónasson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 18. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Ásbjörnsson, Þórður Sveinsson og Magnús Kjaran.

Hallgrímur Benidiktsson, Sigurður Jónasson, Pétur Halldórsson og Theódór ~~Símsen~~ Líndal komu skömmu eftir fundarsetningu. Haraldur Guðmundsson kom kl. 6.50.

Guðrún Jónasson er erlendis.

Þetta gerðis á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 6. apríl lögð fram.
k.-6. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Ágústs Jósefssonar um að 7. lið skyldi frestað var samþ. með 6:5 atkv.
Fundargerðin í heild, með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. apríl lögð fram.
1.-5. liður samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar um að 6. lið sé frestað, var felld með 7:5 atkv.
6. liður var síðan samþ. með 7:4 atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 11. apríl lögð fram.

V. Fundargerð veganefndar frá 17. apríl lögð fram.
Útaf 1. lið bar Magnús kjaran fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir fyrir sitt leyti að byggja sundhöllina eftir 7ppdrætti þeim, sem fyrir liggur, með þeirri smábreytingu sem heppilegar ~~eru~~ sem heppilegar kunna að þykjavið nánari athugun."

Stefán Jóh. Stefánsson gerði þá breytingartillögu, að í stað orðanna: "eftir uppdrætti þeim, sem fyrir liggur" - komi: "eftir hinum upprunalega uppdrætti húsameistara, sem legið hefir fyrir veganefnd."

Þá lagði Jón Ásbjörnsson til, að tvær umræður skyldu hafðar um mál þetta, og var það samþ. með 8:6 atkv.

Brtl. Stefáns Jóh. Stefánssonar var felld með 7:6 atkv.

Till. Magnúsar Kjaran var síðan samþ. til 2. umr. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild var síðan samþ. með shlj. atkv. (Síðasta málsgr. 4. liðar til 2. umræðu)

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 6. apríl lögð fram.
Útaf 3. lið gerði Sigurður Jónasson svofellda breytingartillögu:

"Legg til að fram verði látið fara opinbert útboð um bygginguu stíflunnar í Elliðaánum í sumar."

Þegar hér var komið umræðum bar Ólafur Friðriksson fram þessa tillögu:

"Málum þeim, sem enn eru óútrædd sé frestað til næsta fundar."

Tillagan var samþykkt með shlj. atkv. og samkvæmt því var fundinum slitið kl. 7.5o síðdegis.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánss. Theódór Líndal. Þórður Sveinsson. Jón Ásbjörnsson. Hallgrímur Benidiktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 2. maí var haldinn reglulegur fundur í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.lo síðd. og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðm. Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson og Jón Ásbjörnsson.

Hallgrímur Benidiktsson, Sig. Jónasson og Magnús Kjaran komu rétt eftir fundarsetningu og Ólafur Friðriksson skömmumsíðar. Jón Ílafsson ko, kl. 5.45.

Þetta gerðist á fundinum:

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþ. og undirskrifuð.

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 20. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. apríl lögð fram.
1.-10. liður samþ. með shlj. atkv.
Theódór Líndal lagði til að 11. lið yrði frestað og var það samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 30. apríl lögð fram.
1.-2. liður samþ. með samhlj. atkv.
Tillaga meiri hluta nefndarinnar í 3. lið var samþ. með shlj. atkv.
4.-6. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild var samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 24. apríl lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 28. apríl lögð fram.
1. liður var samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 1.maí lögð fram.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Önnur umræða um lántöku.
(1. liður fundargerðar fjárhagsnefndar 13. nóv. f.á.).
Útaf máli þessu Stefán Jóh. Stefánsson fram sbohljóðandi tillögu:

"Með því að bæjarstjórnin telur lánstilboð það, er fyrir liggur, ekki vel aðgengilegt, ákveður hún að taka enga ákvörðun um það að sinni, en felur borgarstjóra að leita fyrir sér um lántöku handa bænum til bráðabirgða."

Þá flutti Magnús Kjaran eftirfarandi tillögu:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Bæjarstjórnin samþykkir að ganga að tilboði Prudenhial Assurance Co um 45000 þús. sterlingspunda lán með þessum breytingum :
1. Lánið sé kvaðalaust.
2. Afföll ekki meiri en 1%, en vextir þeim mun hærri.
3. Lánið megi greiðast upp hvenær sem er eftir 10 ár."

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar og Þórðar Sveinssonar felld með 7:5 atkv.

Tillaga Magnúsar Kjaran var síðan samþykkt með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 1. maí lögð fram. 2. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Önnur umræða um byggingu nýrrar hafskipabryggju. Tillaga hafnarnefndar í 1. lið fundargerðar frá 1. maí um að taka tilboði frá Dansk Sandpumpekompagni A/S um byggingu bryggjunnar var samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð vatnsnefndar frá 20. apríl lögð fram.

XI. Fundargerð vatnsnefndar frá 25. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 6. apríl (framhald af umræðu þeirri, er frestað var á síðasta fundi).
Að umræðunni lokinni var gengið til atkvæða um fundargerðina og var 1. 2. og fyrri hluti 3. liðar (út að tilboðunum) samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hluta rafmagnsstjórnar í 3. lið var felld með 7:5 atkv.
Tillaga sú, er Sigurður Jónasson bar fram á síðasta fundi var síðan samþ. með shlj. atkv.

XIII. Önnur umræða um sundhallarbygginguna.
Samþykkti bæjarstjórnin sundhallarbygginguna með shlj. atkv. eins og það mál lá fyrir frá síðasta fundi.

Þegar hér var komið dagskránni, var samþykkt að leyfa Ólafi Friðrikssyni að hreyfa máli utan dagskrár.
Lagði hann fram nýja umsókn frá Helga Steinberg um byggingarleyfi það, er synjað var á fundi byggingarnefndar 27. apríl, (9. lið).

XIV. Útsvarsmál.
Rætt fyrir luktum dyrum.
1. Theódór Johnson bryti:
Samþykkt að fella burtu 1125 kr. af útsvari hans 1924, sem var 1500 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. E. Rokstad, Bjarmalandi.
Samþ. að fella burtu 1800 kr. af 2000 kr. útsvari hans frá 1928.
3. Haraldur Þ. Richle, Bjarnarstíg 3.
Samþ. að fella burtu 60 kr. af 90 króna útsvari hans 1927.
4. Helgi Guðmundsson, Ing. 6.
Samþykkt að fella burtu 250 kr. af 350 króna útsvari hans 1928.
5. Þorkell Blandon lögfr.
Samþykkt að fella burtu útsvar hans frá 1927 og 1928, að upphæð kr. 600.oo.
6. Guðmundur Ágústsson.
Samþykkt að fella burtu 100 króna útsvarsskuld hans frá 1926.
7. Harold Faaberg
Pétur Halldórsson lagði til, að útsvar hans frá 1926 skyldi lækkað um 500 krónur og var það samþykkt.
8. Camillus Benédiktsson, Lok. 14.
Samþykkt að fella burtu 130 króna útsvar hans frá 1926.
9. John Lindsay fiskkaupmaður.
Samþ. að fella burtu 4000 krónur af 5000 króna útsvari hans 1928.
10. Jakob Magnússon, Nýk. 11C.
Samþ. að fella burtu 130 kr. útsvar hans 1926.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 9.

Hallgr. Benidiktsson. Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson. Þórður Sveinsson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 16. maí var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson og Guðrún Jónasson.

Hallgrímur Benidiktsson, Ólafur Friðriksson og Pétur Halldórsson komu rétt eftir fundarsetningu. Sigurður Jónasson kom kl. 5.40.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Sveins Jónssonar nr. 21 við Barónsstíg | 3550 | 31785.- |
| 2. | Hús Þorleifs Bjarnarsonar nr. 5 við Lokastíg | 2217 | 40996.- |
| 3. | Hús Hjalta Lýðssonar, nr.50B við Grettisgötu | 1796 | 12123.- |
| 4. | Hús Einars Hildibrandssonar nr. 23 við Ásvallagötu | 2507 | 46565.- |
| 5. | Hús Carls Scheplers nr.22 við Hafnarstræti | 128 | 1080.- |
| 6. | Hús Sigurðar Kristinssonar nr.1 við Nönnugötu | 1878 | 34450.- |
| 7. | Hús Jóns Víðis og Hálfdáns Eiríkssonar nr. 32 við Baldursg. | 2539 | 80490.- |
| 8. | Hús ríkissjóðs Íslands geðveikrahælið á Kleppi | 1124 | 471980.- |
| 9. | Hús sama, læknabústaður á Kleppi | | 48490.- |
| 10. | Hús Andrésar Andréssonar nr. 3 við Laugaveg | 6 | 174140.- |
| 11. | Hús Lucinde Sigurðsson nr. 2 við Grundarstíg | 179 | 75540.- |
| 12. | Hús Hafliða Jónssonar nr. 148 við Hringbraut | 2547 | 48310.- |
| 13. | Hús Zophoníasar Snorrasonar nr. 11 við Ásvallagötu | 2563 | 46015.- |
| 14. | Hús Stefáns Björnssonar nr. 21 B við Bergstaðastræti | 1435 | 6640.- |
| 15. | Hús Einars Gíslasonar og Ársæls Guðmundssonar, Óðinsg.11 | 1436 | 42064.- |
| 16. | Hús Þórðar Þórðarsonar nr. 45 við Laugaveg | 471 | 2975.- |
| 17. | Hús Ásgeirs Sigurðssonar nr. 12 við Suðurgötu | 559 | 1980.- |
| 18. | Hús Þórunnar Guðmundsdóttur, Lækjarhvammi | 358 | 9925.- |
| 19. | Hús Ólafs Guðnasonar við Þrastargötu | 2564 | 1960.- |
| 20. | Hús dánarb. Sigrúnar Gestsdóttur nr. 4 við Grjótagötu | 65 | 22535.- |
| 21. | Hús Guðbjargar Kristjánsdóttur nr. 4 við Brávallagötu | 2565 | 42195.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 4. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 14. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 10. maí lögð fram 7. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 7. maí lögð fram.

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 15. maí lögð fram. Í sambandi við 2. lið fundargerðar rafmagnsstjórnar 7. maí og 3. lið fundargerðarinnar 15. maí, bar Stefán Jóh. Stefánsson fram eftirfarandi tillögu:

"Bæjarstjórn telur tilboð "Títans" algerlega óaðgengilegt, en álítur að sjálfsagt sé að bærinn virki Sogið til rafmagnsframleiðslu fyrir Reykjavík og nágrenni."

Útaf þessari tillögu bar Pétur Halldórsson fram svohljóðandi tillögu til rökstuddrar dagskrár:

"Bæjarstjóenin voll enga ályktun um rafmagnsmálið gera á þessu stigi málsins og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þá bar Theódór Líndal fram svofellda tillögu:

"Með því að engar líkur eru til þess að frumvarpp um sérleyfislög til virkjunar Urriðafoss nái fram að ganga á þessu þingi, og litlar horfur á, að samningar milli h/f Titan og bæjarstjórnar mundu takast, sér bæjarstjórnin enga ástæðu til að ræða tilboð félagsins, en frestar að öðru leyti ákvörðun um lausn rafmagnsmálsins fram á sumar með tilliti til fyrri afgreiðslu sinnar í því."

Dagskrártillaga Péturs Halldórssonar var felld með 6:6 atkvæðum en tillaga Theódórs Líndal var samþ. með 8:5 atkv.

1. liður fundargerðarinnar og tillaga meiri hlutans í 2. lið var samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð skólanefndar frá 11. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð veganefndar frá 16. maí lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
2.-4. liður samþ. með samhlj. atkv.
Fundargerðin í heild var samþ. með shlj. atkv.

X. Önnur umræða um holræsi í Grímsstaðaholti. Tillaga veganefndar í 4. lið fundargerðar 17. apríl var samþ. með shlj. atkv.

XI. Ákvörðun götunafna í Skólavörðuholti. 11. liður fundargerðar byggingarnefndar frá 27. apríl. Till. nefndarinnar var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.50 síðd.

Hallgr. Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen.
Sigurður Jónasson. Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson.
Kjartan Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Stefán Jóh.
Stefánsson. Þórður Sveinsson. Theódór Líndal.
Jón Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 6. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar : Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson. Haraldur Guðmundsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Sigurður Jónasson, Theódór Líndal og Ólafur Friðriksson komu skömmu eftir fundarsetningu og Hallgrímur Benidiktsson kl. 5.20.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 1. Hús Nikulásar Steingrímssonar Blómsturvelli Laugarái | 2537 | 8390.- |
| 2. Hús Einars Jónssonar nr.45 við Laugaveg | 2559 | 21974.- |
| 3. Hús Vilhjálms Gunnarssonar o.fl. nr. 7 við Grjótagötu | 1320 | 26640.- |
| 4. Hús Þorbjargar Möller, nr.3 við Tjarnargötu | 855 | 42371.- |
| 5. Hús Sigurðar Þ. Jónssonar nr. 62 við Laugaveg | 637 | 1475.- |
| 6. Hús Björns Þórðarsonar nr. 16 við Bjarkargötu | 1562.- | 47940.- |
| 7. Hús Guðm. Björnssonar nr. 25 við Skólavörðustíg | 1630 | 1125.- |
| 8. Hús Andreu Guðmundsdóttur o.fl. nr. 71 við Bergst. | 2546 | 41740.- |
| 9. Hús Þorsteins Þorsteinssonar við Lágholtsveg | 2556 | 53k0.- |
| 10. Hús Sveins Sveinssonar nr. 14 við Sellandsstíg | 2233 | 33120.- |
| 11. Hús Steingríms Jónssonar nr. 73 við Laufásveg | 2558 | 47250.- |
| 12. Hús Jóns Árnasonar, nr.71 við Laufásveg | 2572 | 40045.- |
| 13. Hús Teits Þórðarsonar nr. 81 við Bergstaðastræti | 2554 | 36370.- |
| 14. Hús Sveins Jónssonar nr. 8 B við Kirkjustræti | 1043 | 60294.- |
| 15. Hús Ársæls Jóhannessonar nr. 23 við Fjólugötu | 2567 | 39605.- |
| 16. Hús Geirs Sigurðssonar nr.26 C við Vesturgötu | 4521 | 8290.- |
| 17. Hús Elísabetar Foss nr. 11 við Hafnarstræti | 2552 | 64495.- |
| 18. Hús Brynjólfs H. Bjarnasonar nr. 14 við Sólvallagötu | 2524 | 74420.- |
| 19. Hús Hans Petersen, nr.1 við Skólastræti | 24 | 760.- |
| 20. Hús Lárusar H. Bjarnasonar nr. 37 við Tjarnargötu | 1240 | 38085.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 18. maí lögð fram.

1.- 4. liður samþ. með shlj. atkv.

Jón Ólafsson lagði til að 5. lið yrði frestað og var það samþ. með 8:3 atkv.

6.- 10 liður var samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðin í heikd, með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 25. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.
Borgarstjóri fór fram á að mega hreyfa máli í sambandi við fundargerðina og var það samþ. með shlj. atkv.
Bar borgarstjóri þá fram svofellda tillögu:
"Bæjarstjórnin felur botharstjóra að semja við Björn Birnir í Grafarholti um það hvernig haganlegast verði að girða milli jarðanna Árbæjar og Grafarholts og heimilar að landamerki breytist ef það þykir betra, enda verði ekki gengið á land Árbæjar."
Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 23. maí lögð fram.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
Í sambandi við 3. lið voru lagðar fram umsóknir um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar frá þessum þremur ekkjum:
Guðrúnu Egilsdóttir, Bergstaðastræti 20
Hansínu V. Jónsdóttur, Lind 7 A.
Ingunni Guðmundsdóttur, Grettisgötu 35.
Var með shlj. atkv. samþ. að mæla með umsóknum þeirra
Útaf 9. lið bar Ólafur Friðriksson fram svohljóðandi tillögu:
"9. lið fátækranefndar Fundargerðar frá 23. maí 1929 sé frestað, þar til fengnar eru frekari upplýsingar um núverandi atvinnu manna þeirra, er þar eru nefndir. Bæjarstjórnin óskar einnig að fá upplýsingar um aðra menn, en nefndir eru, sem hægt væri lögum samkvæmt að beita nauðungarvinnu."
Tillaga þessi kom ekki til atkvæða, en Ólafur Friðriksson lagði til að 9. lið skyldi frestað og var það fellt með 8:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ólafur Friðriksson | Borgarstjóri |
| Sigurður Jónasson | Ágúst Jósefsson |
| | Guðm. Ásbjörnsson |
| | Guðrún Jónasson |
| | Hallgr. Benidiktsson |
| | Jón Ólafsson |
| | Magnús Kjaran. |
| | Pétur Halldórsson |

Haraldur Guðmundsson, Jón Ásbjörnsson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson og Theódór Líndal greiddu ekki atkvæði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pétur Halldórsson bar fram svofellda tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir 9. lið og felur fátækranefnd meðferð þessara mála."

Tillaga þessi var borin undir atkvæði í tvennu lagi og var fyrri hlutinn :
"Bæjarstjórnin samþykkir 9. lið samþ. með 9:2 atkv..
Síðari hlutinn var felldur með 7:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðm. Ásbjörnsson | Haraldur Guðmundsson |
| Hallgr. Benediktsson | Kjartan Ólafsson |
| Jón Ásbjörnsson | Ólafur Friðriksson |
| Jón Ólafsson | Sigurður Jónasson |
| Magnús Kjaran | Stefán Jóh. Stefánsson |
| Pétur Halldórsson | Theódór Líndal |

GuðrúnJónasson greiddi ekki atkv.
Þá krafðist Ólafur Friðriksson þess, að borin væri undir atkvæði síðari hluti tillögu hans, sem bókuð er hér að framan, frá orðunum:
"Bæjarstjórnin óskar einnig"
og var þessi hluti samþ. með 8:2 atkv.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 30. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Þá var haft fundarhlé til kveldverðar frá kl. 8 til kl. 9½.

Kl. 9½ var fundinum haldið áfram og voru þá aftur komnir allir þeir sömu bæjardulltrúar, er áður sátu fundinn, nema Theódór líndal, sem kom rétt á eftir. - Magnús Kjaran mætti ekki aftur.

VIII. Fundargerð skólabygginganefndar frá 17. maí lögð fram.

IX. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 21. maí lögð fram.

X. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 31. maí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð vatnsnefndar frá 1. júní lögð fram.

XII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 5. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. júní lögð fram.
1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hluta nefndarinnar í 4. lið var samþ. með samhljóða atkv.
Þá var með shlj. atkv. samþ. að vísa 5. lið til 2. umræðu.

XIV. Um löggildingu mjólkurbúða.
Var lagt fram erindi lögreglustjóra, dags. 2. maí, ásamt þremur umsóknum um löggildingu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mjólkurbúða, og flytur lögreglustjóri þau tilmæli heilbrigðisnefndar, að bæjarstjórn taki ákvörðun um, hvort og hvar fleiri mjólkurbúðir skuli löggiltar, áður en nefndin afgreiðir málin.

Útaf máli þessu flutti borgarstjóri eftirfarandi tillögu:

"Bæjarstjórnin ályktar fyrst um sinn að veita leyfi til að setja upp mjólkurbúðir með þeim skilyrðum öllum er fullnægt, sem heilbrigðisnefndin setur í hvert skipti."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

Þá var samþ. með shlj. atkv.á taka á dagskrá fundargerð hafnarnefndar frá 3. júní, sem láðst hafði að setja á dagskrána .
Var fundargerðin samþ. með shlj. atkv.

XV. Útsvarsmál.
Voru rædd fyrir luktum dyrum :

1. Sveinn J. Vopnfjörð, Laugav. 19 B.
Samþykkt að fella burtu 300 kr. af útsvarsskuld hans frá 1927 - 28.

2. Victor Zawadzky, Njálsgötu 52.
Samþ. með öllum þorra atkv. að 280 kr. útsvar hans 1928 skuli óbreytt standa.

3. Sigbjörn Árnason.
Samþ. að fella burtu 150 kr. af 200 króna útsvari hans 1926 gegn því að eftirstöðvarnar greiðist strax.

3. Guðm. Kr. Guðmundsson og kona hans Margrét Árnadóttir, Hafnarstræti 20.
Samþ. með 7:4 atkv. að fella burtu 1760 króna útsvarsskuld frá 1922-28 og 2000 kr. af útsvari konunnar 1927-28 gegn því að 3000 krónur yrðu greiddar strax.

5. Ólafur Jóhannesson kaupm.
Samþ. að fella burtu 1500 krónur af útsvarsskuld hans frá 1927-28 gegn því að eftirstöðvarnar kr. 150 greiðist strax.

3 6. Ingólfur Espholin og Bræðurnir Espholin.
Samþ. að fella burtu 950 króna Útsvarsskuld Ingólfs Esphólin frá 1925-'28 og 500 krónur af útsvari Bræðranna Esphólin frá 1927-'28 gegn því að 200 keóna eftirstöðvar greiðist strax.

7. Tage Möller umboðssali.
Samþykkt að fella burtu 600 kr. af útsvarsskuld hans frá 1925-'28 gegn því að eftirstöðvarnar - kr. 75 greiðist strax.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar hér var komið rann út lögmæltur fundartími bæjarstjórnarinnar og var þá með shlj. atkv. samþ. að halda fundinum áfram til að ljúka við gjörðabókina.

Fundargerð lesin samþ. og undirskrifuð.

Fundi slitið Kl. 12.2o.

Hallgr. Benidiktsson. Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Sig Jónasson. Ágúst Jósefsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. H. Guðmundsson. Theódór Líndal. Guðrún Jónasson. Jón Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 20. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15, og boru þá, auk borgarstjóra, mættir allir bæjarfulltrúarnir nema Haraldur Guðmundsson og Jón Ólafsson, sem voru fjarverandi úr bænum.

Þetta gerðist á fundinum:

Áður en gengið væri til dagskrár, las forseti upp kveðjubréf til bæjarstjórnar, er hinn 10. þ.m. barzt hingað frá bæjarstjórninni í Bergen, svohljóðandi:

"Bergen 9. júní 1929.
Bergend by benytter sig av de fjerve svenske atlanterhavs - flyveres venlige imödekommendet til at sende
Reykjavíkby
hjertelige hilsener."

Bæjarfulltrúarnir þökkuðu kveðju þessa með því að ~~rísa~~ standa upp, og eftir tillögu forseta var borgarstjóra falið að flytja bæjarstjórninni í Bergen þær þakkir.

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. júní lögð fram. Í sambandi við 19. lið fundargerðarinnarbar Pétur Halldórsson fram svohljóðandi tillögur :
"Vegna tilmæla línubátaeigenda hér í bænum, vill bæjarstjórnin fyrir sitt leyti leyfa, að frystihúsið Herðubreið sé starfrækt með hinum uppsettu frystivélum næstu 10 árin, enda sé eiganda hússins að þeim tíma liðnum skylt að koma téðu=~~húsi~~ íshúsi í sama lag og það var áður en það var nú breytt, ef bæjarstjórn krefst þess."

Þá bar borgarstjóri fram eftirfarandi tillögu í sambandi við sama lið:
"Vegna tilmæla línubátaeigenda hér í bænum leyfir bæjarstjórnin að notaðar séu um tveggja ára bil frystivélar þær, sem settar hafa verið í íshúsið Herðubreið, og krefst þess, og krefst þess ekki fyrir sitt leyti, að fyr verði tekin burtu þau mannvirki, sem gerð hafa verið án leyfis."
Gat borgarstjóri þess jafnframt, að tillagan kæmi ekki til atkvæða nema bæjarstjórnin fallizt á samþykkt byggingarnefndar.

Sigurður Jónasson bar þá ennfremur fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að fresta ályktun um 19. lið og felur byggingarnefnd að athuga hvort unt sé að ~~athuga~~ veita hið umbeðna leyfi í fá ár, þó ekki lengur en 5 ár með því skylyrði að vélarnar verði þá fluttar burtu og íshúsið Herðubreið þá rifið bænum að kostnaðarlausu."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loks gerði Jón Ásbjörnsson þá brtl. við tillögu Péturs Halldórssonar, að í staðinn fyrir orðin : "næstu 10 árin" komi: "í 5 ár héðan í frá"

Út af 18. lið bar Ólafur Friðriksson fram eftirfarandi tillögu::

"Bæjarstjórn mælir með því, að Helga Þ. Steinberg sé leyft að láta hús það standa á Arnarhólstúni, er hann var byrjaður að byggja."

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða um fundargerðina og breytingartillögur þær, er fram höfðu komið.

1. - 17. liður var samþ. með shlj. atkv.

Brtl. Ólafs Friðrikssonar við 18. lið var felld með 6:5 atkv.en liðurinn óbreyttur síðan samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Sigurðar Jónassonar um frestun á 17. lið var felld með 7:1 atkv.

Þá var 19. liður borin undir atkvæði, en atkvæðagreiðslan var vefengd og var þá viðhaft nafnakall, er fór svo, að ályktun byggingarnefndar um synjun á umræddu leyfi var felld með 7:6 atkv. og sögðu :

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Botgarstjóri | Guðrún Jónasson |
| Ágúst Jósefsson | Hallgrímur Benidiktsson |
| Guðm. Ásbjörnsson | Jón Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Magnús Kjaran |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Ólafur Friðriksson |
| Theódór Líndal | Pétur Halldórsson |
| | Þórður Sveinsson |

Sigurður Jónasson greiddi ekki atkvæði.

Brtl. Jón Ásbjörnssonar við tillögu Péturs Halldórssonar var samþ. með shlj. atkv. og var sú tillaga eftir þessa breytingu síðan borin undir atkvæði í tvennu lagi.

Fyrri hlutinn útað og með orðunum: "í 5 ár héðan í frá" var samþykkt með 10:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Guðmundur Ásbjörnsson | Ágúst Jósefsson |
| Guðrún Jónasson | Kjartan Ólafsson |
| Hallgr. Benidiktsson | Stefán Jóh. Stefánsson |
| Jón Ásbjörnsson | |
| Magnús Kjaran | |
| Ólafur Friðriksson | |
| Pétur Halldórsson | |
| Sigurður Jónasson | |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson | |

Borgarstjóri greiddi ekki atkvæði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síðari hluti tillögunnar var fellfur
með 7:2 atkv.
20. og 21. liður voru samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild með áorðnum breytingum var síðan samþykkt með öllum greiddum atkv. gegn einu.

II. Önnur umræða um byggingarleyfi á lóðinni nr.15 við Laugaveg.
Var tillaga byggingarnefndar í 5. lið fundargerðar 18. maí sl. samþ. með 8:4 atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Önnur umræða um kaup á húsi Listvinafélagsins.
Tillaga fasteignanefndar í 6. lið fundargerðar 4. júní var samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 13. júní lögð fram.

VI. Fundargerð vatnsnefndar frá 18. júní lögð fram.
Þegar umræður um þessa fundargerð höfðu staðið um hríð var ákveðið að hafa fundarhlé til kveldverðar frá kl. 8.15 til kl. 9.45.

Á tilsettum tíma var fundinum haldið áfram og voru þá aftur komnir allir þeir sömu bæjarfulltrúar er áður sátu fundinn að undanskildum Ágúst Jósefssyni, er kom rétt á eftir.

Báru Magnús Kjaran og Hallgrímur Benidiktsson fram eftirfarandi tillögu:
"Bæjarstjórnin sambykkir tillögu Jóns Þorlákssonar verkfr. og Valgeirs Björnssonar bæjarverkfræðings dags. 23/5 1929 sjá fundargerð vatnsnefndar 1. júní 1929, viðvíkjandi sambandi Vatnsveitufélags Skildinganeskauptúns við Vatnsveitu Reykjavíkur."

Skyldi tillaga þessi þvíaðeins koma til atkvæða að tillaga Ólafs Friðrikssonar í fundargerðinni yrði felld.

Umræðunum var ekki lokið ¾kl. 12 á miðnætti, en þá var útrunninn lögmæltur fundartími bæjarstjórnarinnar.

Bar þá fundarstjóri undir atkvæði, hvort fundinum skyldi haldið áfram en það var fellt með 6:6 atkv. og var jafnframt tilkynnt, að aukafundur skyldi haldinn daginn eftir föstudaginn 21. þ.m. kl. árdegis, til að ljúka við dagskrána.
Fundinum var síðan slitið, en upplestri gjörðabókar frestað til aukafundarins.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Hallgr. Benidiktsson.
Þórður Sveinsson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson.
Kjartan Ólafsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson.
Magnús Kjaran. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, föstudaginn 21. júní var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni til að ljúka við dagskrá síðasta fundar. Fundurinn var settur kl. 9.10 árdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðm. Ásbjörnsson. Sigurður Jónasson. Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson, en Pétur Halldórsson, Hallgrímur Benidiktsson, Theódór Líndal og Þórður Sveinsson komu skömmu eftir fundarsetningu.

Haraldur Guðmundsson og Jón Ólafsson voru fjarverandi úr bænum.

Þetta gerðist á fundinum:

VI. Framhaldsumræður um fundargerð vatnsnefndar frá 18. júní. Jón Ásbjörnsson gerði þá breytingartillögu við tillögu Ólafs Friðrikssonar í fundargerðinni, að aftan við till. bætist: "enda hafi áður en til máks kemur verið leitað álits prófessoranna í hlutaðeigandi fræðigreinum við Háskólann, og þeir takið einhverja einhverja von um að Reykjavíkurbær vinni mál um þetta efni."
Brtl. þessi var felld með 7:4 atkv. en tillaga Ólafs Friðrikssonar var síðan samþykkt með 10:3 atkv.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 14. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 19. júní lögð fram. Í sambandi við 1. lið (lántöku) báru Jón Ásbjörnsson og Magnús Kjaran fram þá tillögu að við tillögu fjárhagsnefndar bætist:
"enda fái lánveitandi ekki heimild til veðs, þótt bærinn veðsetji mannvirki, er hann síðar kann að eignast, til tryggingar lánum, sem eingöngu er varið til að standa straum af kostnaði við þau."

Þórður Sveinsson bar fram eftirfarandi tillögu:
"Borgarstjórnin ~~bar fram eftirfarandi til= lög=~~ álykyar að taka innanlandslán, að upphæð krónur 1.000.000.oo til 15 ára og rentan megi vera 7 p. c. p. a. Ef bæjarsjórn vill getur lánið greiðst að öllu eftir fimm ár."

Fjárhagsnefndin fellst á ofanskráða viðaukatillögu og voru því bæði tillaga nefndarinnar og viðbótin borin undir atkvæði í einu og samþ. með 7:4 atkv.

IX. Önnur umræða um þóknun niðurjöfnunarnefndar . Var samþ. með samhljóða atkv. að ~~ve~~ verða við tilmælum nefndarinnar um þá hækkun ía þóknunn furir störf sín, er um ræðir í 5. lið fundargerðar fjárhagsnefndar 4. júní.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Fundargerð rafmagnsstjórnar 19. júní lögð fram.

XI. Frumvarp til breytinga á lögreglusamþykktinni.
Gat forseti þess, að hann óskaði þess, að væntanlegar breytingartillögur við frv. væri komnar sér í hendur fyrir ã 27. þ.m.
Ólafur Friðriksson lagði til, að 1. umræðu yrði frestað til næsta fundar, en það var fellt með 5:4 atkv.
Að tillögu borgarstjóra, var með shlj. atkv. samþ. að vísa málinu til 2. umræðu.

XII. Erindi stjórnar þjóðleikhússjóðsins um stað fyrir væntanlegt þjóðleikhús.
Tilmælum stjórnarinnar um stað fyrir þjóðleikhúsið á Útnorðurvelli synjað með shlj. atkv.
Theódór Líndal bar þá fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur byggingarnefnd og veganefnd að taka til rækilegrar yfirvegunar hvar þær telji þjóðleikhús bezt komið í bænum og gera tillögur sínar þar um til bæjarstjórnar."

Tillagan var samþ. með shlj. atkv.

XIII. Erindi frá samskotanefnd um stað fyrir standmynd af Hannesi Havstein.

Bar borgarstjóri fram eftirfarandi tillögu:
"Bæjarstjórnin telur æskilegast, að standmynd Hannesar Havsteins verði reist við Tjarnargötu, þar sem honum hefir áður verið hugaður staður og vísar erindinu til fjárhagsnefndar."

Samþ. með shlj. atkv.

Þegar hér var komið, var með shlj. atkv. samþ. að taka upp mál, er láðst hafði að taka ía dagskrá.
Bar borgarstjóri fram svofellda tillögu:

"Bæjarstjórnin samþykkir að kjósa þriggja manna nefnd til að greiða götu þeirra Reykvíkinga, sem ætla sér að mæta á alþingishátíðinni á Þingvöllum 1930 og heimilar henni að taka sér aðstoð."

Samþ. með shlj. atkv.
Þá var lagt til að kosningunni skyldi frestað til næsta fundar og var það samþ.

XIV. Útsvarsmál.
Rætt fyrir luktum dyrum.
Ólafur Ólafsson kristniboði:
Samþ. að fella burtu ally útsvar hans 1929 að upphæð kr. 85.oo.

Fundargerðir síðasta fundar og þessa fundar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lesnar upp, samþykktar og undirskrifaðar.

Fundi slitið kl. 12½ eftir hádegi.

Guðmundur Ásbjörnsson. K. Zimsen. Hallgr. Benidiktsson.
Þórður Sveinsson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson.
Kjartan Ólafsson. Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson.
Magnús Kjaran. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 4. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðd. og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Magnús Kjaran og Guðrún Jónasson.

Guðm. Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson, Hallgr. Benidiktsson og Jón Ólafsson voru fjarverandi úr bænum, en Theódór Líndal var forfallaður sökum veikinda.

Í fjarveru forseta og varaforseta hafði Þórður Sveinsson fundarstjórn á hendi.

Jón Ásbjörnsson kom kl. 5.15 á fundinn.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Jón Eyvindssonar nr. 9 við Stýrimannastíg | 1971 | 28405.- |
| 2. | Hús Sigurjóns Sigurðssonar, nr. 8 við Vonarstræti | 1363 | 79730.- |
| 3. | Hús Einars Arnórssonar nr. 25 við Laufásveg | 1376 | 88225.- |
| 4. | Hús Þorsteins Þorsteinssonar nr. 5 við Templarasund | 1277 | 147465.- |
| 5. | Hús Lúðvígs Lárussonar nr. 31 við Þingholtsstræti | 1280 | 42180.- |
| 6. | Hús Jóns Stefánssonar nr. 17 við Laugaveg | 274 | 89348.- |
| 7. | Hús Stgr. Guðmundssonar nr. 4 við Amtmannsstíg | 1141 | 73175.- |
| 8. | Hús Steingr. Guðmundssonar nr. 46 við Grettisgötu | 1177 | 55550,- |
| 9. | Hús sama nr. 9 við Fríkirkjuveg | 1223 | 139500.- |
| 10. | Hús Einars Gíslasonar nr. 12A við Bergstaðastræti | 1486 | 23715.- |
| 11. | Hús Magnúsar B. Friðrikssonar nr. 31 við Njálsgötu | 907 | 12592.- |
| 12. | Hús Guðm. Halldórssonar á Norðurmýrarbletti 14 | 2568 | 10608.- |
| 13. | Hús Jóhannesar Jónssonar nr. 9 við Framnesveg | 450 | 7044.- |
| 14. | Hús Valdimars Guðmundssonar nr. 34 við Túngötu | 2278 | 1225.- |
| 15. | Hús Sigurðar Guðmundssonar Sunnuból við Klapparstíg | 2578 | 4885.- |
| 16. | Hús Geiru Zóphoníasdóttur og Ásgeirs Jónssonar nr. 18 við Sólvallagötu | 2489 | 52294.- |
| 17. | Hús Jakobínu Helgadóttur nr. 21 við Vesturgötu | 222 | 22677.- |
| 18. | Hús Valgerðar Pálmadóttur Litliholtsb. í Bráðræðisholti | 1167 | 12065.- |
| 19. | Hús Hannesar Sigurðssonar Ánanaust E. | 805 | 9135.- |
| 20. | Hús Þórarins Jónssonar nr. 8 við Unnarstíg | 1086 | 26622.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 21. | Hús Einars Ólafssonar nr. 26 við Frejugötu | 2536 | 59170.- |
| 22. | Hús Konstantín Eiríksen nr. 38 við Bárugötu | 2571 | 43870.- |
| 23. | Hús Sigurðar Benidiktssonar við Lágholtsveg | 2555 | 10355.- |
| 24. | Hús Tómasar Tómassonar nr. 8 við Bárugötu | 2561 | 46880.- |
| 25. | Hús Vilhelms steinson nr. 27 við Freyjugötu | 1799 | 16606.- |
| 26. | Hús Matthíasar Lýðssonar nr. 2 við Fálkagötu nr. 2 við Fálkagötu | 1913 | 22292.- |
| 27. | Hús Þorsteins Sigurðssonar nr. 13 við Grettisgötu | 1541 | 29831.- |
| 28. | Hús Björns Arnórssonar Reykir í Laugamýri | 2557 | 24930.- |
| 29. | Hús Gísla Sigurðssonar nr. 13 við Rauðarárstíg | 1912 | 4736.- |
| 30. | Hús Marteins Einarssonar nr. 31 við Laugaveg | 2580 | 316536.- |
| 31. | Hús sama nr. 31 við Laugaveg | 864 | 42620.- |
| 32. | Hús sama nr. 3 við Vatnsstíg | 2501 | 111675.- |
| 33. | Hús Ögmundar Hannessonar nr. 1 við Fálkagötu | 2577 | 5870.- |
| 34. | Hús Stefáns Þorlákssonar nr. 33 við Sólvallagötu | 2578 | 39252.- |
| 35. | Hús Tryggva Siggeirssonar nr. 4 við Smiðjustíg | 257 | 26080.- |
| 36. | Hús I. Brynjólfsson & Kvaran nr. 9 við Hafnarstræti | 2551 | 78760.- |
| 37. | Hús Kristins Gíslasonar nr. 14 við Framnesveg | 2578 | 28742.- |
| 38. | Hús við Kleppsveg h/f Fiskimjöl | 2393 | 20570.- |
| 39. | Hús Skúla Þorkelssonar og Hans Steinssonar nr. 13 við Framnesveg | 2158 | 36992.- |
| 40. | Hús Lucinde Sigurðsson nr. 2 við Grundarstíg | 179 | 83525.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Í sambandi við fundargerðina var tekin fyrir önnur umræða um leyfi til að nota Icopalpappa á húsþök

(7. liður fundargerðar byggingarnefndar 6. apríl, er frestað var á fundi bæjarstjórnar 18. apríl).

Kjartan Ólafsson gerði þá breytingartill. að síðari hluti ályktunar nefndarinnar skyldi burtu felldur, og var hún samþ. með shlj. atkv.

Tillaga nefndarinnar svo breytt var síþan samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

Í sambandi við fundargerðina var borið upp erindi Kvenfélagsins Hringurinn um leyfi til afnota af Biskupsstofutúni til útiskemmtunar næstkomandi sunnudag, og var það samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 27. júní lögð fram.

V. Fundargerð veganefndar frá 1. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð skólabyggingarnefndar frá 20. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 3. júlí lögð fram. 1. og 2. liður samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð rafmagnsstjórnar 28. júní lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 3. júlí lögð fram. Minni hluti rafmagnsstjórnar (Sigurður Jónasson) hafði gert að sinni,tillögu nefndarálit það, er lá fyrir á fundi rafmagnsstjórnarinnar.

Þórður Sveinsson gerði þá brtl. við tillögu þessa, fyrri hluta hennar, að í stað orðanna: "enda fáist viðunandi lánakjör" komi: "ef rafmagnsstjórn og fjárhagsnefnd telja lánskjörin viðunandi og samningur við landsstjórnina aðgengilegur."

Jón Ásbjörnsson lagði til, að fyrri umræðu um málið skyldi frestað til næsta fundar.

Þá var gengið til atkvæða og var tillaga Jóns Ásbjörnssonar felld með 7:3 atkv.

Brtl. Þórðar Sveinssonar var felld með 8:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Ágúst Jósefsson |
| Guðrún Jónasson | Haraldur Guðmundsson |
| Þórður Sveinsson | Jón Ásbjörnsson |
| | Kjartan Ólafsson |
| | Magnús Kjaran |
| | Ólafur Friðriksson |
| | Sig. Jónasson |
| | Stefán Jóh. Stefánsson. |

Fyrri hluti ~~sinnar~~ tillögu Sigurðar Jónassonar var samþ. með 9 shlj. atkv. og sögðu:

Já:
Ágúst Jósefsson
Guðrún Jónasson
Haraldur Guðmundsson
Kjartan Ólafsson
Magnús Kjaran
Ólafur Friðriksson
Sigurður Jónasson
Stefán Jóh. Stefánsson
Þórður Sveinsson

Borgarstjóri og Jón Ásbjörnsson greiddu ekki atkvæði.

Síðari hluti tillögunnar var samþ með 8 shlj. atkv.

Jafnframt úrskurðaði forseti, að málinu skyldi þar með vísað til 2. umræðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

án atkvæða, en því mótmæltu nokkrir bæjarfulltrúar og kröfðust úrskurðar bæjarstjórnar, en forseti vildi ekki verða við þeirri kröfu og sleit fundi, er bæjarfulltrúarnir mótmæltu gerðum hans.

Þvínæst kröfðust þeir bæjarfulltrúarnir Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Sigurður Jónasson, Haraldur Guðmundsson og Stefán Jóh. Stefánsson, þess, að eftirfarandi yrði bókað:

Með því að kosonn forseti á bæjarstjórnarfundi 4. júlí 1929Þórður Sveinsson bjarfulltrúi, hefir neitað að verða við þeirri kröfu 6 bæjarfulltrúa að bera úrskurð sinn um það, að hafa 2 - tvær - umræður um ályktun um Sogsvirkjunina undir bæjarstjórnina, þá lýsa þessir 6 bæjarfulltrúar yfir því, að þeir mótmæla algerlega þessu gerræði forsetans og telja að ályktun sú, sem nú hefir verið gerð um virkjun Sogsins sé fullnaðarályktun lögleg og endanlega samþykkt á bæjarstjórnar í dag.

Pétur Halldórsson. K. ZimsenSig. Jónasson. Ágúst Jósefsson. H. Guðmundsson. Ó. Friðriksson. Þórður Sveinsson. Magnús Kjaran. Jón Ólafsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 18. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.15 síðdegis og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson, Jón Ólafsson, og Pétur Halldórsson.

Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Stefán Jóh. Stefánsson og Jón Ásbjörnsson voru fjarverandi úr bænum.

Þetta gerðist á fundinum:

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin upp, samþykkt og undirskrifuð.

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. júlí lögð fram.
1. - 5. liður samþ. með shlj. atkv.
Ólafur Friðriksson lagði til að 6. lið yrði frestað, en það var fellt með 5:5 atkv.

Kjartan Ólafsson gerði þá svofellda tillögu:
"6. lið fundargerðar fasteignanefndar sé vísað til nefndarinnar aftur til nánari athugunar."
Tillaga þessi var felld með 5:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðrún Jónasson |
| Kjartan Ólafsson | Jón Ólafsson |
| Ólafur Friðriksson | Magnús Kjaran |
| Sigurður Jónasson | Pétur Halldórsson. |

Þórður Sveinsson greiddi ekki atkvæði.

Þá var liðurinn borinn undir atkvæði en var felldur með 5 : 5 atkvæðum.
7. - 10. liður var samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 11. júlí lögð fram.

IV. Fundargerð veganefndar frá 13. júlí lögð fram.
Útaf öðrum lið bar Haraldur Guðmundsson fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin óskar þess að sjálfboðavinna íþróttamanna við gröft fyrir sjóleiðslu úr Skerjafirði til sundlaugarinnar verði innt af hendi á þessu sumri og næsta haust."
Magnús Kjaran og Þórður Sveinsson lögðu til, að við tillögu þessa bættist:
"svo framarlega sem ekki þykir haganlegra og samkomulag næst um við Í.S.Í. að önnur vinna verði af hendi leyst."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðaukatillagan var samþykkt með samhlj. atkv. og till. Haraldar Guðmundssonar var síðan samþ. með 6:2 atkv.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 16. júlí lögð fram.
1. og 2. liður samþ. með shlj. atkv.
3. liður var samþ. með öllum greiddum atkv. gegn þremur.
Sigurður Jónasson lagði til að orðið yrði við beiðni þeirri, er um ræðir í 4. lið, en til vara gerði hann svofellda tillögu:

"Bæjarstjórnin skorar á borgarstjóra að sjá Magnúsi Magnússyni, Frakkastíg 20, fyrir atvinnu hjá bænum."

Fyrri tillagan var felld með 5:5 atkv., en varatillagan var samþ. með 5:3 atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 15. júlí lögð fram.

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar 9. júlí lögð fram.

VIII. Önnur umræða um virkjun Sogsins.
Haraldur Guðmundsson hreyfði mótmælum gegn því, að gildur væri úrskurður forseta á síðasta fundi, um að 2 umræður skyldu hafðar um mál þetta.
Eftir kröfu hans var úrskurðurinn borinn undir atkv. bæjarstjórnar og var hann samþ. með 6:4 atkv.

Rafmagnsstjórnin hafði á fundi sínum 9. júlí gert þá ~~breytinga~~ brtl. við fyrri hluta tillögu þeirrar, er samþykkt var á síðasta fundi, að við hana bættist:

"og samningar."

Brtl. var samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrri hluti tillögunnar var síðan samþ. með með 10 shlj. atkv. og síðari hlutinn var samþ. með shlj. atkv. (með 11 shlj. atkv.).

IX. Önnur umræða um kaup á húseigninni nr. 17 A. við Bræðraborgarstíg.
Tillaga fasteignanefndar í fundargerð frá 18. júní var samþ. með samhljóða atkv.

X. Önnur umræða um frv. til breytinga á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
Ólafur Friðriksson gerði svofellda tillögu:
"10. máli dagskrárinnar sé frestað til næsta fundar, en breytingartillögur því viðvíkjandi sé komnar til borgarstjóra fyrir miðvikudag í næstu viku."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þá var með shlj. atkv. samþ. að taka á dagskrá:

XI. Kosning Þingvallahátíðarnefndar.
Árri að kjósa í nefnd þessa þrjá menn og komu fram tveir listar:
A-listi Ágúst Jósefsson
B-listi Guðmundur Ásbjörnsson
Guðrún Jónasson

Lýsti forseti þessa þrjá bæjarfulltrúa rétt kjörna í nefndina.

XII. Þá samþ. bæjarstjórnin með shlj. atkv. að leyfa Magnúsi Kjaran að hreyfa máli utan dagskrár.
Lagði hann til að knattspyrnuráðinu yrði veittar 500 kr. styrkur til að standast kostnað við þingvallaför forsku knattspyrnu-,annanna, er hér voru nýlega.
Var það samþ. með shlj. atkv.

XIII. Útsvarsmál.
Rækk fyrir luktum dyrum.

1. Andrés Jónsson, Bald. 16.
Samþ. að sinna ekki erindi hans.

2. Gunnar E. Benediktsson, Berg. 19
Samþ. að fella burtu 800 kr. af útsvarsskyld hans frá 1925-1928.

3. F. H. Hjartarson & Co h/f.
Var samþ. að sinna ekki erindi firmans.

4. Jónas Lárusson bryti.
Samþ. með öllum greiddum atkv. gegn einu að fella burtu 1000 kr. af útsvari hans 1928.

Fundargerð lesin, samþ. og undirrituð.

Fundi slitið kl. 8.45 síðd.

Pétur Halldórsson. K.Zimsen. Sig. Jónasson.
Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson.
Þórður Sveinsson. Jón Ólafsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 15. ágúst var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Sigurður Jónasson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Theódór Líbdal kom skömmu eftir fundarsetningu.
Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson og Magnús Kjaran voru fjarverandi úr bænum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Kristjönu Markúsdóttur nr. 4 við Ingólfsstræti | 464 | 14630.- |
| 2. | Hús Ólafs Magnússonar o.fl. nr. 2 við Túngötu | 569 | 34541.- |
| 3. | Hús Eiríks Hjartarsonar, Laugardalur | 2566 | 26710.- |
| 4. | Hús Britich Petroleum, ~~BC~~ Co, við Skúlagötu | 2519 | 1040.- |
| 5. | Hús Nathan & Olsen, nr. 2 við Vesturgötu | 119 | 117926.- |
| 6. | Hús Jóhannesar Hjartarsonar nr. 27 við Vesturgötu | 82 | 25800.- |
| 7. | Hús Helgu Sigurgeirsdóttur nr. 57 við Grettisgötu | 2569 | 30205.- |
| 8. | Hús sömu, nr. 57 A við Grettisgötu | 2590 | 29595.- |
| 9. | Hús Þorláks Jónssonar nr. 51 B við Njálsgötu | 1023 | 19010.- |
| 10. | Hús Sólveigar Pálsdóttur nr. 12 við Kárastíg | 1777 | 20025.- |
| 11. | Hús Lovísu Lúðvíksdóttur og Arndísar Björnsdóttir, nr.78 við Hverfisgötu | 655 | 12380.- |
| 12. | Hús Helga Jósefssonar nr. 80 við Hverfisgötu | 735 | 23470.- |
| 13. | Hús Bjarna Helgasonar nr. 2 við Kárastíg | 982 | 10405.- |
| 14. | Hús Þorsteins Guðmundssonar nr. 4 við Tjarnargötu | 48 | 13320.- |
| 15. | Hús Hrefnu Sigurgeirsdóttur nr. 54 við Bergstaðastræti | 2468 | 59110.- |
| 16. | Hús Einars Þorsteinssonar nr. 2 við Skálholtsstíg | 2467 | 53680.- |
| 17. | Hús Kjartans Gunnlaugssonar nr. 7 við Laufásveg | 1427 | 53880.- |
| 18. | Hús Bjarna Þorlákssonar nr. 35 við Grettisgötu | 736 | 425.- |
| 19. | Hús Jóns Eyjórssonar, Veðramót í Laugarási | 2593 | 2670.- |
| 20. | Hús Guðjóns Gamakíelssonar mr. 6 við Bergstaðastræri | 721 | 28610.- |
| 21. | Hús Einars Jónssonar nr. 15 við Þórsgötu | 1538 | 27180.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. júlí lögð fram.
1.- 19. liður samþ. með shlj. atkv.
Pétur Halldórsson lagði til að 20. lið yrði vísað aftur til nefndarinnar til frekari íhugunar og var það samþ. með shlj. atkv.
21.- 26. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. ágúst lögð fram og samþ. með sglj. atkv.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 8 ágúst lögð fram.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 9. ágúst lögð fram.
3. og 4. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 31. júæí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 14. ágúst lögð fram.
21. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 23. júlí lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Samvinna við Hafnarfjarðarkaupstað.
Bar Ólafur Friðriksson fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að kjósa þriggja manna nefnd, er leiti samvinnu við væntanlega samskonar nefnd frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, um sameiginleg hagsmúnamál beggja kaupstaða."
Borgarstjóri lagði til að máli þessu yrði frestað til næsta fundar og var það samþ. með shlj. atkv.

XI. Málafærsla Skildinganessmálsins.
Ræddi Ólafur Friðriksson nokkuð um mál þetta, en engin ályktun var gerð.

XII. Útsvarsmál.
Mál þessi voru rædd fyrir luktum dyrum.
1. Christian Smith, Baldursgötu 25, (er andaðist 23. júní s.l.).
Samþ. að fella burtu helming af útsvari hans 1929 að upphæð kr. 175.oo.
2. Guðmundur Jóhannsson, Laug. 26 c.
Samþ. að fella burtu 1100 kr. af gamalli útsvarsskuld hans, gegn því að eftirstöðvarnar, kr. 600 - greiðist nú þegar.

Hér var dagskrá lokið, en þá var með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samþ. að leyfa borgarstjóra að hreyfa máli utan dagskrár.

Bar þá borgarstjóri fram till. um að bæjarstjórnin sæmi Samúel Ólafsson fátækrafulltrúa gullúri með festi á sjötugs afmæli hans.

Tillaga þessi var samþ. með 11 : 1 atkv.

Fundargerð lesin, samþykkt og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.50.

H. Benidiktsson. Guðmundur Ásbjörnsson. K. Zimsen.
Pétur Halldórsson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson.
Þórður Sveinsson. Jón Ásbjörnsson. Theódór Líndal.
Guðrún Jónasson. Jón Ólafsson. Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 5. sept., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl.5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran og Guðrún Jónasson.

Pétur Halldórsson og Jón Ólafsson komu rétt eftir fundarsetningu og Theódór Líndal kl.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Bærings Elíssonar nr. 132 við Laugaveg | 2570 | 41970.- |
| 2. | Hús Elínar Zoëga nr.56 við Laugaveg | 654 | 40841.- |
| 3. | Hús Páls Ólafssonar nr. 4 við Sólvallagötu | 2560 | 41130.- |
| 4. | Hús Ólafs Gunnlaugssonar, nr.15 við Ránargötu | 2586 | 43947.- |
| 5. | Hús Páls Stefánssonar nr. 36 við Laufásveg | 1608 | 67370.- |
| 6. | Hús Guðrúnar Ólafsdóttur nr. 7 við Fríkirkjuveg | 1377 | 203530.- |
| 7. | Hús Jóns Ásmundssonar nr. 31 við Bragagötu | 1741 | 37000.- |
| 8. | Hús Benidikts Gröndals nr. 79 við Bergstaðastræti | 2584 | 36840.- |
| 9. | Hús Páls Stefánssonar, nr. 1 við Lækjartorg | 106 | 100918.- |
| 10. | Hús Richards Torfasonar, nr.10 við Bárugötu | 2583 | 47310.- |
| 11. | Hús kathólska trúboðsins kirkja við Túngötu | 2602 | 455980.- |
| 12. | Hús Páls Árnasonar nr.8 við Skólavörðustíg | 14 | 600.- |
| 13. | Hús Kristjáns Siggeirssonar og Karls Guðmundssonar nr. 4 við Öldugötu | 1905 | 660.- |
| 14. | Hús H/f. Fiskimjöl við Kleppsveg | | 27040.- |
| 15. | Hús Jóns Hj. Sigurðssonar nr. 40 við Laugaveg | 1502 | 95220.- |
| 16. | Hús Jóels Þorleifssonar nr.15 við Skólavörðustíg | 562 | 1000.- |
| 17. | Hús Einars Einarssonar og Rögnu Gunnarsdóttur nr. 93 við Hverfisgötu | 681 | 1080.- |
| 18. | Hús Árna Árnasonar, nr. 7 A við Lindargötu | 1109 | 25230.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. ágúst lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð Fundargerð fasteignanefndar frá 3. sept. lögð fram.
1.- 6. liður samþ. með shlj. atkv.
Stefán Jóh. Stefánsson lagði til að 7. lið yrði vísað aftur til fasteignanefndar til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nánari yfirvegunar, en það var fellt með
6 : 6 atkv.
Tillaga borgarstjóra um að vísa þessum lið til
fjárhagsnefndar var samþ. með shlj. atkv.

Í sambandi við fundargerðina bar Þórður Sveinsson
fram svohljóðandi tillögu :
"Bæjarstjórnin samþykkir að verða
við beiðni Mjólkurfélags Reykjavíkur
um leigulóð við Hringbraut, sem lá
fyrir á fundi ~~hennar~~ hinn 18. júlí
og felur fasteignanefnd að ákveða stað
lóðarinnar og gera tillögur um leigu-
kjör."

Ólafur Friðriksson lagði þá til
"Bæjarstjórn felur fasteignanefnd að
finna heppilegan stað austan Hring-
brautar fyrir væntanlega mjólkurstöð
Mjólkurfélags Reykjavíkur."

Tillaga Ólafs Friðrikssonar var felld með
7 : 6 atkv.

Haraldur Guðmundsson lagði til, að tillögu Þórðar
Sveinssonar yrði vísað til fasteignanefndar
en það var fellt með 6 : 6 atkv.

Tillaga Þórðar Sveinssonar var síðan samþ. með
8:6 atkv.

LV. Fundargerð fátækranefndar frá 22. ágúst lögð
fram.

V. Fundargerð veganefndar frá 2. sept. lögð fram
og samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 26. ágúst lögð fram
og samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð vatnsnefndar frá 31. ágúst lögð fram
og samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 3. sept. lögð
fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 2. sept. lögð fram.
1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð skólabygginarnefndar frá 19. ágúst
lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

XI. Samvinna við Hafnarfjarðarkaupstað.
(Tillaga Ólafs Friðrikssonar).
Tillaga þessi, sem lá fyrir á síðasta fundi,
var feld með 8:5 atkv.

XII. Framhald 2. umræðu um frumvarp til breytinga á
lögreglusamþykktinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lágu nú fyrir breytingartillögur þær, er fram höfðu komið fyrir síðasta fund ásamt umsögn lögreglumálanefndar um þær, og hafði nefndin gert nokkrar breytinartillögur við þær. Ennfremur höfðu nokkrar brtl. borizt frá Jóni Ásbjörnssyni.

Þá bar Þórður Sveinsson fram svofellda tillögu:

"Allstaðar þar, dem bifreið er nefnd, hvort sem orðið er eitt eða í samsetningu komi bíll. Bifhjól kallist mótorhjól."

Eftir nokkrar umræður var haft fundarhlé til kveldverðar frá kl. 8 - 9.3o.

Kl. 9.35 var fundinum haldið áfram og voru þá aftur komnir þessir bæjarfulltrúar, auk borgar stjóra :
Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Jón Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson kom kl. 9.5o.
Haraldur Guðmundsson, Sigurður Jónasson og Þórður Sveinsson mpttu einnig nokkru síðar.

Bættist nú enn við sú brtl. frá Jóni Ásbjörnssyni við 19. gr. frumvarpsins að í stað"14 ára" komi "12 ára".

Ennfremur gerði Ólafur Friðriksson þá brtl. við brtl. sína við 18. gr. á eftir orðunum "Heimilt er þó" kæmi "nema þegar frost er".

Loks gerði Þórður Sveinsson Svofellda viðbótartillögu við 79. gr.:

"Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að knattborðsstofum og ber eigendum og umsjónarmönnum stofanna að sjá um, að þeir fái þar ekki aðgang né hafist þar við."

Þegar umræðunum lauk var að renna út lögmæktur fundartími bæjarstjórnarinnar og var þá borið undir atkvæði bæjarstjórnarinnar hvort fundinum skyldi haldið áfram. Var það samþykkt með shlj. atkv.

Var nú gengið til atkvæða um frumvarpið og breytongartillögur þær, er fram.höfðu komið og féllu atkvæði á þessa leið:

Yfirskrift yfir I. Kafla með breytingartill. Jóns Ásbjörnssonar við 1. gr. með viðaukanum: "afgreiðslustaðir bifreiða" bætist inn í eftir knattborðsstofum.

1. gr. með áorðnum breytingum var síðan samþ. með shlj. atkv.

Brtl. P. H. við 2. gr. var felld með 7:7 atkv.

2. - 4. gr. var samþ. með samhlj. atkv.

Brtl. Ól. Fr. við 5. gr. var felld með 6:6 atkv.

5.-6. gr. voru samþ. með shlj. atkv.

Fyrri brtl. P. H. við 7. gr. var samþ. með shlj. atkv.

Síðari ~~till~~ brtl. P. H. við sömu gr. var samþ. með 8:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. gr. með áorðinni breytingu var síðan samþ.
með samhlj. atkv.
8. og 9. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtl. Ól. Fr. við 10. gr. var samþ.
með 9:3 atkv.
Brtl. P. H. við sömu gr. var samþ.
með shlj. atkv.
10. gr. með áorðinni breytingu samþ. með
shlj. atkv.

~~II.-Kafli.~~
Brtl. Þ. Sv. (um bíll í stað "bifreið" var
borin undir atkv.:
í tvennu lagi, og var fyrri hlutinn felldur
með 7:6 atkv.
Síðari hlutinn var þá tekinn aftur.

II. kafli.
Yfirskriftin var samþ. með shlj. atkv.
Brtl. P.H. við 11. gr. var felld með shlj.
atkv.
Brtl. Ól. Fr. við sömu gr. var felld með
6:6 atkv.
11. gr. óbreytt var síðan samþ. með 7:5 atkv.
Brtl. Ól. Fr. við 12. gr. var samþ. með
8:4 atkv.
Önnur brtl. Ól. Fr. við sömu gr. var samþ.
með 8:3 atkv.
Þriðja brtl. Ól.Fr. við sömu gr. var samþ.
með 8:5 atkv.
12. gr. með áorðnum breytingum síðan samþ.
með 7 gegn 2 atkv.
Brtl. Ól. Fr. við 13. gr. var felld með
8:1 atkv.
13.- 16. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 17. gr. var felld með
9:1 atkv.
17. gr. óbreytt samþ. með shlj. atkv.
Viðbótartill. Ól. Fr. við 18. gr. ásamt
síðari brtt. var felld með 7:6 arkv.
18. gr. óbreytt var síðan samþ. með 7:2 atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 19. gr. var felld með
7:6 atkv. og varatill. var einnig felld
með 7:6 atkv.
Brtl. Jóns Ásbjörnss. við sömu gr. (12 ára
í stað 14 ára) var samþ. með
7:6 atkv.
Fyrri brtt. Guðrúnar Jónasson við sömu gr.
var felld með 9:3 atkv. og
síðari brt . hennar var einnig felld
með 8:3 atkv.
19. gr. með áorðinni breytingu var síðan samþ.
með 7:4 atk .
20. og 21. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Fyrri brtt. Ól. Fr. við 22. gr. var tekin
aftur, en lögreglumálanefnd hafði tekið
hana upp með breyttu orðalagi og var
hún samþ. þannig
með samhljóða,atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Síðari brtt. Ól. Fr. við sömu gr. var
felld með 6:6 atkv.
22. gr. með áorðinni breytingu var síðan
samþ. með shlj. atkv.
23. og 24. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Fyrri brtt. P.H. við 25. gr. var samþ.
með shlj. atkv. og síðari brtt. hans við
sömu gr. var einnig samþ. með shlj. atkv.
25. gr. með áorðnum breytingum var samþ.
með shlj. atkv.
26. og 27. gr. voru samþ. með shlj. atkv.

III. kafli.

Yfirskriftin var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 28. gr. var felld með
~~66~~ 6:6 atkv.
Brtt. P. H. við sömu gr. var samþ.
með shlj. atkv.
28. gr. svo breutt var samþ. með shlj. atkv.
29. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. (lögreglumálanefndar) við 30. gr.
var samþ. með 7:3 atkv.
Brtt. Ól. Fr. við sömu gr. bar samþ.
með shlj. atkv.
30. gr. með áorðnum breytingum var samþ.
með shlj. atkv.
Brtt. Jóns Ás. við 30. gr.
var samþ. með 7:3 atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 31. gr. var felld með 5:5 atkv.
Brtt. P.H. við sömu gr. var samþ. með 6:1 atkv.
31. gr. svo breytt samþ. með með shlj. atkv.
32. gr. var samþ. me shlj. atkv.
Brtl. Ól. Fr. við 33. gr. var samþ. með
6:5 atkv.
33. gr. svo breytt var samþ. með 6:3 atkv.
34. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Fyrri brtt. Ól. Fr. við 35. gr. var samþ.
með 6-5 atkv.
Síðari brtt. Ól.Fr. við ~~sömu~~ ~~...~~ gr.
var felld með 8:4 atkv.
35. gr. með áorðinni breytingu var síðan
samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól.Fr. við 36. gr. var samþ. með
shlj. atkv.
36. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól.Fr. við 37. gr. var felld með 6:5 atk.
37. gr. óbreytt samþ. með 5:1 atkv.
Brtt. Ól.Fr. við 38. gr. var tekin aftur, en
í stað hennar hafði lögreglumálanefnd
gert aðra brtt., er var samþ.
með 6:1 atk .
Brtt. Guðrúnar Jónasson við sömu gr. var
samþ. með shlj. atkv.
38. gr. með áorðnum breytingum var síðan samþ.
með shlj. atkv.
Brtt. borgarstjóra við 39. gr. var samþ.
með shlj. atkv.
39. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. kafli.

Fyrirsögn kaflans og 40. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 41. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Önnur brtt. Ól.Fr. við sömu gr. var felld með 6:5 atkv.
Brtt. Jón Ásbj. við sömu gr. var samþ. með shlj. atkv.
41. gr. svo breytt var samþ. með shlj. atkv. og þá jafnframt, að í samræmi við brtt. Ól.Fr. komi síðar í greininni komi "eða bæjarstjórn" á eftir orðinu "lögreglustjóri".
Brtt. Kj. Ól. við 42. gr. var samþ. með 8:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Guðm. Ásbjörnsson | Borgarstjóri |
| Guðrún Jónasson | Ágúst Jósefsson |
| Haraldur Guðmundsson | Hallgrímur Benidiktsson |
| Kjartan Ólafsson | Jón Ásbjörnsson |
| Ólafur Friðriksson | Jón Ólafsson |
| Sigurður Jónasson | Pétur Halldórsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | |
| Þórður Sveinsson. | |

42. með áorðinni breytingu var síðan samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 43. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. nefndarinnar við sömu gr. var einnig samþ. með shlj. atkv.
43. gr. svo breytt var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Kj. Ól. við 44. gr. var samþ. með 7:4 atkv.
Önnur brtt. Kj. Ól. við sömu gr. var samþ. með 7:4 atkv.
44. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 45. gr. var samþ. shlj. atkv.
Brtt. Ól.Fr. við sömu gr. tekin aftur.
Brtt. Jóns Ásbj. við sömu gr. var felld með 5:5 atkv.
45. gr. með breytingu samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 46. gr. samþ. með samhlj. atkv.
46. gr. svo breytt var samþ. með shlj. atkv.
47. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 48. gr. var samþ. með 7:6 atlv.
Brtt. Jóns Ásbjörns. við sömu gr. var felld með 7:5 atkv.
Síðari brtt. Jóns Ásbj. við 48. gr. var tekin aftur.
48. gr. svo breytt var samþ. með shlj. atkv.
49. gr. var samþ. með 8:3 atkv.

V. kafli.

Fyrirsögnin var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. við 50. gr. var samþ. með samhlj. atkv.
Brtt. nefndarinnar við 50. gr. c. lið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Jón Ásbj. við sama lið var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól. Fr. c.lið 50. gr. tekin aftur
Brtt. Jóns Ásbj. við d-lið var felld með 5:3 atkv.
Brtt. Ól.Fr. við e-lið þannig breytt, að í stað orðanna "götum bæjarins" komi "fjölförnum götum" var felld með 8:6 atkv.
50. gr. með áorðnum breytingum var síðan samþ. með shlj. atkv.

VI. kafli.

Fyrirsögnin og 51. - 54.gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 55. gr. var samþ. með shlj. atkv.
55. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.
56. - 58. gr., fyrirsögn VII. kafla og
59. - 62. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 63. gr. samþ. með shlj. atkv.
63. gr. með þeirri breytingu var samþ. með shlj.atkv.
64. gr. var samþ. með shlj. atkv.

VIII. kafli.

Fyrirsögnin var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Jóns Ásbj. við 65. gr. var borin undir atkv. í tvennu lagi og var fyrri hlutinn samþ. með shlj. atkv. síðari hlutinn var samþ. með 6:5 atkv.
65. gr. svo breytt var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 66. gr. var samþ. með shlj. atkv.
66. gr. (með breytingu) samþ. með shlj. atkv.
67. - 69. gr. voru samþ. með shlj. atkv.

IX. kafli.

Fyrirsögnin var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. Ól.Fr. við 70. gr. var felld með 5:4 atkv.
70. - 73. gr. fyrirsögn X. kafla og
74. - 75. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 76. gr. var felld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Hallgrímur Benidiktsson | Borgarstjóri |
| Jón Ásbjörnsson | Guðm. Ásbjörnsson |
| Ólafur Friðriksson | Guðrún Jónasson |
| Pétue Halldórsson | Haraldur Guðmundsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ólafsson |
| Þórður Sveinsson | Kjartan Ólafsson |
| | Stefán Jóh. Stefánsson. |

Ágúst Jósefsson greiddi ekki atkv.
76. gr. var síðan samþ. með shlj. atkv.

XI. kafli.

Fyrirsögnin var samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 77. gr. var samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

77. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 78. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Önnur brtt. P.h. við sömu gr. var einnig samþ. með shlj. atkv.
78. gr. með áorðnum breytingum síðan samþ. með með shlj. atkv.
Brtt. borgarstjóra við 79. gr. var samþ. með 7 shlj. atkv.
Brtt. P.H. við sömu gr. var samþ. shlj. atkv.
Brtt. borgarstjóra við sömu gr. var felld með 6:3
Brtt. Þórðar Sveinssonar var samþ. með 8:4 atkv.
79. gr. með áorðnum breytingum var síðan samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 80. gr. var samþ. shlj. atkv.
80. gr. ~~samþ.~~svo breytt samþ. með shlj . atkv.
Brtt. Ól.Fr. við 81. gr. var felld með 7:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágúst Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðmundur Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Guðrún Jónasson |
| Ólafur Friðriksson | Hallgrímur Benidiktsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ásbjörnsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Jón Ólafsson |
| | Pétur Halldórsson |

Þórður Sveinsson greiddi ekki atkv.
81. gr. óbreytt var síðan samþ. með 8:3 atkv.
82. - 84. gr. samþ. með shlj. atkv
Brtt. borgarstjóra við 85. gr. var samþ. með shlj. atkv.
85. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.

XII. kafli.

Fyrirsögnin samþ. með shlj. atkv.
86.- 87. gr. samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 88. gr. var samþ. shlj. atkv.
88. gr. eftir breytinguna samþ. með shlj. atkv.
89. - 91. gr. voru samþ. með shlj. atkv.
Brtt. P.H. við 92. gr. samþ. shlj. atkv.
92. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.
93. gr. var samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Ól.Fr. um burtfellingu 94. greinar var samþ. með 4:4 atkv. og breytist greinatalan samkv. því.

XIII. kafli.

Fyrirsögnin og 95. - 100. gr. (sem verða 94. - 99. gr.) samþ. með shlj. atkv.
Ákvæðið um gildistöku samþykktarinnar, sem verður 100. gr.
var samþ. með shlj. atkv.

Frumvarpið í heild með áorðnum breytingum var síðan samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XIII. Útsvarsmál.
Rætt fyrir luktum dyrum.

Hallur Þorleifsson, Lækjargötu 12 B
Samþ. var með 7:1 atkv. að fella burtu
1000 kr. útsvarsskuld hans
frá 1927 -'28.

Þá var með shlj. atkv. samþ. að fresta upplestri
og undirskrift gjörðabókarinnar
til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 1.3o f.h. 6. sept.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Pétur Halldórsson.
Hallgr. Benidiktsson. Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. H. Guðmundsson. Þórður Sveinsson.
Theódór Líndal. Jón Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.
Jón Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 19. september var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Hófst fundurinn kl. 17.08 og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Pétur Halldórsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Theódór Líndal, Þórður Sveinsson, Jón Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Þetta gerðist á fundinum:

Áður en gengið var til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, samþykkt og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. þ.m. lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra um að vísa 2. lið til byggingarnefndar var samþ. með 8:5 atkv.
Svo hljóðandi tillaga frá Þórði Sveinssyni: "Bæjarstjórnin mælir með því fyrir sitt leyti, að byggingarleyfið í öðrum lið byggingarnefndar frá 14. sept. s.l. sé leyft" ö kom ekki til greina.
3. - 20. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin þannig breytt samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 17. sept. lögð fram.
Kl. 20 var fundi frestað til kl. 21.30.
Kl. 21.35 hófst fundurinn á ný og voru þá mættir allir sömu bæjarfulltrúar, er áður sátu fundinn..
Í sambandi við fundargerðina kom fram eftirfarandi tillaga frá Harakdi Guðmundssyni:
"Bæjarstjórnin leggur fyrir húsnæðisnefnd að láta semja sérstakar yfirlitsskýrslur um þær íbúðir, sem taldar eru kaldar, dimmar, rakar, loftlitlar eða heilsuspillandi af öðrum ástæðum, ennfremur um íbúðir í kjöllurum og undir súð. Skulu skýrslur þessar sýna íbúafjölda og barnafjölda í íbúðum þessum, ástandi íbúðanna, leigumála per teningsmeter á ári og loftrúm í íbúðarherbergjum á íbúa hvern svo og samanburð um þetta við hinar stærri íbúðir."
Frá Theódór Líndal kom fram ~~tillaga~~ eftirfarandi tillaga við tillögu Haraldar Guðmundssonar:
"Eg legg til að tillagur Haraldar Guðmundssonar viðvíkjandi störfum húsnæðisnefndar, verði vísað til þeirrar nefndar til athugunar."
Fundargerð fasteignanefndar samþ. í heild með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillaga Theódórs Líndals var þá borin undir atkv. og samþ. með 9:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Borgarstjóri | Haraldur Guðmundsson |
| Guðmundur ÁSBJÖRNSSON | Kjartan Ólafsson |
| Guðrún Jónasson | Ólafur Friðriksson |
| Hallgr. Benidiktsson | Stefán Jóh. Stefánsson |
| Jón Ásbjörnsson | |
| Jón Ólafsson | |
| Pétur Halldórsson | |
| Theódór Líndal | |
| Þórður Sveinsson. | |

III. Fundargerð fátækranefndar frá 12. september lögð fram.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 18. september lögð fram og samþ. með ~~shlj. atkv.~~ 7:3 atkv.

V. Tillaga um afgreiðslu umsókna um skólavist fyrir óskólaskyld börn.
"Bæjarstjórnin felur fátækranefnd til afgreiðslu umsóknir um ókeypis kennslu í barnaskólanum næsta skólaár, og skólanefnd að ákveða um skólavist barna, sem ekki eru á skólaskyldualdri."
Till. samþ. með shlj. atkv.

VI. Erindi lögreglustjóra um eftirlaun handa lögregluþjónum.
Að tillögu borgarstjóra var samþ. með shlj. atkv. að ræða erindi þetta fyrir luktum dyrum. - Viku áheyrendurnir þá af fundarstað.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu út af erindinu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að veita Jónasi lögregluþjóni lausn frá starfi sínu frá 1. október og að greiða honum 500 krónur í eftirlaun til ársloka, en eftir það samkvæmt þeim reglum, er settar verða um eftirlaun starfsmanna bæjarins."
Tillagan samþ. með samhljóða atkv.
Í sambandi við þetta mál bar Stefán Jóh. Stefánsson eftirfarandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur fjárhagsnefnd að athuga frumvarp til reglugerðar fyrir eftirlaunasjóð starfsmanna Reykjavíkur, sem á sínum tíma var send bæjarstjórninni, og leggja fyrir næsta bæjarstjórnarfund tillögur sínar um frumvarp þetta.+
Frá Theódór Líndal kom fram eftirfarandi breytingartillaga við tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar :
Fyrir orðin frá "fyrir - - - - - - þetta" komi:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"hið fyrsta tillögur mínar fyrir bæjarstjórn."

Breytingartillaga Th. Líndals samþ. með 7:4 atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar ,með áorðinni breytingu samþ. með shlj. atkv..

Fundargerðin lesin, samþykkt og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 12 á miðnætti.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Jón Ólafsson. Hallgrímur Benidiktsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. Stefán Hóh. Stefánsson. H. Guðmundsson. Theódór Líndal. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, fimmtudaginn 3. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Hófst fundurinn kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Jónasson, Pétur Halldórsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Theídór Líndal, Jón Ásbjörnsson, Magnús Kjaran, Guðrún Jónasson, Jón Ólafsson.

Hallgrímur Benidiktsson kom skömmu síðar.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. september lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 1. október lögð fram.

Tillaga kom frá Haraldi Guðmundssyni um að fresta 1. og 2. lið fundargerðarinnar en gún var felld með 9:6 atkv. að viðhöfðu nafbakalli og sögðu:

| Já: | Nei: |
|---|---|
| Ágús Jósefsson | Borgarstjóri |
| Haraldur Guðmundsson | Guðm. Ásbjörnsson |
| Kjartan Ólafsson | Hallgr. Benidiktss. |
| Ólafur Friðriksson | Jón Ásbjörnsson |
| Sigurður Jónasson | Jón Ólafsson |
| Stefán Jóh. Stefánsson | Magnús Kjaran |
| | Pétur Halldórsson |
| | Theódór Líndal. |

1. - 2. liður samþ. með 9:5 atkv.
3. - 4. liður samþ. með samhlj. atkv.
5. liður samþ. með 9:3 atkv.
6. liður samþ. með 9:1 atkv.
Fundargerðin í heikd samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð veganefndar frá 1. október lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 26. september var lögð fram.
5. liður samþ. með shlj. atkv.
7. liður samþ. með samhlj. atkv.

V. Fundatherð fjárhagsnefndar frá 2. október kögð fram.

Kl. 8 var ákveðið fundarhlé til kvöldverðar til kl. 9.45.

Kl. 9.45 hófst fundurinn á ný og vóru þá mættir auk borgarstjóra : Guðmundur Ásbjörnsson, Hallgrímur Benidiktsson, Pétur Halldórsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Theódór Líndal og Jón Ólafsson.

Jón Ásbjörnsson og Guðrún Jónasson komu kl. 9.55 og Sigurður Jónasson kom litlu síðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ágúst Jósefsson kom kl. 10.1o
Magnús Kjaran kom ekki aftur á fundinn.

1. - 3. liður fundargerðarinnar samþ. með shlj. atkv.
atkvæðagreiðsla um 4. lið frestað þangað til síðar á fundinum.

   Fram kom tillaga frá Ólafi Friðrikssyni, um að leyft væri að kjósa mann utan bæjarstjórnar í nefndina. Var það samþ. með 6:5 atkv.
   Í nefndina voru kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
   - Guðmundur Ásbjörnsson,
   - Ólafur Friðriksson,
   - Jakob Möller,
   - Kjartan Ólafsson,
   - Pétur Halldórsson.

7. Sóttvarnanefnd.
   Kosninguna varð að tvítaka. Fór svo í fyrra skiptið, að Guðmundur Ásbjörnsson fékk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 atkv., Jón Ólafsson 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir. Var sú kosning véfengd. Í síðara skiptið hlaut kosningu Guðmundur Ásbjörnsson með 8 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

8. Stjórn Aldamótagarðsins.
Kosningu hlaut Pétur,Hafstein með 8 atkv. Jón Baldvinsson hlaut 5 atkv.og Hermann Jónasson 2 atkv.

9. Stjórn Íþróttavallarins.
Kosningu hlaut Pétur Hafstein með 8 atkv. Hermann Jónasson hlaut 3 atkv, en 4 seðlar voru auðir.

VIII. Kosinn 1 maður í heilbrigðisnefnd.
Kosningu hlaut Guðrún Jónasson með 8 atkv., Pétur Hafstein hlaut 1 atkv. en 6 seðlar voru auðir.

IX. Kosinn 1 maður í stjórn fiskimannasjóðs.
Kosningu hlaut Jón Ólafsson með 8 atkv., Pétur Hafstein hlaut 5 atkv. en 2 seðlar voru auðir.

X. Kosinn 1 maður til að semja verðlagsskrá.
Kosningu hlaut Einar Helgason garðyrkjumaður með 8 atkv. 7 seðlar voru auðir.

XI. Tilkynnt staðfesting ráðuneytisins á reglugerð fyrir eftirlaunasjóð Reykjavíkurborgar.

XII. Kosnir 3 bæjarfulltrúar í stjórn eftirlaunasjóðsins.
Kosningu hlutu af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Ágúst Jósefsson,
Jakob Möller.

XIII. Kosnir 2 endurskoðendur bæjarreikninganna og 2 til vara:
Aðalendurskoðensur voru kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Þórður Sveinsson læknir og
Ólafur Friðriksson.
Vara- endurskoðendur voru kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Björn E. Árnason og Pétur Lárusson.

Þá var dagskrá lokið, en Ólafur Friðriksson fór þess þá á leit að sér væri leyft að hreyfa máli utan dagskrár. Var það fellt.
Fram kom tillaga um að fresta lestri og staðfestingu gerðabókar til næsta fundar. Var hún samþ. með 8:4 atkv.
Fundi slitið kl. 7.45.
Með því að bæjarstjórnin hefir kosið mann utan bæjarstjórnar í skólabyggingarnefnd, en ég tel þetta með öllu óheimilt, felli ég samkv. 5. gr. laga nr. 49, 30. nóvember 1914 kosninguna í skólabyggingarnefnd úr gildi að sinni.
K.Zimsen.

Jakob Möller. Páll E. Ólason. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson(hands.). P.Hafstein. Guðm. Eiríksson. Pétur Halldórsson. Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Jónasson. Hermann Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson. Haraldur Guðmundsson. Einar Arnórsson. Guðrún Jónasson. Jón Ólafss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 20. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólasoson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson.

Áður en gengið væri til dagskrár, var fundargerð síðasta fundar lesin staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Sigurbergs Elíssonar nr. 71 við Grettisgötu | 2665 | 17985.- |
| 2. | Hús Haraldar Guðmundssonar, Ámunda Sigurðssonar og Guðjóns Jónssonar við Mjölnisveg | 2677 | 6360.- |
| 3. | Hús Gissurs Sv. Sveinssonar nr.6 við Fjölnisveg, | 2567 | 32325.- |
| 4. | Hús Sveins Einarssonar, nr. 72 við Grettisgötu | 2635 | 24000.- |
| 5. | Hús Diljár Ólafsdóttur, nr. 17 við Vitastíg | 712 | 16994.- |
| 6. | Hús Guðmundar Kristjánssonar við Geirsgötu | 2676 | 3971.- |
| 7. | Hús Jóhanns Jónssonar, nr.69 við Hverfisgötu | 617 | 13000.- |
| 8. | Hús Péturs Halldórssonar nr.18 við Austurstræti | 99 | 32335.- |
| 9. | Hús sama, nr. 38 við Túngötu | 1085 | 31080.- |
| 10. | Hús Helgu Ófeigsdóttur, nr. 20 við Ingólfsstræti | 975 | 18168.- |
| 11. | Hús Valgeirs Kristjánssonar og Guðm. Benediktssonar nr. 92 A við Hverfisgötu | 1656 | 11175.- |
| 12. | Hús Jóns Elíðberg og Hallfríðar Bjarnadóttur nr.27 við Njarðargötu | 2157 | 32770.- |
| 13. | Hús Lárusar Fjeldsted, nr. 33 við Tjarnargötu | 1225 | 54127.- |
| 14. | Hús Magnúsar Helgasonar og Ásmundar Guðmundssonar nr. 75 við Laufásveg | 2621 | 52654.- |
| 15. | Hús Eggerts Kristjánssonar nr. 30 við Túngötu | 2628 | 69570.- |
| 16. | Hús Jóhönnu Þorsteinsson nr. 27 við Ægisgötu | 2628 | 40015.- |
| 17. | Sigfúsar Blöndahl í Haga | 2670 | 3855.- |
| 18. | Hús Sigþórs Guðjónssonar nr. 9 við Seljaveg | 2649 | 38110.- |
| 19. | Hús Þórarins Kjartanssonar nr. 76 við Laugaveg | 1238 | 1040.- |
| 20. | Hús Sveins Jónssonar nr. 84 við Grettisgötu | 2612 | 35520.- |
| 21. | Hús Halldórs Jónssonar nr. 79 við Grettisgötu | 2626 | 32720.- |
| 22. | Hús Walters Sigurðssonar og Kr.Jacobson nr. 3 við Garðastræti | 2601 | 82230.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 23. | Hús J. P. Lange nr. 9 í Sogabletti | 2630 | 10475.- |
| 24. | Hús Aðalsteins Eiríkssonarnr. 16 í Sogabletti | 2648 | 12480.- |
| 25. | Hús Bergs Jónssonar, nr. 140 við Laugaveg | 2365 | 24880.- |
| 26. | Hús Péturs Guðmundssonar nr. 18 við Klapparstíg | 244 | 16535.- |
| 27. | Hús Þorsteins Sigurgeirssonar nr. 27 við Klapparstíg | 195 | 31248.- |
| 28. | Hús ríkissjóðs, nr.3 við Pósthúss. | 2061 | 2640.- |
| 29. | Hús Haralds Árnasonar, nr2 Lækjarg. | 32 | 69295.- |
| 30. | Hús Haralds Björnssonar nr. 83 við Bergstaðastræti | 2622 | 41548.- |
| 31. | Hús Guðm. Bergssonar nr. 64 við Bergstaðastræti | 1405 | 54794.- |
| 32. | Hús Einars Kristjánssonar nr. 5 við Fjölnisveg | 2633 | 27400.- |
| 33. | Hús Ólafs Magnússonar nr. 24 við Laugaveg | 202 | 43330.- |
| 34. | Hús Páls Magnússonar Blönduhlíð við Skólavörðustíg | 1369 | 29525.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. febrúar lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. febr. lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 12. febr. lögð fram.
Í sambandi við 3. lið fundargerðarinnar báru Pétur Halldórsson og Jón Ólafsson fram svo hljóðandi tillögu:

> "Bæjarstjórnin lítur svo á, að ekki sé fært að koma upp líkbrennslustofnun, sem byggð sé og rekin á kostnað bæjarsjóðs, nema fyrir liggi áður upplýsingar um, hve almennur vilji stendur að þessu máli í bænum, og ályktar því að kjósa nefnd til þess að leita undirtekta bæjarbúa um málið."

Fundargerðin samþ. í heil með shlj. atkv.
Haraldur Guðmundsson lagði til að tillögu Péturs Halldórssonar og Jóns Ólafssonar væri vísað til fjárhagsnefndar. Var það samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð veganefndar frá 19. febr. lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 13. febrúar lögð fram. 27. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 17. febrúar lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 21. janúar lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð hafnarnefndar frá 17. febrúar lögð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram og samþ. í heild með samhljóða atkvæðum.

Kl. 8.20 bar forseti undir atkvæði hvort hafa skyldi fundarhlé til kvöldverðar. Var það samþ. með 6:5 atkv.

Kl. 10 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og áður nema Páll E. Ólason, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóh. Stefánsson og Ágúst Jósefsson.

X. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 21. janúar lögð fram. Hermann Jónasson bar fram svohljóðandi viðaukatillögu: vj´tillögu þá, sem um ræðir í fundargerðinni:

"Bæjarstjórnin felur jafnframt fjárhagsnefndinni að fylgjast með undirtektum Alþingis og ríkisstjórn í málinu, ef Alþingi eitt treystist ekki til að leysa það."

Tillagan í fundargerðinni samþ. með shlj. atkv. Viðaukatillaga Hermanns Jónassonar samþ. með shlj. atkv.

XI. Kosnir 3 bæjarfulltrúar til að semja skrá yfir gjaldendur til ellistyrktarsjóðs. Kosnir voru af tveim listum án atkvæðagreiðslu:

Pétur Halldórsson
Ágúst Jósefsson
Pétur Hafstein

XII. Lögreglumálefni (Hermann Jónasson). Flutningsmaður óskaði eftir að umræður færu fram fyrir luktum dyrum.
Var það samþ. með 7:2 atkv., og viku áheyrendur þá af fundarstað.
Kl. 12 bar forseti undir atkv. hvort halda skyldi fundinum áfram.
Var það samþ. með 8:1 atkv.
Hermann Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur lögreglustjóra og borgarstjóra í sameiningu að ráða Harald Johnson, sem nú er í lögreglu Xhicago-borgar, sem yfirlögregluþjón í Reykjavík, ef núverandi yfirlögregluþjónn tekur við annari stöðu. Ennfremur að semja um heimfararstyrk við Harald Johnson."

Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.

Gerðabók lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 12.17.

Jakob Möller. Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Sigurður Jónasson. Hermann Jónasson. P.Hafstein. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Pétur Halldórsson. Jón Ólafsson. Einar Arnórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 6. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni: Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson og ennfremur vara bæjarfulltrúi Kjartan Ólafsson.

Áður en gengið væri til dagskrár gat forseti þess, að sér hefði borizt svo hljóðandi vottorð frá Friðrik Björnssyni lækni:

"Ágúst Jósefsson heilbr. hefir legið rúmfastur síðan 28/II, og má ekki fara á fætur að svo stöddu."

Bar forseti þá undir atkvæði, hvort Kjartani Ólafssyni skyldi leyft að taka sæti Ágústs Jósefssonar, og var það samþ. með shlj. atkv.

Þá var gengið til dagskrár, og gerðist þetta:

I. Kosning borgarstjóra.
Forseti las upp umsóknir frá þessum mönnum:
M. Júl. Magnús lækni
Hallbirni Halldórssyni, prentsmiðjustjóra og
Knud Zimsen.

Kosninguna varð að tvítaka. Fór svo hið fyrra sinn, að Knud Zimsen fékk 7 atkvæði, M. Júl. Magnús 7 atkvæði, en 1 seðill var auður. Í síðara skiptið fékk Knud Zimsen 8 atkvæði og M. Júl. Magnús 7 atkvæði. Lýsti forseti þá

Knud Zimsen

rétt kjörinn borgarstjóra yfirstandandi kjörtímabil.

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 1. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. marz lögð fram.
Tillaga meiri hluta nefndarinnar í 1. lið sþ. með 8:£ atkv.
- meiri hl. nefndarinnar í 2. lið sþ. með 8:4 atkv.
- - - - í 3. - - - shlj. atkv.
4.- 5. liður samþ. með shlj. atkv.
6a. lið vísað til 2. umræðu með shlj. atkv.
6b.- 11. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með 9:1 atkv.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá 3. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 27. febrúar lögð fram.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 4. marz lögð fram.
1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar í 4. lið felld með 8:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Já: Kjartan Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.
Nei: Einar Anarson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
5.- 6. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Tilkynning um að atvinnu- og samgönfumálaráðuneytið hafi samþykkt að stofna skuli byggingarsjóð í Reykjavík samkv. lögum um verkamannabústaði.

VIII. Erindi Jóns Jónssonar og Sig. B. Runólfssonar um afnot af barnaskólahúsinu við Fríkirkjuveg til gistinga og veitinga í sumar.
Erindinu vísað til skólanefndar til umsagnar með shlj. atkv.

IX. Um bann gegn notkun nokkurra veitingastofa (Tillögur heilbrigðisnefndar).
Tillögur heilbrigðisnefndar samþ. með shlj. atkv.

X. Útsvarsmál. (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Lúðvig Einarsson málari. Samþ. að fella burtu 130 kr. af útsvari hans 1927 - 1928.
2. Skarphéðinn Jónsson, Barónsstíg 19. Samþ. að fella burtu 40 kr. af útsvari hans 1927.
3. Hákon Jónasson, Ránargötu 33 A. Samþ. að fella burtu 115 kr. af útsvari hans.
4. Sigurður Benediktsson Litla-Melstað. Samþ. að fella burtu 60 kr. af útsvari hans 1928.
5. Stefán Jónsson, Hverfisgötu 87. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1928, 150 kr.
6. Sigurður Jónsson, Mjölnisvegi 46. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1928, kr. 70.-
7. Sig. B. Runólfsson kaupmaður. Samþ. með 7:6 atkv. að fella burtu 1500 kr af útsvari hans 1928.
8. Vigdís Jakobsdóttir verzlunarm. Samþ. að fella burtu útsvar hennar 1928, kr. 10.-
9. Georg Takács stud. med. Samþ. að fella burtu 250 kr. af útsvari hans 1928.

Lestri og staðfestingu gerðabókar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 8.1o síðdegis.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Jakob Möller. Páll E. Ólason. Hermann Jónasson. Sig. Jónasson. Ólafur Friðriksson. Stefán Jóh. Stefánsson. H. Guðmundsson. Pétur Hafstein. Einar Arnórsson. Guðm. Eiríksson. Pétur Halldórsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 20. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og viru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundssin, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Péturs Ingjaldssonar, nr. 4 við Marargötu | 2683 | 54780.- |
| 2. | Hús Jóns Jónssonar, nr. 8 b við Njálsgötu | 2262 | 1330.- |
| 3. | Hús Haralds Guðmundssonar, nr. 14 við Ljósvallagötu | | 47370.- |
| 4. | Hús Bjarna Sæmundssonar, nr. 14 við Þingholtsstræti | 187 | 21797.- |
| 5. | Hús Ásmundar Jónssonar, nr. 58 við Hverfisgötu | 537 | 17370.- |
| 6. | Hús Ólafs Magnússonar, nr. 3 við Templarasund | 862 | 82535.- |
| 7. | Hús Ólafs Jónssonar, nr. 25 við Garðastræti | 68 | 12720.- |
| 8. | Hús Gísla J. Eylands, nr. 23 við Garðastræti | 2684 | 3270.- |
| 9. | Hús Sæmundar Helgasonar, nr. 7 við Bókhlöðustíg | 626 | 18959.- |
| 10. | Hús Sigurðar B. Breiðfjörð nr. 34 við Grettisgötu | 645 | 3815.- |
| 11. | Hús Kristjáns Siggeirssonar, nr. 4 A. við Smiðjustíg | 2658 | 9070.- |
| 12. | Hús Óskars Bjartmarz, nr. 21 við Bergstaðastræti | 437 | 7760.- |
| 13. | Hús Hjálmars Jónssonar og Ingveldar Eiríksdóttur, Nýlendugötu | 2626 | 43471.- |
| 14. | Hús Karls Finnssonar, nr. 57 við Grettisgötu | 2569 | 33555.- |
| 15. | Hús Jóns Oddssonar, nr. 57 A við Grettisgötu | 2690 | 33465.- |
| 16. | Hús Sophy Bjarnarson, nr. 17 við Vesturgötu | 76 | 84190.- |
| 17. | Hús Einars og Ingimundar Sigurðssona nr. 18 við Ljósvallagötu | 2655 | 45042.- |
| 18. | Hús Guðmundar Ásbjörnssonar, nr. 9 við Fjölnisveg | 2686 | 58540.- |
| 19. | Hús Jóns Bjarnasonar, nr. 13 A við Skólavörðustíg | 2230 | 3100.- |
| 20. | Hús Filipusar Snjólfssonar, nr. 5 við Bergþórugötu | 1686 | 390.- |
| 21. | Hús Jóns Kristjánssonar , nr. 30 við Baldursgötu | 1724 | 57170.- |
| 22. | Hús Jóns Þorkelssonar, nr. 79 við Njálsgötu | 2666 | 31070.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. Hús Aðalsteins Kristinssonar og Pálma Einarssonar, Fjölnisveg 11 Brbnr.: 2650.- Kr.: 61598.-
24. Hús st. Josephss systra, sjúkrahús við Túngötu 692 26302.-
25. Hús Valdimars Stefánssonar og Júlíusar Ólafssonar, nr. 24 við Framnesveg 2653 31797.-
26. Hús Guðsteins Eyjólfssonar nr. 34 við Laugaveg 365 111173.-

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 15. marz ~~og samþ. í heild~~ lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. marz lögð fram.
Í sambandi við 6. lið fundargerðarinnar bar Haraldur Guðmundsson fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að neyta kaupréttar samkvæmt erfðafestusamningum að erfðafestulöndunum Vatnsmýrarbletti V og Vatnsmýrarbletti VIII.."
Jakob Möller bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 7. lið fundargerðarinnar:
"Bæjarstjórnin ákveður að leigja Jóni Loftssyni lóð nr. 11 við Sjafnargötu."
1. liður samþ. með shlj. atkv.
2. liður kom ekki til atkvæða.
3.- 5. liður samþ. með 8:1 atkv.
Tillaga Haralds Guðmundssonar felld með 7:7 atkv. Forseti úrskurðaði þá, að 6. liður væri þar með afhreiddur, en Ólafur Friðriksson krafðist þess, að sá úrskyrður væri borinn undir atkvæði.
Kl. 8 ákvað forseti fundarhlé til kvöldverðar til kl. 9.30.
Kl. 9.35 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og áður sátu fundinn nema Páll E. Ólafsson, of auk þess Jón Ólafsson.
Var úrskurður forseta ~~þá borinn u~~ um 6. lið þá borinn undir atkvæði og samþ. með 6:4 atkv.
Breytingartillaga Jakobs Möller felld með 5:2 atkv.
Jón Ólafsson lagði til að 7. liður væri borinn undir atkvæði í einu lagi, og var það samþ. með shlj. atkv.
7.- 10. liður samþ. með shlj. atkv.
Jakob Mökker lagði til að 11. lið væri vísað aftur til nefndarinnar, og var það samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, nema 2. liður, samþ. með samhljóða atkvæðum.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 13. marz lögð fram.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 14. marz lögð fram. og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarlaganefndar frá 13. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 18. marz lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Forseti bar undir atkvæði hvort taka mætti einnig á dagskrá fundargerð nefndarinnar frá 14. marz, og var það samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin frá 14. marz samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin frá 18. marz samþ. með shlj. atkv.

VIII. Tilboð um hreinlætistæki í nýja barnaskólann.

Borgarstjóri skýrði frá, að sér hefði borizt þessi tilboð:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Frá Óskari Smith | kr. | 19200.oo |
| 2. Frá J. Þorláksson & Norðmann | - | 16480.oo |
| 3. Frá Helga Magnússyni & Co. | - | 14985.oo |
| 4. Frá Richard Eiríkssyni | - | 13885.oo |

Lagði borgarstjóri til að tekið væri tilboðinu frá Richard Eiríkssyni, og var samþ. með 8:1 atkvæði.

IX. Önnur umræða um kaup á húsum í Ártúni.
Tillaga fasteignanefndar í 2. lið fundargerðar hennar frá 18. marz samþ. með shlj. atkv.

X. Kosning 2 manna í stjórn byggingarsjóðs.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Jakob Möller
Haraldur Guðmundsson.

XI. Kosin nefnd til að athuga og gera tillögur um kærur yfir kjörskrám.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson
Ágúst Jósefsson
Pétur Hafstein.

XII. Kosinn 1 bæjarfulltrúi til að endurskoða reikninga styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafélaganna í Reykjavík.
Kosningu hlaut Guðmundur Eiríksson með 7 atkv.
Páll E. Ólason fékk 1 atkvæði, en 5 seðlar voru auðir.

XIII. Bréf lögreglustjóra, dags. 18. marz, viðvíkjandi búningum lögregluþjóna.
Þrír lögregluþjónar komu á fundinn til þess að sýna búningana, og var gerð búninganna samþ. með shlj. atkv.

XIV. Um ráðningu ritara fyrir bæjarstjórn og nefndir hennar (Fulltrúar Alþýðuflokksins).
Eftir ósk ~~ritara=var=má~~ flutningsmanna var málið tekið af dagskrá.

XV. Skildinganesmálið (Ólafur Friðriksson).
Jakob Möller og Ólafur Friðriksson báru fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn Reykjavíkur lýsir yfir að hún álítur nauðsynlegt framtíð borgarinnar að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skildinganesland verði nú þegar sameinað lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og skorar á Alþingi að samþykkja lagafrumvarp þar að lútandi, er liggur fyrir þinginu."

Tillaga þessi var samþykkt með shlj. atkv.

XVI. Um hornið við Suðurgötu og Túngötu (Ólafur Friðriksson).
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn felur borgarstjóra að leita samkomulags við forráðamenn Hjálpræðishersins, að ekki verði notað, að svo stöddu, byggingarleyfið um stækkun herkastalans út að Suðurgötu."
Tillaga þessi var samþ. með 7:2 atkv.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.45.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Jakob Möller. Sigurður Jónasson. Ó. Friðriksson. Stefán Jóh. Stefánsson. Pétur Hafstein. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson. Guðrún Jónasson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 3. apríl, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, og ennfremur vara - bæjarfulltrúi Guðmundur Jóhannsson, sem mætti í forföllum Guðrúnar Jónasson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Haralds Guðmundssonar, nr.16 við Ljósvallagötu | 2632 | 47370.- |
| 2. | Hús Ottós Guðbrandssonar Melstaður í Laugarási | 2696 | 4695.- |
| 3. | Hús timburverzlunar Árna Jónsson nr. 4 við Vatnsstíg | 492 | 52100.- |
| 4. | Hús Steingríms Guðmundssonar, nr.143 við Laugaveg | 2687 | 38120.- |
| 5. | Hús Þorgríms Guðmundssonar nr, 83 við Hverfisgötu | 775 | 51500.- |
| 6. | Hús Lárusar Björnssonar, nr. 20 við Fjölnisveg | 2697 | 55495.- |
| 7. | Hús h/f Alliance við Mýrargötu | 2137 | 56785.- |
| 8. | Hús Guðrúnar Jónsdóttur, nr. 2 við Haðarstíg | 2668 | 16270.- |
| 9. | Hús Zophoníasar Snorrasonar, nr. 13 við Ásvallagötu | 2693 | 46015.- |
| 10. | Hús Íþróttafélags Reykjavíkur við Túngötu | 458 | 50675.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 1. apríl lögð fram. Tillögur nefndarinnar í 1. og 2. lið samþ. með shlj. atkv.
Ólafur Friðriksson lagði til, að 3. lið væri frestað, og var það samþ. með shlj. atkv.
4.- 6. liður sam. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 27. marz lögð fram.
6. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð veganefndar frá 26. marz lögð fram.
Borgarstjóri skýrð frá, að sér hefði borizt þessi tilboð í pípur í hitaveituna frá laugunum:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Frá Bræðrunum Ormssonum | kr. | 36.700.00 |
| 2. Frá Paul Smith | - | 35.900.00 |
| 3. Frá J. Þorláksson & Norðmann | - | 35.890.00 |
| 4. Frá Helga Magnússyni & Co. | - | 35.150.00 |

Veganefnd lagði til að tekið yrði lægsta tilboðinu.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga veganefndar samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 28. marz lögð fram.
Fellt með 9:6 atkvæðum að mæla með umsókn Láru Pétursdóttur um veitingaleyfi, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já: Haraldur Guðmundsson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Pétur Hafstein, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Nei: Ágúst Jósefsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, ,Guðmundur Jóhannsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson.

2. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð vatnsnefndar frá 1. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 31. marz lögð fram.
1. lið vísað til 2. umr. með shlj. atkv.
2. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 2. apríl lögð fram og samþ. með shlj. atkv.

X. Kosin nefnd til að athuga kirkjugarðs- og bálstofumálið.
Jakob Möller lagði til, að í nefndina væru kosnir borgarstjóri og 2 bæjarfulltrúar í stað 3 bæjarfulltrúa. Var það samþ. með shlj. atkv.
Í nefndina voru kosnir, með borgarstjóra, af tveim listum án atkvæðagreiðslu
Einar Arnórsson og
Ágúst Jósefsson.

XI. Erindi frá undirbúningsnefnd alþingishátíðar um lokun veitingastaðar í sumar.
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við beiðni nefndarinnar um að heimila lögreglustjóra að veita veitingahúsaeigendum undanþágu frá lokunarákvæðinu:
"með því skilyrði, að vinnutími þjónustufólks yfir hátíðisdagana verði aðeins 8 stundir."
"Til vara: 10 stundir."
Borgarstjóri lagði til, að 3 bæjarfulltrúar væru kosnir í nefnd til þess að athuga og gera tillögur um mál, er varða alþingishátíðina. Var það samþ. með samhlj. atkv.

Borgarstjóri las upp 2 erindi frá Jóni Jónssyni og Sigurði B. Runólfssyni um veitingar í barnaskólahúsinu og á Austurvelli, og ennfremur erindi frá forsætisráðherra um stað fyrir myndastyttu af Leifi heppna.
Var erindum Jóns Jónssonar og Sigurðar B. Runólfssonar vísað til fjárhagsnefndar með 7:3 atkv., til athugunar og afgreiðslu, en hinum erindunum ásamt viðaukatillögum Ólafs Friðrikssonar, var vísað til nefndar þeirrar, sem kosin verður samkvæmt tillögu borgarstjóra með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XII. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Timbur og kolaverzlunin í Reykjavík T. Frederiksen. Fellt að verða við beiðni um eftirgjöf.
2. Dr. Ólafur Daníelsson. Samþykkt að fella burtu 615 kr. af útsvari hans.
3. Jón Guðjónsson vélstjóri. Samþ. að fella burtu 135 kr. af útsvari hans og gegn því að e00 kr. verði greiddar.
4. Guðlaugur Kristjánsson, Barónsstíg 32. Samþ. að fella burtu 45 kr. af útsvörum hans 1927 og 1928.
5. Jón Þorsteinsson, Fálkagötu 7. Samþ. að fella burtu 120 kr. af útsvari hans gegn þcí að 155 kr. verði greiddar.
6. Steinn Jónsson vélstjóraskólanemandi. Samþ. að fella burtu 70 kr. af útsvörum hans 1927 og 1928.
7. Guðmundur E. Guðmundsson, Frakkastíg 24 B. Samþ. að fella burtu 30 kr. af útsvari hans.
8. Gestur Kr. Guðmundsson, Hverfisgötu 57. Samþ. að fella burtu útsvör hans 1928 og 1929 kr. 425.

XIII. Einar Arnórsson lagði til, að tekið væri á dagskrá kosning nefndar þeirrar, er um ræðir í XI. lið. Var það samþ. með 7:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu
Já: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Jóhannsson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Pétur Hafstein.
Nei: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Stefán Jóh. Stefánsson,
Ágúst Jósefsson greiddi ekki atkvæði.
Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Jón Ólafsson og Sigurður Jónasson voru fjarstaddir.

Fór þá fram kosning í nefndina. Komu fram fjórir listar, sem forseti merkti A, B, C og D. Hlaut A-listi 3 atkv. , B-listi 2 atkv., C-listi 5 atkv. og D-listi 1 atkvæði.
Hlutu kosningu af :
Guðmundur Ásbjörnsson af C- lista
borgarstjóri af A lista.
Pétur Halldórsson af C lista.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl.

Guðmundur Ásbjörnsson. K.Zimsen. Jakob Möller. Páll Eggert Ólason. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Pétur Hafstein. Guðm. Eiríksson. Guðm. Jóhannsson. Pétur Halldórsson. Einar Arnórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, þriðjudaginn 22. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, og ennfremur vara- bæjarfulltrúi Guðmundur Jóhannsson, sem mætti í forföllum Guðrúnar Jónasson. Hermann Jónasson kom kl. 6.05.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. apríl lögð fram.
Í sambandi við 13. lið fundargerðarinnar bar Stefán Jóhann Stefánsson, fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin mælir með því fyrir sitt leyti, að Sigurði Ólafssyni verði veitt veitt byggingarleyfi það, er hann sækir um á hornlóðinni Vesturgötu nr. 54, samkvæmt umsókn hans þar um."
1.- 12. liður samþ. með shlj. atkv.
Einar Arnórsson lagði til, að máli því, er um ræðir í 13. lið, verði frestað til næsta fundar Var það fellt með 6:3 atkv.
Pétur Halldórsson lagði til, að tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar , ásamt 13. lið fundargerðarinnar , væri vísað til byggingarnefndar. Var það fellt með 7:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Jóhannsson, Páll E. Ólason, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
Nei:Ágúst Jósefsson, Guðmundur Eiríksson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.
Jón Ólafsson var fjarstaddur.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar samþ. með 11:2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já: Ágúst Jósefsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Jóhannsson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.
Nei:Guðmundur Ásbjörnsson, Pétur Halldórsson.
Pétur Hafstein greiddi ekki atkvæði-
Jón Ólafsson var fjarverandi..

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 11. apríl lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við 5. lið fundargerðarinnar:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/samþykkir að

"Bæjarstjórnin felur væntanlegri skemmtigarðsnefnd að athuga breytt skipulag á Austurvelli, þannig, að hann verði opnaður til afnota öllum almenningi vor og sumar, og leggja tillögur sínar þar að lútandi fyrir bæjarstjórnina hið allra bráðasta."

Frá fulltrúum Alþýðuflokksins kom fram svo hljóðandi tillaga í sambandi við 6. lið fundargerðarinnar:

"Bæjarstjórnin ákveður að greiða daglaunamönnum , sem eru í vinnu hjá bænum, sama kaup og aðrir atvinnurekendur greiða almennt."

Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi ~~til~~ breytingartillögu við 4. lið fundargerðarinnar:

"Í stað "2500 kr." komi: 1000 kr., enda hafi fjárhagsnefnd heimild til þess að ákveða verð á gistingu."

Kl. 8.2o bar forseti undir atkvæði, hvort haft skyldi fundarhlé til kvöldverðar. Var það fellt með 7:6 atkv.

Samkvæmt beiðni Haralds Guðmundssonar bar forseti nokkru seinna undir atkvæði, hvort matarhlé skyldi aftur tekið til meðferðar. Var það fellt með 6:6 atkv.

Kl. 9.45 kom fram tillaga frá Guðmundi Jóhannssyni, um að umræðum skyldi þegar slitið. Var hún samþ. með 7:3 atkv.

Breytingartillaga Ólafs Friðrikssonar við 4. lið felld með 7:5 atkv.

4. liður samþ. með shlj. atkv.

5. liður samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar í sambandi við 5. lið samþ. með 6:3 atkv.

Fram kom tillaga frá Pétri Halldórssyni um að vísa tillögu fulltrúa Alþýðuflokksins til fjárhagsnefndar. Var hún samþ. með 8:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: E.A., G.Ás., G.Jóh., J.M., JÓl., PHaf., PHalld.
Nei:ÁJ., HG., HJ., ÓF., SJ., StJSt.

Stefán Jóh. Stefánsson bar fram þá viðaukatillögu við tillögu Péturs Halldórssonar, að nefndinni væri falið að afgreiða málið fyrir næsta bæjarstjórnarfund, pg óskaði það bókað, að forseti hefði tekið á móti nýrri tillögu við fundargerðina eftir að umræðum væri slitið, og í miðri atkvæðagreiðslu, en neitað að taka við og bera upp viðaukatillögu frá sér við þá tillögu, og krafðist bæjarfulltrúinn þess, að færð yrðu til bókar mótmæli sín gegn þessu framferði forseta, sem hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taldi bæði brot á fundarsköpunum og almennu velsæmi.
Forseti kvað sjálfsagt að taka tillögu Péturs Halldórssonar um að vísa tillögunum til fjárhagsnefndar yil greina, þar sem það hefði um langt skeið verið föst venja í bæjarstjórninni að bera slíka tillögu undir atkvæði, þó búið væri að slíta umræðum. Hitt væri á móti öllum venjum að bera upp viðaukatillögu eftir að samþykkt hefði verið að vísa aðaltillögu til nefndar.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 10. apríl lögð fram.
Tillögur nefndarinnar í 16. lið samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 19. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bálstofu- og kirkjugarðsnefndar frá 3. apríl lögð fram.

VII. Fundargerð alþingishátíðarnefndar frá 9. apríl lögð fram.

Tillaga nefndarinnar í 1. lið felld með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og söfðu:
Já: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Jóhannsson, Hermann Jónasson, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
Nei: Ágúst Jósefsson, Einar Arnórsson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Stefán Jóhann Stefánsson.

Jón Ólafsson og Sigurður Jónasson voru fjarstaddir.

Viðaukatillaga Ólafs Friðrikssona í 1. lið kom því ekki til atkvæða.

Tillaga nefndarinnar í 2. lið samþ. með 6:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Jóhannsson, Páll E. Ólason, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
Nei: Guðmundur Eiríksson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Stefán Jóhann Stefánsson.
Einar Arnórsson og Jakob Möller greiddu ekki atkvæði.
Jón Ólafsson og Sigurður Jónasson voru fjarverandi.

VIII. Kosning skemmtigarðsnefndar:
Stefán Jóh. Stefánsson lagði til, að 5 menn yrðu kosnir í nefndina. Var það samþ. með 6:2 atkv.
Í nefndina voru kosnir af tveim listum án atkvæðagreiðslu:
Borgarstjóri,
Hermann Jónasson,
Guðrún Jónasson,
Haraldur Guðmundsson og
Pétur Hafstein.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XI. Umsókn stúdentamótsnefndar um 5000 kr. styrk.

Tillaga frá Jakob Möller um að um að vísa málinu til fjárhagsnefndar og 2. umr. var samþ. með 9:1 atkv.

Gerðabók lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.55.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Sig. Jónasson. Jakob Möller. Einar Arnórsson. Ólafur Friðriksson. Guðmundur Eiríksson. Ágúst Jósefsson. Páll Eggert Ólason. Stefán Jóh. Stefánsson. H. Guðmundsson. Pétur Hafstein. Pétur Halldórsson. Guðmundur Jóhannsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 1. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Sigurður Jónasson, Hermann Jónasson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson og ennfremur vara- bæjarfulltrúar Guðmundur Jóhannsson, sem mætti í forföllum Guðrúnar Jónasson, og Helgi Briem, sem mætti í forföllum Páls E. Ólasonar. Ólafur Friðriksson kom kl. 6.05.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 26. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 29. apríl lögð fram.
1. og 3. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Ágúst Jósefssyni, um að fresta 4. og 5. lið samþ. með shlj. atkv.
6.- 8. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin, svo breytt samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 23. apríl lögð fram.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 25. apríl lögð fram.
1. og 3. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 30. apríl lögð fram, og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 28. apríl lögð fram.
1. og 2. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Kosning yfirkjörstjórnar við landskjör 15. júní.
Fram kom tillaga frá Ólafi Friðrikssyni um, að báðir aðalmennirnir skyldu kosnir í einu með hlutfallskosningu.
Var hún felld með 8:5 atkv.
Fór fyrst fram kosning aðalmanns úr flokki .
Kosningu hlaut:
Einar Arnórsson, með 8 atkv.
Vara- maður úr flokki bæjarfulltrúa var kosinn
Pétur Halldórsson, með 8 atkv.
Aðalmaður utan bæjarstjórnar var kosinn
Jón Ásbjörnsson hrm. með 8 atkv.
Vara-maður utan bæjarstjórnar var kosinn
Lárus Fjeldsted hrm. , með 8 atkv.

VIII. Skipting kjósenda til landskjörs í kjördeildir.
Borgarstjóri lagði til, að kjósendum væri skipt í kjördeildir á þennan hátt

| | | |
|---|---|---|
| I. | kjördeild | Abe bína - Briem |
| II. | - | Bríet - Guðbjörg. |
| III. | - | Guðbjörn - Guðrún Hróbjartsdóttirþ |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. kjördeild Guðrún Illugadóttir - Hólm.
V. - Hólmfríður - Jón Jónsson
VI. - Jón Kjartansson - Leví
VII. - Lilja - Ólafur.
VIII. - Olga - Sigríður Sigurðardóttir.
IX. - Sigríður Skarphéðinsdóttir - Thorlacius
X. - Thoroddsen - Örvar.
XI. - Kjósendur í Laugarnesspítala.

Tillögur borgarstjóra voru samþ. með shlj. atkv.

IX. Önnur umræða um endurbyggingu gamla bólvirkisins. Tillaga hafnarnefndar í síðustu málsgrein 1. liðs fundargerðar nefndarinnar frá 31. marz samþ. með shlj. atkv.

Tillaga sömu nefndar í 3. lið fundargerðar frá 28. apríl samþ. með 7:2 atkv. , að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
Já: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónasson.
Nei: Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson,
Ágúst Jósefsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Jóhannsson, Helgi Briem, Pétur Hafstein, Stefán Jóh. Stefánsson/ greiddu ekki atkvæði.

Haraldur Guðmundsson gerði svo fellda athugasemd við atkvæðagreiðsluna:
/Í trausti þess, að hafnarnefnd, ef hún ekki sjálf lætur vinna verkið, leggi tilboð og uppkast að samningi fyrir bæjarstjórn, áður en hún gengur frá samningum við verktaka."

X. Önnur umræða um styrk til norræns stúdentamóts. Samþ. með 11:1 atkv. að verða við beiðni þeirri, er um ræðir í 2. lið fundargerðar fjárhagsnefndar frá 25. apríl.

XI. Um almenningsbíla (Guðmundur Jóhannsson).
Framsögumaður var fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að fela borgarstjóra að rannsaka á hvern hátt muni tiltækilegt að koma á föstum ferðum almenningsbireiða um borgina á þessu ári, og leggi álit sitt og tillögur fyrir bæjarstjórnina."
Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.
Ólafur Friðriksson fór þess á leit, að tekin væri á dagskrá tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins frá síðasta fundi, um kaupið í bæjarvinnunni. Var það fellt með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Helgi Briem, Sigurður Jónasson.
Nei: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Jóhannsson, Jakob Möller, Jón Ólafsson, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
Stefán Jóh. Stefánsson var fjarstaddur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XII. Útsvarsmál o.fl. (Rædd fyrir luktum dyrum).

1. Þórarinn Þórðarson, Freyjugötu 25. Samþ. að fella burtu 10 kr. af útsvari hans árið 1928.
2. Ólafur Benediktsson, Klapparstíg 9. Samþ. að fella burtu 300 kr. af útsvörum hans 1926 - 1929.
3. Einar Þórðarson, Litlu-Hlíð Samþ. að fella burtu útsvar Hans árið 1928, kr.80.oo.
4. Vicyor Helgason, veggfóðrari. Samþ. að fella burtu 100 kr. af útsvörum hans 1927-1929.
5. Pétur Guðmundsson Klapparstíg 18. Samþ. að fella burtu útsvar hans árið 1928, kr. 400.oo
6. Raftækjaverzlun Jóns Sigurðssonar. Samþ. að fella burtu kr. 950 af útsvari hennar 1928 oh 1929.
7. Guðmundur Th. Þórðarson, Lindargötu 36. Samþ. að fella byrtu helming af útsvarsskuld hans frá árinu 1928.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin felur nefnd þeirri, sem hún hefir falið ýms mál í sambandi við alþingishátíðina að gangast fyrir hönd bæjarstjórnarinnar fyrir árdegisveizlu mánydaginn 30. júní."

Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við tillögu borgarstjóra:

"Enda sé ekkert vín haft um hönd í veizlu þessari, og aðallega boðið þeim útlendum góðum gestum, sem ekki hefir verið boðið í aðrar opinberar veitslur, en ástæða þykir til að heiðra."

Fyrri hluti viðaukatillögu Ólafs Friðrikssonar (aftur að, og aðallega) samþ. með 12:1 atkv.
Síðari hluti sömu tillögu felldur með 6:4 atkv.
Tillaga borgarstjóra, svo breytt, samþ. með 7:4 atkv.

Lestri og staðfestingu gerðabókar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Sigurður Jónasson. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Agúst Jósefsson. Sigurjón Á. Ólafsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Hafstein. Guðrún Jónasson. Pétur Halldórsson. Guðm. Jóhannsson. Guðm. Eiríksson. Einar Arnórsson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 15. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Hermann Jónasson, Ágúst Jósefsson, Pétur Hafstein, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson og ennfremur voru vara- bæjarfulltrúar Guðmundur Jóhannsson, sem mætti í forföllum Jóns Ólafssonar, Aðalbjörg Sigurðardóttir, sem mætti í forföllum Páls E. Ólasonar, Kjartan Ólafsson,' sem mætti í forföllum Haralds Guðmundssonar og Sigurjón Á. Ólafsson, sem mætti í forföllum Stefáns Jóh. Stefánssonar. Ólafur Friðriksson kom kl. 5.40.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var genfið til dagskrár, og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar.

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Sigurðar Þorkeldsonar nr. 82 við Grettisgötu | 2671 | 41038.- |
| 2. | Hús Ólafs Ág. Guðmundssonar nr. 70 við Grettisgötu | 2702 | 13638.- |
| 3. | Hús Hannesar Magnússonar, nr. 119 við Hverfisgötu | 2264 | 30920.- |
| 4. | Hús Ólafs Jónssonar , nr. 6 við Brávallagötu | 2663 | 50620.- |
| 5. | Hús Ármanns Guðmundssonar, nr. 18 í Sogabletti | 2605 | 7643.- |
| 6. | Hús Haralds Þ. Richters í Laugaholti | 2699 | 3975.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 10. maí lögð fram. Sigurður Jónasson bar fram svohljóðandi tillögu í sambandi við 8. lið fundargerðarinnar:

"Bæjarstjórnin mælir með því, að umbeðið leyfi verði veitt, enda verði byggingin tekin af lóðinni fyrir 1. nóvember 1930."

Guðmundur Jóhannsson bar fram sbo hljóðandi tillögu í sambandi við sama lið:

"Bæjarstjórnin felur byggingarnefnd að afgreiða heimild til handa listamönnum til að byggja sýningarskála þar, sem samkomulag verður við þá um hentugan stað."

Sigurður Jónasson tók aftur tillögu sína, en Pétur Halldórsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 8. lið:

"Bæjarstjórnin veitir fyrir sitt leyti umbeðið leyfi, enda sé húsið rifið aftur fyrir 1. nóvember 1930."

1.- 7. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Péturs Halldórssonar samþ. með 8:7 atkv.
Tillaga Guðmundar Jóhannssonar kom því ekki til atkvæða.
9.- 17. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 8. maí lögð fram.
9. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillögur nefndarinnar í 10. lið samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fasteignanefndar frá 13. maí lögð fram.
1. liður (sbr. 4. lið fundargerðar nefndarinnar frá 29. apríl) samþ. með shlj. atkv.
2. liður (sbr. 5. lið fundargerðar nefndarinnar frá 29. apríl) samþ. með shlj. atkv.
3.- 6. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 7. maí lögð fram.
Fram kom tillaga frá Ólafi Friðrikssyni um að fresta 1. lið til næsta fundar. Var sú tillaga felld með 7:7 atkv.
Tillaga nefndarinnar í 1. lið felld með 7:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Jóhannsson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
Nei: Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson, Sigurjón Á. Ólafsson.
Guðmundur Eiríksson greiddi ekki atkvæði.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 9. maí lögð fram.
Guðmundur Jóhannsson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:
"Bæjarstjórnin felur fjárhagsnefnd að leita samninga um kaupgjald við bæjarvinnuna við nefnd, sem bæjarstjórnin væntir að verkamenn í bæjarvinnunni velji úr sínum hóp til samninga um málið."

Fundarhlé kl. 8.1o - 9.45.

Kl. 9.45 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og áður sátu fundinn.
1.- 6. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Guðmundar Jóhannssonar samþ. með 8:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
Já: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Hafstein, Pétur Halldórsson.
Nei: Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Aðalbjörg Sigurðardóttir, Sigurður Jónasson, Sigurjón Á. Ólafsson.
Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar kom því ekki til atkvæða.

VII. Fundargerð veganefndar frá 10. maí lögð fram.
Einar Arnórsson bar fram svo hljóðandi viðaukatillögu við 8. lið:
"og verði tillögurnar lagðar fyrir bæjarstjórn til samþykktar."
1.- 7. liður samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. liður samþ. með shlj. atkv.
Viðaukatillaga Einars Arnórssonar samþ. með 8:3 atkv.
9. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 5. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IX. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 13. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

X. Fundargerð hafnarnefndar frá 6. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

XI. Löggilding mjólkurbúða o.fl. (Fundargerð heilbrigðisnefndar 30. apríl).
Tillögur heilbrigðisnefndar samþ. með shlj. atkv.

XII. Erindi frá Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur og frá Verzlunarmannafélaginu Merkúr um breytingu á ákvæðunum um lokunartíma sölubúða.

Kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundi skyldi fram haldið. Var það samþ. með shlj. atkv.

Fram kom tillaga frá Guðmundi Jóhannssyni um að vísa báðum erindunum til bæjarlaganefndar var það samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 12.15.

Guðm. Ásbjörnsson. L.Zimsen. Jakob Möller. Sigurður Jónasson. Guðmundur Eiríksson. Hermann Jónasson. Aðalbjörg Sigurðardóttir. Ágúst Jósefsson. Sigurjón Á. Ólafsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Hafstein. Guðrún Jónasson. Einar Arnórsson. Pétur Halldórsson. Guðm. Jóhannsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 5. júní, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson og ennfremur varabæjarfulltrúi Guðmundur Jóhannsson, sem mætti í stað Péturs Hafsteins. Ólafur Friðriksson kom kl. 5.2o. Sigurður Jónasson kom kl. 5.3o.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 27. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð veganefndar frá 21. maí lögð fram. Haraldur Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin leggur fyrir veganefnd að rannsaka nákvæmlega tilhögun og rekstur grjót- og sandnáms bæjarins og gefa bæjarstjórninni skýrslu þar um. Ákvörðun um breytingu verðs á sandi og mulningi skal frestað þar til skýrslan er fengin."

Ólafur Friðriksson bar fram svohljóðandi varatillögu við tillögu Haralds Guðmundssonar:

"Verða á salla, mulningi, sandi og möl, er bærinn selur, hækki frá og með 22. maí um 1/4 og standi það verð til 1. ágúst 1930."

Ennfremur kom fram svo hljóðandi tillaga frá Einari Arnórssyni:

"Umleið og bæjarstjórnin samþykkir fundargerð veganefndar 21. f.m. lætur hún uppi ósk sína um það, að nefndin leggi fyrir bæjarstjórn skýrslu um vinnslu byggingarefnis bæjarins, og ef til vill tillögur um breytta skipun á henni."

Tillaga Haralds Guðmundssonar felld með 9:5 atkv.
Tillaga Ólafs Friðrikssonar felld með 9:5 atkv.
Tillaga Einars Arnórssonar samþ. með 8:5 atkv.

IV. Fundargerð veganefndar frá 27. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.
Í sambandi við fundargerðina lagði borgarstjóri fram mat lóðarmatsnefndar frá 2. júní á ræmum úr lóðunum nr. 13 og 15 við Pósthússtræti, sem taka á eignarnámi til breikkunar á götunni. Var samþ. með shlj. atkv. að kaupa lóðirnar samkvæmt matinu fyrir 60 kr. fermeter.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 22. maí lögð fram. 7. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 19. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 19. maí lögð fram og samþ. með þeim viðauka, að orðunum "að öðru jöfnu" skuli skotið inn á eftir orðunum "stanga-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veiðafélagið skal."

VIII. Fundargerð vatnsnefndar frá 31. maí lögð fram og samþ í heild með shlj. atkv.

IX. Fundargerð gasnefndar frá 17. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

X. Fundargerð kjörslrárnefndar frá 24. maí lögð fram. Einar Arnórsson bar fram þá breytingartillögu við fundargerðina, að Elín Sigurðardóttir, sjúklingur í Kópavogi væri tekin ia kjörskrá. Var sú tillaga samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin svo breytt samþ. með shlj. atkv.
Ennfremur var samþ. með shlj. atkv. að eftirtaldir menn skyldu teknir á kjörskrá:
Gísli Ólafsson landsímastjóri, Pollý Ólafsson, Kjartan Eyjólfsson, Sólborg Jónsdóttir, Einar Jónsson mag. art., Guðrún Jónsdóttir.

XI. Fundargerð alþingishátíðarnefndar frá 30. maí og önnur mál í sambandi við alþingishátíð.
Fram kom tillaga frá Pétri Halldórssyni um að færa málið aftast á dagskrána og ræða það fyrir luktum dyrum. Var það samþ. með 7:6 atkv.

XII. Tilboð um verk við nýju barnaskólabygginguna.
Tilboðum þeim, er borgarstjóra höfðu borizt, var vísað til skólanefndar til afgreiðslu með shlj. atkv.

XIII. Skipun undirkjörstjórnar við landskjör 15. júní.
Að tillögu borgarstjóra voru þessir menn skipaðir í undirkjörstjórnir:
Magnús Jóhannsson póstfulltrúi,
Emilía Indriðadóttir, Tjarn. 3,
Einar Hermannsson, prentari.

2. kjörseild:
Steindór Gunnlaugsson, lögfr.
Ragnheiður Jónsdóttir, kenn.
Sveinn Helgason, prent.

3. kjördeild.
Halldór Jónasson, cand. phil.
Þorsteinn Bjarnason, bókh.
Jónína Jónatansdóttir, frú.

4. kjördeild.
Guðmundur Gamalíelsson, bóksali,
Halldóra Ólafs kaupk.,
Þorlákur Ófeigsson, trésmiður.

5. kjördeild.
Indriði Einarsson, rith.
Ingunn E. Zoëga frú
Grétar Ó. Fells, cand. jur.

6. kjördeild.
Bjarni,Þ. Johnson, hrm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Elín Tómasdóttir, kennari,
Guðmundur Kr. Guðmundsson, bókh.

7. kjördeild:
Vilhjálmur Briem f. prestur,
Helga Sigurjónsdóttir Von . 8
Helgi Sveinsson, fasteignasali.

8. kjördeild.
Helgi Helgason, verzlunarstjóri,
Guðmundur Loftsson, bankafulltrúi,
Carolína Zie sen, frú.

9. Kjördeild.
Jón Halldórsson, ríkisféhirðir,
Guðrún Benediktsdóttir, frú,
Otto N. Þorláksson.

10. kjördeild.
Sveinn Jónsson, kaupm.,
Guðrún J. Briem, Tjarn. 28.
Þorsteinn Gíslason, ritstj.

11. kjördeild.
Sæmundur Bjarnhéðinsson, læknir,
Valgerður Steinsson, ráðskona,
Jón Bjarnason, lifrarmatsmaður.

XIV. Skipun aðalbókara (Einar Arnórsson).
Framsögumaður bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að skipa aðalbókara á skrifstofu bæjargjaldkera frá 1. júlí 1930 með 6000 kr. árslaunum,- þar í dýrtíðaruppbót. Bæjarstjórnin setur aðalbókara starfsreglur, eftir því sem þörf þykir."
Tillaga þessi var samþ. með shlj. atkv.
Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að skipa Karl Á Torfason aðalbókara bæjarins."
Ennfremur bar Haraldur Guðmundsson fram svo hljóðandi tillögu:
"Legg til að aðalbókaraembættið verði auglýst laust til umsóknar og veitingu þess frestað til næsta fundar."

Fundarhlé kl. 8 - 9.3o.
Kl. 9.3o var fundinum haldið áfram og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og áður sátu fundinn.
Fram kom tillaga um að hafa 2 umræður um málið. Var hún felld með 7:6 atkv.
Tillaga Haralds Guðmundssonar felld með 8:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.
Nei: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jakob Möller, Jón Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
Fór þá fram kosning í aðalbókarastöðuna.
Kosningu hlaut:
Karl Á. Torfason.
með 9 atkv. Jakob Möller fékk 1 atkv. , Leifur Þorleifsson 1 atkv. en 4 seðlar voru auðir.

XV. Skipun bæjargjaldkera.
Kosningu hlaut:
Guðmundur Benediktsson, cand jur.
með 8 atkv., Gestur Pálsson fékk 6 atkv. og Jón Eyvindsson 1 atkv.

XVI. Frumvarp til samþykktar um bifreiðastæði.
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur veganefnd að finna hæfilegan stað við höfnina, er notaður verði, sem stæði fyrir vötubifreiðar."
Einar Arnórsson bar fram eftirfarandi breytingartillögu við frumvarpið:
"Í stað "A" komi: I.
Yfirskrift I. kafla verði: A. Bifreiðar skrásettar í Reykjavík.
Í stað "B" komi: II.
Í stað "I" komi: a.
Í stað"II" komi: b.
Í stað "C" komi: III.
Yfirskrift síðustu málsgreinar verði:
B. Bifreiðar skrásettar utan Reykjavíkur
Síðasta málsgrein orðist þannig:
Einkabifreiðar til mannflutninga mega standa á stæðum þeim, er í A II b segir, svo og á Hlemmi milli Hverfisgötu og Laugavegs. Þar aðeins mega og standa leigu- mannflutningabifreiðar og vöruflutningabifreiðar, enda raða þær sér eftir fyrirsögn lögreglunnar."

Guðmundur Jóhannsson og Guðmundur Eiríksson báru fram svo hljóðandi breytingartillögu:
"Við C.3. Nýr liður:
4. Norðanvert við Tryggvagötu, vestast á uppfyllingunni."
Breytingartillögur Einars Arnórssonar samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Guðmundar Jóhannssonar og Guðmundar Eiríkssonar felld með 6:4 atkv.

Frumvarpið, svo breytt, samþ. með 7:3 atkv.

Tillaga Ólafs Friðrikssonar samþ. með shlj. atkv.

(Frumvarpið, með áorðnum breytingum, verður fært inn í gerðabók veganefndar).

XVII. Frumvarp til samþykktar um takmörkun umferðar.
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bifreiðaumferð um Austurstræti er bönnuð frá kl. 4 til 11½ síðdegis. Þó er heimillt að flytja eða sækja fólk í ákveðin hús."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frumvarpið samþ. með shlj. atkv.
Borgarstjóri lagði til, að tillögu Ólafs Friðrikssonar væri vísað til veganefndar.
Var það samþ. með 5:3 atkv.
(Frumvarpið verður fært inn í gerðabók veganefndar).

XVIII. Tillaga borgarstjóra um almenningsbíla.
Tillagan samþ. með shlj. atkv., (og verður færð inn í gerðabók veganefndar).

XIX. Fundargerð alþingishátíðarnefndar frá 30. maí og önnur mál í sambandi við alþingishátíð.
Pétur Halldórsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar, að gefnu tilefni að fella niður fyrri samþykkt sína um veizluhöld í sambandi við alþingishátíðiba."
Lögð var fram beiðni frá lögreglustjóra um að bætt væri 40 varamönnum við lögregluliðið dagana 15. júní til 5. júlí og greiða kostnað af því úr bæjarsjóði.

Kl. 12 á miðnætti bar forseti undir atkvæði, hvort fundi skyldi fram haldið.
Var það samþ. með shlj. atkv.

Guðrún Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra og forsetum, að fara með söngflokk út að skipum þeim, sem væntanleg eru með Vestur-Íslendinga, og óska þá velkomna heim."

Stefán Jóh. Stefánsson lagði til að borgarstjóra væri falið að semja við dómsmálaráðherra og lögreglustjóra um viðbót við lögregluliðið. Var það fellt með 6:2 atkv.
Var síðan fellt með 7:2 atkv. að verða við beiðni lögreglustjóra um viðbót við lögregluliðið.

Tillaga Péturs Halldórssonar samþ. með shlj. atkv.

Tillaga Guðrúnar Jónasson, samþ. með shlj. atkv.

Pétur Halldórsson lagði til, að alþingishátíðarnefnd bæjarstjórnarinnar væri heimilað að setja stiga upp í turn Landakotskirkjunnar, og greiða kostnað af því úr bæjarsjóði. Var það samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 1.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Jón Ólafsson. Guðmundur Jóhannsson. Guðrún Jónasson. Guð,. Eiríksson. Stefán Jóhann Stefánsson. Ólafur Friðriksson. Hermann Jónasson. Páll E. Ólafsson. Pétur Hafstein. Einar Arnórsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 19. júní var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, og ennfremur vara- bæjarfulltrúar Guðmundur Jóhannsson mætti í forföllum Péturs Hafsteins, og Aðalbjörg Sigurðardóttir, sem mætti í forföllum Páls E. Ólasonar. Jón Ólafsson og Sigurður Jónasson komu rétt eftir fundarsetningu.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Skúla Skúlasonar, nr. II í Sogabletti | 2686 | 14637.- |
| 2. | Hús Ellerts Magnússonar, nr. 3 við Fjölnisveg | 2639 | 42922.- |
| 3. | Hús Bjarna Bjarnasonar, nr. 13 við Fjölnisveg | 2672 | 37952.- |
| 4. | Hús Jóns Árnasonar, nr. 78 við Njálsgötu | 2692 | 32060.- |
| 5. | Hús Eyjólfs Brynjólfssonar við Smirilsveg | 2676 | 11506.- |
| 6. | Hús Ólafs Benjamínssonar nr. 35 við Garðastræti | 2634 | 64220.- |
| 7. | Hús Vilhelms Bernhöfts, Eggholt, Þvottalaufabl. 12 | 2681 | 9700.- |
| 8. | Hús Guðríðar Pálsdóttur, nr. 8 við Brávallagötu | 2664 | 41775.- |
| 9. | Hús Jóhannesar Magnússonar nr. 10 við Brávallagötu | 2680 | 40109.- |
| 10. | Hús Helga Helgasonar, nr. 4 við Bræðraborgarstíg | 623 | 58980.- |
| 11. | Hús Guðna Jónssonar, nr. 11 við Öldugötu | 2673 | 75107.- |
| 12. | Hús Sk ringS Hróbjartssonar Hlíðardalur í Kringlumýri | 2604 | 24060.- |
| 13. | Hús Jóns H. Kristinssonar nr. 25 við Ásvallagötu | 2667 | 46240.- |
| 14. | Hús Kristins Guðmundssonar nr.134 við Laugaveg | 2662 | 33452.- |
| 15. | Hús Hjalta Lýðssonar nr. 64 við Grettisgötu | 2710 | 79180.- |
| 16. | Hús Siguringa E. Hjörleifssonar nr. 15 við Sóleyjargötu | 2675 | 34980.- |
| 17. | Hús Guðjóns Guðmundssonar og Vilhjálms Árnasonar, Bárgötu 35 | 2654 | 79250.- |
| 18. | Hús Helga Eyjólfssonar, nr. 27 við Ásvallagötu | 2711 | 36890.- |
| 20. | Hús Theódórs Líndals nr. 76 við Bergstaðastræti | 2673 | 42992.- |
| 21. | Hús Þórðar Ólafssonar og ÁrnaÁrnasonar nr. 10 við Framnesveg | 2651 | 26734.- |
| 22. | Hús Guðrúnar S. Árnadóttur nr. 10 A við Framnesveg | 2652 | 26468.- |
| 23. | Hús Þorsteins Schevings Thorsteinssonar, nr.16 við Austurstræti | 100 | 531165.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|
| 24. Hús Evu Björnsson nr. 62 við Laufásveg | 2496 | 1860.- |
| 25. Hús Steingríms Jónssonar, nr. 72 við Laufásveg | 2558 | 1800.- |
| 26. Hús Björns Benediktssonar, nr. 30 við Grettisgötu | 742 | 11882.- |
| 27. Hús Jónatans Þorsteinssonar & Co. nr. 84 við Laugaveg | 2636 | 58960.- |
| 28. Hús Gústafs Kristjánssonar, nr. 61 við Laugaveg | 477 | 20060.- |
| 29. Hús L.G.Lárussonar nr. 11 við Þingholtsstræti | 23 | 23335.- |
| 30. Hús sama nr. 2 og 4 við Þingholtsstræti | 269 | 86261.- |
| 31. Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Elliðaár | 2612 | 47430.- |
| 32. Hús Davíðs Ólafssonar, nr. 72 við Hverfisgötu | 596 | 42515.- |
| 33. Hús Davíðs Ólafssonar og Þuríðar Brynjólfsdóttur, nr. 40 við Bergstaðastræti | 779 | 21990.- |
| 34. Hús Sigríðar Húnfjörðs nr. 82 | 2515 | 26716.- |
| 35. Hús Helga Steinbergs við Skúlagötu | 2713 | 2535.- |
| 36. Hús Sturlu Jónssonar, Briems-fjós við Laufásveg | 1262 | 39206.- |
| 37. Hús Sveinbjörns Jónssonar, Axelhús í Ártúnslandi | 2657 | 3160.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. júní lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 13. júní lögð fram og samþ. í heild með 9:2 atkv.

IV. Fundargerð fátækranefndar frá 12. júní lögð fram. 10. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð bálstofunefndar frá 16. júní lögð fram og samþ. í heild með 7:1 atkv.

VI. Fundargerð skólanefndr frá 14. júní lögð fram. Forseti las fundargerð~~ina frá~~ befndarinnar frá 7. júní, sem gleymzt hafði að taka á dagskrá, og bar undir atkvæði, hvort hún skyldi tekin fyrir ásamt fundargerðinni frá 14. júní. Var það samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin frá 7. júní samþ. í heild með shlj. atkv.
Fundargerðin frá 14. júní samþ. í heild með shlj. a atkv.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 17. júní lögð fram. Haraldur Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu, í sambandi við fundargerðina:

"Bæjarstjórnin leggur til við skólanefnd, að skólastjórastaðan við nýja barnaskólann verði tafarlaust aulýst laus til umsóknar."

Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu:

"Inn í skólanefndarfundargerðina 17/6'30, 4. lið, bætist, á eftir orðunum: -Sigurði Jónssyni skólastjóra, komi: Aðalbjörgu Sigurðard.2

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Haraldi Guðmundssyni um að fresta 4. lið til næsta fundar var felld með 7:3 atkv.

Breytingartillaga Ólafs Friðrikssonar samþ. með 7:6 atkv.

4. liður, svo breyttur, samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Haralds Guðmundssonar í sambandi við fundargerðina felld með 7:6 atkv.

VIII. Erindi undirbúningsnefndar alþingishátíðar, um lokun sölubúða 26.- 28. júní, og um að láta vinnu falla niður þessa daga.
Forseti las erindi frá undirbúningsnefnd alþingishátíðar um vinnustöðvun og lokun sölubúða 26.-28. júní.
Guðmundur Jóhannsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn Reykjavíkur leggur til, að sölubúðir í Reykjavík verði lokaðar:
Þriðjudaginn 24. þ.m. frá kl. 11 e.h.
Miðvikudaginn 25. þ.m. frá kl.4 e.h.
Fimmtudaginn 26. þ.m. allan daginn.
Föstudaginn 27. þ.m.til kl.1 e.h.
Laugardaginn 28. þ.m. eftir kl.1 e.h."
Ágúst Jósefsson og Ólafur Friðriksson báru fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að gefa öllum starfsmönnum og verkamönnum, sem vinna hjá bænum, frí dagana 26.- 28. júní, með fullu kaupi, nema þeim, sem óhjákvæmilegt er að vinni, enda fái þeir greitt tvöfalt kaup.
Varatillaga: Tillagan gildi 26. júní."
Tillaga Guðmundar Jóhannssonar var samþ. með samhljóða atkvæðum.
Tillaga Ólafs Friðrikssonar og Ágústs Jósefssonar (aðaltillaga) felld með 5:3 atkv.
Varatillagan var samþ. með shlj. atkv.

IX. Umsókn Jóhannesar Jósefssonar um leyfi til laxveiða í Grafarvogi.
Samþ. að verða við beiðninni með 4:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson. Jakob Möller, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónasson.
Nei: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson.
Guðmundur Eiríksson, Aðalbjörg Sigueðardóttir og Guðmundur Jóhannsson greiddu ekki atkvæði.
Einar Arnórsson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Jón Ólafsson, og Stefán Jóh. Stefánsson voru fjarstaddir.

Útsvarskærur á næsta blaði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X. Útsvarsmál. (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Óskar Gíslason ljósmyndari. Samþ. að fella burtu kr. 508.65 af útsvörum hans ásamt dráttarvöxtum.
2. Jón Lúðvígsson, Lindargötu 1 D. Samþ. að fella burtu 45 kr. eftirstöðvar af útsvari hans 1929.
3. Karl H. Bjarnason, Skólavörðustíg 8. Samþ. að fella burtu útsvör hans 1926-1928 kr. 505.oo.
4. Hlutafélagið Copland. Samþ. með 8:1 atkv. að verða ekki við beiðni 2222 þess um eftirgjöf.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.1o.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.
Sigurður Jónasson. Aðalbjörg Sigurðardóttir.
Ágúst Jósefsson. Guðm. Jóhannsson. Guðm. Eiríksson.
Pétur Halldórsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 17. júlí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og varabæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Ágúst Jósefsson, Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Helgi P. Briem, Kjartan Ólafsson, Stefán Sveinsson, Sigurður Jónsson, Guðmundur Jóhannsson, Hjalti Jónsson. Ólafur Friðriksson kom kl. 5.25.

Þetta gerðist á fundinum:

Áður en gengið væri til dagskrár lagði borgarstjóri fram heillaóskaskeyti til bæjarstjórnarinnar frá Albingia, mr. and mrs. Berndtorff, sell district scautmaster Suton og V. Sterlings offices.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr. | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Elliheimilisins, Hringbraut 150 | 2719 | 540774.- |
| 2. | Hús ríkissjóðs, Landsspítalinn við Hringbraut | 2318 | 1149719.- |
| 3. | Hús Jóhannesar Jósefssonar Hótel Borg, Pósthússtræti 11 | 2694 | 729205.- |
| 4. | Hús Kristjáns Ágústssonar, Sunnuhlíð í Þvottalaugabletti 26 | 2225 | 15775.- |
| 5. | Hús Konstantín Eiríkssonar Bárugata 21 | 2674 | 43607.- |
| 6. | Hús Stefáns Björnssonar, Framnesvegur 28 A. | 2720 | 7580.- |
| 7. | Hús Gunnlaugs Jónssonar o.fl. Grettisgötu 67 | 2709 | 46854.- |
| 8. | Hús Gísla Guðmundssonar, Laufásvegur 15 | 532 | 9916.- |
| 9. | Hús Mekkínós Björnssonar, á Laugamýrarbletti 22 | 2705 | 12167.- |
| 10. | Hús Ásgeirs Ásgeirssonar, Fjölnisvegur 7 | 2706 | 42722.- |
| 11. | Hús Kristjáns Snorrasonar, Fjölnisvegur 8 | 2679 | 47968.- |
| 12. | Hús Jóns Sigurðssonar, Laugavegur 54 | 641 | 2970.- |
| 13. | Hús Valdimarz Árnasonar, Vitastígur 9A | 1971 | 2875.- |
| 14. | Hús Gísla J. Ólafssonar, Bjarkargata 4 | 2695.- | 38235.- |
| 15. | Hús Péturs Ingimundarsonar, Freyjugötu 3 | 1939 | 1465.- |
| 16. | Hús Guðmundar Hannessonar, Njálsgata 74 | 2517 | 25427.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 12. júlí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 15. júlí lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

IV. Fundargerð veganefndar frá 12. júlí lögð fram.
1.- 2. liður samþ. með shlj. atkv.
Fram kom tillaga um að fresta 3. og 4. lið.
Var hún samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð vatnsnefndar frá 16. júlí lögð fram.
Haraædur Guðmundsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 1. lið fundargerðarinnar:
"Legg til, að bygging nýs vatnsgeymis í Rauðarárholti verði boði út að nýju með 14 daga útboðsfresti."
Tillaga þessi var felld með 10:3 atkv.
1. liður samþ. með 9 shlj. atkv.

VI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 11. júlí lögð fram.
Samþ. með 8:6 atkv. að greiða reikning þann er um ræðir í 1. lið fundargerðarinnar, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Haraldur Guðmundsson, Hjalti Jónsson, Ólafur Friðriksson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónasson, Kjartan Ólafsson.
Nei: Stefán Sveinsson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónsson, Helgi P. Briem, Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson.
Páll E. Ólason greiddi ekki atkvæði.
2.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð fátækranefndar frá 10. júlí lögð fram.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 14. júlí lögð fram.
Sigurður Jónasson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 4. lið fundargerðarinnar:
"Bæjarstjórn ákveður að fresta 4. lið fundargerðar hafnarnefndar, en felur hafnarstjóra að rannsaka hvað kosti að gera mannvirki þau, er félagið fer fram á að bærinn byggi."

Fundarhlé kl. 8.10- 9.45.

Kl. 9.45 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og áður sátu fundinn, nema Helgi P. Briem og Stefán Sveinsson, sem kom kl. 10.05. ~~Stefán Sveinsson kom kl. 10.30~~ Helgi P. Broem kom kl. 10.30.

Jakob Möller bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 3. lið:
"Fyrir "á ári" komi: á mánuði."
1. - 2. liður samþ. með 9:1 atkv.
Stefán Sveinsson lagði til, að 3. lið væri frestað. Var það samþ. með 9:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Stefán Sveinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónasson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nei: Hjalti Jónsson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Guðmundur Jóhannsson, , Sigurður Jónasson.
Helgi P. Briem fjarverandi.
Tillaga Sigurðar Jónassonar samþ. með 7:4 atkv..
5. liður samþ. með 9:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Stefán Sveinsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Sigurður Jónasson, Jakob Möller, Hjalti Jónsson, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
Nei: Ágúst Jósefsson Haraldur Guðmundsson, Helgi P. Briem, Ólafur Friðriksson, Páll E.Ólason, Sigurður Jónasson, Kjartan Ólafsson.
6.-7. liður samþ. með 10:1 atkv.
Tillaga borgarstjóra, um að fresta 8. lið var samþ. með 11:1 atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

IX. Fundargerð rafmagnsstjórnar, frá 15. júlí lögð fram.
Jakob Möller lagði til, að greidd væri 3000 kr. uppbót á verksamning þann, er um ræðir í 1 lið fundargerðarinnar.
Helgi P. Briem bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við sama lið:
"Bæjarstjórnin ákveður að vísa þessu máli til gerðardóms eða annars dóms, er Jens Eyjólfsson kann að æskja; tekur bæjarstjórn fyrir næsta mál á dagskrá."
Fram kom tillaga frá Hjalta Jónssyni, um að fresta 1. lið. Var hún felld með 6:5 atkv.
Tillaga Helga P. Briem var samþ. með 8:3 atkv.

X. Fundargerð skólanefndar frá 30. júní lögð fram.
1. og 3. - 7. liður samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð skólanefndar frá 11. júlí lögð fram.

Kl. 12 bar forseti undir atkvæði, hvort fundi skyldi fram haldið. Var það fellt með 6:4 atkv.

Fundi slitið kl. 12.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Jakob Möller. Sig. Jónasson. Páll Eggert Ólafsson. Ólafur Friðriksson. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Hermann Jónasson. Guðm. Jóhannsson. Hjalti Jónsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Jón Ólafsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 7. ágúst, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson og Hjalti Jónsson.

Áður en gengið væri til dagskrár var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Borgarstjóri las bréf, er honum hafði borizt, frá forseta landsfundar kvenna 1930, þar sem þakkað var fyrir skemmtiferð, sem bæjarstjórnin hafði boðið fundarkonum í.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kt.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Þorvaldar Sigurðssonar, Hálogaland í Langholti | 2690 | 35350.- |
| 2. | Hús Björns Jónssonar á Sogabletti nr. 15 | 2624 | 12242.- |
| 3. | Hús Ásgríms Guðjónssonar, Holtsgata 20, | 2707 | 44100.- |
| 4. | Hús Tryggva Guðmundssonar, Bárugata 7 | 2691 | 68330.- |
| 5. | Hús Einars Einarssonar, Nýkendugara 18 | 661 | 3035.- |
| 6. | Hús Ingjaldar Jónssonar Fjölnisvegur1 | 2701 | 52900.- |
| 7. | Hús Útvegsbankans Austurstræti 19 | 1045 | 2315.- |
| 8. | Hús Ragnars Guðmundssonar við Lauganesveg | 2689 | 14200.- |
| 9. | Hús Ásbjörns Ólafssonar, Þingholtsstræti 22 | 291 | 12098.- |
| 10. | Hús Eiríks Hjartarsonar, Laugardalur í Laugamýri | 2566 | 1530.- |
| 11. | Hús erfingja Kristínar Pálsdóttur Suðurgata 10 | | 28454.- |
| 12. | Hús Sigurðar J. Breiðfjörð, Grettisgata 34 | 745 | 12110.- |
| 13. | Hús Guðlaugs Skúlasonar, Hverfisgata 106 | 2081 | 25750.- |
| 14. | Hús Mjólkurfélags Reykjavíkur, við Hringbraut | | 2730.- |
| | | | 287182.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 24. júlí lögð fram.

IV. Fundargerð brunamálanefndar frá 5. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

V. Fundargerð skólanefndar frá 11. júlí lögð fram.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jakob Möller bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar að fresta ákvörðun um kaup á lömpum í nýja barnaskólann og felur skólanefnd að láta fara fram nýtt útboð á þeim fyrir næsta bæjarstjórnarfund."

Páll E. Ólason bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ályktar , að fela rafmagnsstjóra að gera nákvæman samanburð á þessum tveim tilboðum, sem fyrir liggja, og senda bæjarfulltrúunum álit sitt fyrir næsta bæjarstjórnarfund."

Tillaga Jakobs Möller var felld með 7:7 atkv.

Tillaga Páls E. Ólasonar var samþ. með 7:5 atkv.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 24. júlí lögð fram.

VII. 3. liður fundargerðar hafnarnefndar 14. júlí. Þegar umræður höfðu staðið nokkra stund, kom fram tillaga frá Ólafi Friðrikssyni um það, að umræðum skyldi þegar slitið. Var sú tillaga samþ. með 8:1 atkv.

Jakob Möller bar fram svohljóðandi viðaukatillögu við tillögu hafnarnefndar:
"Aftan við C-lið komi: og loks að því tilskyldu, að benzín verði ekki geymt framvegis á þessari nýju uppfyllingu né á þeirri gömlu."

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við þessa tillögu:
"orðin: "né á þeirri gömlu" falli burtu."

Þá bar Guðmundur Jóhannsson fram svo hljóðandi tillögu:
"Í því trausti, að hafnarnefnd leiti umsagnar brunamálanefndar um erindi British Petroleum um að setja upp 2 olíugeyma við hliðina á olíustöð þeirri, er þeir hafa nú, og leggja málið aftur fyrir bæjarstjórn að fenginni umsögn brunamálanefndar, tekur fundurinn fyrir næsta mál á dagskrá."
Tillaga Guðmundar Jóhannssonar var felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
Nei: Ágúst Jósefsson, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Jón Ólafsson og Páll Eggert Ólason greiddu ekki atkv. Hermann Jónasson var fjarverandi.

Breytingartillaga borgarstjóra var felld með 7:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónasson.
Nei: Hjalti Jónsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Ólafsson, Páll E. Ólason og Stefán Jóh. Stefánsson greiddu ekki atkv.
Hermann Jónasson var fjarverandi.

Viðaukatillaga Jakobs Möllers var felld með 6:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
Nei: Ágúst Jósefsson, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.
Jón Ólafsson og Páll E. Ólason greiddu ekki atkv.
Hermann Jónasson var fjarverandi.

Breyringartillaga Jakobs Möllers við 3. lið a. var samþ. með 6:4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Jón Ólafsson Guðmundur Jóhannsson.
Nei: Ólafur Friðriksson, Pétur Halldórsson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson og Páll E. Ólason greiddu ekki atkvæði.
Hermann Jónasson var fjarverandi.

Tillaga hafnarnefndar í 3. lið, svo breytt, var samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Sifurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson.
Nei: Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
Jón Ólafsson greiddi ekki atkv.
Hermann Jónasson var fjarverandi.

VIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 20. júlí lögð fram.

IX. Fundargerð heilbrigðismálanefndar frá 14. júlí lögð fram.
Fram kom tillaga frá borgarstjóra, um að fresta 3. lið fundargerðarinnar.
Var hún samþ. með shlj. atkv..

Lestri og staðfestingu gerðabókar var frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 8.20.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Sigurður Jónasson. Páll Eggert Ólason. Hermann Jónasson. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Kjartan Ólafsson. Guðm.Jóhannsson. Guðm. Eiríksson. Jón Ólafsson. Guðrún Jónasson. Jakob Möller. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 21. ágúst, var relulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar, Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson og Jón Ólafsson.

Áður en gengið væri til dagskrár, var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. ágúst, lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 19. ágúst lögð fram.
1. liður samþ. með 6:5 atkv.
2. liður samþ. með 6:5 atkv.
3.- 14. liður samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 14. ágúst lögð fram.
11. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 18. ágúst lögð fram.
Fundarhlé kl. 8 - 9.45.
Kl. 9.45 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og áður sátu fundinn nema Páll E. Ólason.
Guðmundur Eiríksson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 2. lið fundargerðarinnar:
"Orðin: "ásamt tveimur bæjarfulltrúum, er rafmagnsstjórn tilnefnir", falli burt."
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Guðmundar Eiríkssonar felld með 7:6 atkv.
2. liður samþ. með 9:4 atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð hafnarnefndar frá 18. ágúst lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin heimilar Flugfélagi Íslands að gera á sinn kostnað dráttarbraut og skýli fyrir flugvélar í Vatnagörðum."
Tillagan í fundargerðinni samþ. með 10:2 atkv.
Tillaga borgarstjóra kom því ekki til atkv.

VI. Önnur umræða um fjárveitingu til viðhalds slökkvitóla.
Tillagam í fundargerð brunamálanefndar frá 5. ágúst samþ. með shlj. atkv.
Kl. 12 bar forseti undir atkvæð, hvort fundi skyldi fram haldið. Var það samþ. með 9:1 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII. 8. liður í fundargerð hafnarnefndar 14. júlí (bryggja í Vatnagörðum).
Liðurinn samþ. með samhl.. atkv. með þeirri breytingum, að bryggja skyli vera 3/ metra breið.

Þá var dagskrá lokið. Borgarstjóri las bréf, er skólanefnd hafði borizt frá fræðslumálastjóra, þar sem nefndinni er tilkynnt, að ráðuneytið hafi samþykkt, að skólaskylda barna í Reykjavík, verði færð niður til 8 ára aldurs. Við kennarafjölgun var fylgt þeirri reglu, að heimila 1 fastan kennara fyrir hver 50 börn.

Þá fór borgarstjóri þess á leit, að fá að hreyfa 2 málum utan dagskrár. Var það samþ. með 9:1 atkv.
Lagði borgarstjóri þá fram umsögn rafmagnsstjóra um kaup á lömpum í nýja barnaskólann.
Tillaga skólanefndar í fundargerð nefndarinnar frá 11. júlí var felld með 5:5 atkv.
Ennfremur lagði borgarstjóri fram umsókn frá Helfa Eiríkssyni um veitingaleyfi.
Tillaga frá Jakob Möller um kaup á P.H. lömpum var felld með 5:5 atkv.

Borgarstjóri bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin heimilar að nota húsakynni Reykjavíkurbars í húsinu nr. 15 við Hafnarstræti til veitingasölu, þó með því skilyrði, að inngangur í veitingastofurnar verði frá hafnarstræti."
Síðari hluti tillögunnar (skilyrðið) var felldur með shlj. atkv.

(Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.).
Fyrri hluti tillögunnar var samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 1.10.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Jakob Möller.
Sig. Jónasson. Hermann Jónasson. Ágúst Jósefsson.
Kjartan Ólafsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Guðrún Jónasson. Ólafur Friðriksson. Guðm. Jóhannsson.
Guðm. Eiríksson. Jón Ólafsson. Einar Arnórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 4. sept. var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk setts borgarstjóra Guðmundur Ásbjörnssonar, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Pétur Halldórsson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Jakob Möller Einar ARNÓRSSON: Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Jóhannsson, M.Júl.Magnús, Hjalti Jónsson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 29. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. september lögð fram.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 28. ágúst lögð fram.

IV. Fundargerð fundargerð fjárhagsnefndar frá 29. ágúst lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson lagði til að orðið væri við styrkbeiðni þeirri, er um ræðir í 1. lið fundargerðarinnar.
Var sú tillaga felld með 7:4 atkv.
1.- 5. liður samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 26. ágúst lögð fram.

VI. Fundargerð skólanefndar frá 27. ágúst lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VII. Önnur umræða um byggingu dráttarbrautar og flugskýlis í Vatnagörðum.
Tillaga hafnarnefndar í fundargerð nefndarinnar frá 18. ágúst samþ. með shlj. atkv.

VIII. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Sigurður Jónsson, Grettisgötu 35 B. Samþ. að fella niður útsvar hans 1930.
2. Hermína Franklínsdóttir, Litla-Fjarðarhorni. Samþ. að fella niður útsvar hennar 1930.
3. Steingrímur Einarsson Elliðakoti. Samþ. að færa útsvar hans niður í 30 kr.
4. Sigurður Jónasson, Sóleyjargötu 7. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
5. Jón Hafliðason, Vilhjálmsson, Rauðarárstíg 1. Samþ. að lækka útsvar hans niður í 75 kr.
6. Ólafur Ingimundarson. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
7. Rafnkell Bjarnason, loftskeytamaður. Samþ. að fella niður útsvar hans 1930.
8. Jakob G. Bjarnason, Skólavörðustíg 23. Samþ. að færa útsvarsskuld hans niður í 400 kr.
9. Ólafur Hákonarson, Sellandsstíg 14. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
10. Finnbogi Finnbogason, Eskihlíð. Samþ. að gefa eftir 20 kr. af úrsvari hans 1930.
11. Einar Jónsson myndhöggvari. Leitað var afbrigða um , hvort útsvarsmál hans mætti koma til umræðu. Voru þau samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafur Friðriksson lagði til, að útsvarið yrði fært niður í 120 kr. Var það fellt með 5:4 atkv. Síðan var samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.

12. Baldvin Halldórsson, Hverfisgötu 100 B. Samþ. að færa útsvarsskuld hans niður í 200 kr.
13. Guðni Pálsson, Vatnsstíg 16. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
14. Helgi Valtýsson. Samþ. að fella niður útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 100 kr.
15. Guðmundur Árnason, Barónsstíg 11. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
16. Haraldur Kjartansson, Grundarstíg 6. Samþ. að gefa eftir 50 kr. af útsvarsskuld hans.
17. Alfred Jensen, Kirkjustræti 2. Samþ. að fella burtu 40 kr. af útsvari hans gegn greiðslu á 80 kr.
18. Jón Eiríksson, Laugavegi 44. Samþ. að fella niður útsvar hans 1930.
19. Jón Halldórsson, Klapparstíg 19. Samþ. að fella niður 150 kr. af útsvari hans gegn greiðslu á eftirstöðvunum.
20. Hárgreiðslustofann "Ondula". Einar Arnórsson lagði til, að málinu væri frestað. Var það fellt með 6:5 atkv. Var síðan samþ. að fella niður 250 kr. af útsvarinu.
21. Poul Ammendrup, Hallveigarstíg 9. Samþ. að fella niður helming af útsvarsskuld hans.
22. Guðbjartur Guðbjartsson, Bræðraborgarstíg 33. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.40.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.
Páll Eggert Ólason. Sig. Jónasson. Einar Arnórsson.
Hjalti Jónsson. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóhann Stefánsssson.
Hermann Jónasson. H.Guðmundsson. Guðmundur Jóhannsson.
M. Júl. Magnús. Guðm. Eiríksson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 18. september, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hjalti Jónsson, Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson og Páll E. Ólason.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Elliðaár | 1996 | 3090.- |
| 2. | Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur við efri stíflu Elliðaár | 2746 | 2480.- |
| 3. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur við sandnámuna í Ártúnslandi | 2747 | 1750.- |
| 4. | Hús Rafmagnsveitu Reykjavíkur straumskiptistöð við Þvergötu | 2748 | 6360.- |
| 5. | Hús Guðmundar Kr. Guðmundssonar, Bergstaðastræti 82 | 2698 | 36865.- |
| 6. | Hús Vigdísar Pétursdóttur, Veghúsastígur 1 | 567 | 2740.- |
| 7. | Hús Gísla Guðmundssonar, Bárugata 29 | 2704 | 42764.- |
| 8. | Hús Skarphéðins Þórólfssonar Njálsgata 31 A, | 2335 | 17158.- |
| 9. | Hús h/f Þórs við Rauðarárstíg | 2745 | 115390.- |
| 10. | Hús Guðrúnar Jónsdóttur, Tjarnargata 5 | 46 | 11290.- |
| 11. | Hús Bjarna Jónssonar, Lækjargata 12 B. | 667 | 38415.- |
| 12. | Hús Sigríðar Thorarensen, Suðurgata 2 | 60 | 11250.- |
| 13. | Hús bæjarsjóðs Reykjavíkur við Rayðarárstíg (Vatnsgeymir) | 2749 | 2560.- |
| 14. | Hús Jódísar Árnadóttur, Rauðarárstígur 13 G | 2449 | 2280.- |
| 15. | Hús Sigurbjargar Þorláksdóttur við Hafnarfjarðarveg | 2750 | 2782.- |
| 16. | Hús Friðþórs Steinholts, við Laufásveg (Aldamótagarður) | 2751 | 525.- |
| 17. | Hús Valgerðar Júlíusdóttur, Laugamýrarblettur 30 XXX | 2716. | 8550.- |
| 18. | Hús Dýraverndunarfélags Íslands Tunga við Laugaveg | 1241 | 15720.- |
| 19. | Hús Helga Helgasonar í Laugamýrarbletti | 2753 | 1540.- |
| 20. | Hús Ólafs Johnsens, Esjuberg við Þingholtsstræti | 1374 | 2890.- |
| 21. | Hús hafnarsjóðs Reykjavíkur í Eskihlíð | 2752 | 1400.- |
| 22. | Hús Pauls Smiths Bergstaðastræti 75 | 2646 | 1710.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 13. september lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. sept. lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 17. sept. lögð fram.
Haraldur Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn samþ. að fresta ályktun um fundargerð fjárhagsnefndar og felur fjárhagsnefnd að athuga fyrir næsta fund, hvort eigi sé rétt, að bærinn setji sjálfur upp barnaheimili, þegar á næsta ári."
Páll E. Ólason bar fram svo hljóðandi ~~tillögu~~ breytingartillögu við tillögu fjárhagsnefndar:
"Í stað orðanna: "í þeim tilgangi, að húsið verði lánað barnaheimilinu, "Vorblóm"" komi: í þeim tilgangi, að þar verði 1. okt. sett upp barnaheimili, er starfrækt verði á kostnað bæjarins."

Tillaga Haralds Guðmundssonar felld með 8:5 atkv.

Breytingartillaga Páls E. Ólasonar felld með 8:6 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
Já: Ágúst Jósefsson, Haraldur Guðmundsson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason, Kjartan Ólafsson, Héðinn Valdimarsson.
Nei: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðmundur Jóhannsson, Guðrún Jónasson, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson, Hjalti Jónsson.

Fundargerðin samþykkt með 9:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu :
Já: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Hjalti Jónsson, Jón Ólafsson, Páll E. Ólason, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
Nei: Ólafur Friðriksson, Kjartan Ólafsson, Héðinn Valdimarsson.
Ágúst Jósefsson og Haraldur Guðmundsson greiddu ekki atkvæði.

V. Fundargerð fátækranefndar frá 12. sept. lögð fram.

Haraldur Guðmundsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að fela borgarstjóra og húsnæðisnefnd, í samráði við fátækranefnd og fátækrafulltrúa, að gera ráðstafanir til þess að sinna því fólki, sem verður húsnæðislaust 1. október."

Guðmundur Jóhannsson bar fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:
"Í því trausti, að borgarstjóri, í samráði við ~~borgarstjóra~~ fátækrafulltrúa og fátækranefnd reyni allt, sem unt er, til að ráða fram úr húsnæðisvandræðunum á komandi hausti, tekur fundurinn fyrir næsta mál á dagskrá."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rökstudda dagskráin samþ. með 8:3 arkv.
11. liður samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð hafnarnefndar frá 9. sept. lögð fram.
Guðmundur Jóhannsson bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:
"Bæjarstjórnin felur fasteignanefnd að rannsaka og segja álit sitt um, hvort British Petroleum hafi haft heimild til að byggja benzíngeyma þá, er þeir hafa byggt við Skúlagötu."
Sami bæjarfulltrúi bar fram svo hljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:
"I sambandi við 1. lið fundargerðar hafnarnefndar frá 9. sept. lýsir bæjarstjórnin yfir því, að hún ætlazt til, að hafnarnefnd láti sér ekki nægja neinar ráðstafanir gegn eldsåvoða aðrar en þær, er brunamálanefnd og bæjarstjótn telur fullnægjandi."
Fundargerðin samþ. með 7:1 atkv.
Síðari tillaga Guðmundar Jóhannssonar samþ. með 7:1 atkvæði.

Fyrri tillaga sama bæjarfulltrúa samþ. með 6:4 atkvæðum, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
Já: Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jón Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson.
Nei: Ágúst Jósefsson, Ólafur Friðriksson, Pétur Pétur Halldórsson, Kjartan Ólafsson./Haraldur Guðmundsson og Hjalti Jónsson og Héðinn Valdimarsson greiddu ekki atkvæði.
Páll E. Ólason var fjarverandi.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.4o.

Guðm. Ásbjörnsson. K.Zimsen. Einar Arnórsson. Hjalti Jónsson. Héðinn Valdimarsson. H.Guðmundsson. Ólafur Friðrikssom. Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Pétur Halldórsson. Jón Ólafsson. Guðm. Jóhannsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 2. október, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Héðinn Valdimarsson, Hermann Jónasson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Pétur Halldórsson, Jón Ólafsson, Ólafur Friðriksson, Páll E. Ólason og Guðrún Jónasson kom að loknum 2. dagskrárlið.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 27. september lögð fram.
1.- 2. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Einari Arnórssyni um að fella niður skilyrði það, er um ræðir í 3. lið, var felld með 5:4 atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
4.- 25. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 30. september lögð fram.
1.- 4. liður samþ. með shlj. atkv.
5. liður felldur með 6:6 atkv.
6. liður felldur með 6:5 atkv.
7. liður samþ. með 5:2 atkv.
8. liður felldur með 6:5 atkv.
9.- 13. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild ~~samþ.~~ svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð veganefndar frá 3. september lögð fram.
Forseti leitaði afbrigða frá fundarsköpum um hvort taka mætti almenningsbílamálið á dagskrá í sambandi við fundargerðina.
Voru þau afbrigði felld með 4:6 atkv.
Ágúst Jósefsson bar fram svo hljóðandi tillögu við 3. lið:
"Í stað orðanna "er samsvari kolaverði á hverjum tíma", komi: er um semur".
1.- 2. liður samþ. með shlj. atkv.
Breytingartillaga Ágústs Jósefssonar samþ. með 9:4 atkv.
3. liður svo breyttur, samþ. með shlj. atkv.
4.- 6. - liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerðir fátækranefndar frá 22. og 25. september lagðar fram.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 26. september lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Funda gerð hafnarnefndar frá 29. aeptember lögð fram.
Héðinn Valdimarsson bar fram svo hljóðandi tillögu í dsmbandi við fundargerðina:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

"Bæjarstjórnin felur hafnarnefnd að reyna að útvega verkamannafélaginu Dagsbrún og Sjómannafélagi Reykjavíkur leigulóð undir skrifstofur félaganna, sem næst miðhöfninni."

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv. Tillagaga Héðins Valdimarssonar samþ. með 6:3 atkvæðum.

VII. Fundargerð skólanefndar frá 27. september lögð fram.
4.- 6. og 8. liður samþ. með shlj. atkv.

VIII. Önnur umræða um kaup á "Grund". Tillaga frá fyrri umræðu samþ. með shlj. atkv.

IX. Erindi Dýraverndunarfélags Íslans um helli.
Ólafur Friðriksson lagði til að kosin væri þriggja manna nefnd og málinu vísað til hennar. Var það samþ. með 5:3 atkv.
Í nefndina voru kosnir án atkvæðagreiðslu:
Borgarstjóri,
Hermann Jónasson,
Guðmundur Jóhannsson.

Þá var dagskrá lokið, en Guðmundur Jóhannsson fór þess á leit, að fá að hreyfa máli utan dagskrár.
Var það fellt með 4:4 atkv.

Ólafur Friðriksson fór einnig fram á að fá að hreyfa máli utan dagskrár, og var það fellt.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 7.15.

Guðm. Ásbjörnsson. K. Zimsen. Einar Arnórsson. Jón Ólafsson. Héðinn Valdimarsson. Hermann Jónasson. H. Guðmundsson. Pétur Halldórsson. Ólafur Friðriksson. Kjartan Ólafsson. Guðm. Jóhannsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson. Páll Eggert Ólason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 16. október var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara - bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Hermann Jónasson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Hjalti Jónsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Jón Ólafsson, Páll E. Ólason og Ólafur Friðriksson komu kl. 5.30.

Þetta gerðist á fundinum::

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Kristjáns Jóhanns Kristjánssonar Hringbraut 132 | 2136 | 53575.- |
| 2. | Hús Sveins Jónssonar, Fjölnisvegur 4 | 2763 | 44846.- |
| 3. | Hús Ingva Jóhannessonar, Njálsgata 71 | 2526 | 38277.- |
| 4. | Hús Hestamannafélagsins "Fákur" Skeiðvöllur við Elliðaár | 2056 | 2970.- |
| 5. | Hús E. Meisters, Fjölnisvegur 10 | 2721 | 44165.- |
| 6. | Hús Friðriks Ólafssonar, Laugavegur 158 | 2723 | 22235.- |
| 7. | Hús Einars Þórðarsonar, Litlahlíð í Sogamýri | 2319 | 11480.- |
| 8. | Hús Sveins Þórðarsonar, Brúnsstaðir við Laugaveg | 2510 | 1405.- |
| 9. | Hús S. Í. S. við Sølvhólsgötu | 1609 | 10820.- |
| 10. | Hús Indriða Gottsveinssonar, Óðinsgata 15 | 1438 | 47838.- |
| 11. | Hús Kristjóns Ólafssonar, Hverisgata 74 | 819 | 42778.- |
| 12. | Hús Margrétar Þórarins Wilson, Baldursgata 12 | 1462 | 3710.- |
| 13. | Hús Bérings Elíssonar Laugavegur 132 | 2570 | 900.- |
| 14. | Hús Hjálpræðishersins Reykjavík Kirkjustræti 2 | 49 | 218560.- |
| 15. | Hús Gísla Þorbjarnarsonar Bergstaðastræti 36 | 940. | 21984.- |
| 16. | Hús Þórðar J. Thoroddsens, Hjallaland við Kaplaskjólsveg | 1771 | 17766.- |
| 17. | Hús Aðalsteins Pálssonar, Sjávarborg í Bráðræðisholti | 333 | 10160.- |
| 18. | Hús Guðmundar Jónssonar, Múli Við Laugaveg | 1434 | 31954.- |
| 19. | Hús Ingjalds Jónssonar, Fjölnisvegur 1 | 2701 | 1600.- |
| 20. | Hús Steins Jónssonar og Sigurbjörns Guðmundssonar, Rauðarárstígur 1 | 963 | 12925.- |
| 21. | Hús Árna Guðmundssonar og Jónveigar Jónsdóttur, Vitastígur 12 | 860 | 12565.- |
| 22. | Hús Elínar Hafstein, Fjölnisvegur 12, | 2700 | 42530.- |
| 23. | Hús Benedikts Péturssonar, og Guðmundar Sigurðssonar, Öldugata 32 | 2338 | 1050.- |
| 24. | Hús Gunnars E. Benediktssonar Fjölnisvegur 15 | 2722 | 51860.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 25. | Hús Guðjóns Ólafssonar, Öldugata 18 | 2397 | 1200.- |
19. Ágúst Jóhannesson bakari. Samþ. að fella burtu 300 kr. af útsvarsskuld hans 1928-1930.
20. Amilíus B. Jónsson, Framnesvegi 47. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1927, kr. 40.oo.
21. Þorleifur Jónsson, Bjargarstíg 17. Samþ. að fella burtu 110 kr. af útsvari hans 1930.
22. Brynjólfur Jóhannesson, bankaritari. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans 1926-1930, gegn greiðslu á 200 kr.
23. Kr. E. Torp, Ásvallagötu 13. Samþ. að fella burtu 50 kr. af útsvari hans 1928.
24. Pétur Brandsson loftskeytamaður. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1926, kr. 160.oo.
25. Ólafur L. Jónsson, Vonarstræti 12. Samþ. að fella burtu 150 kr. af útsvari hans 1928.
26. Jón Hjartarson kaupmaður. samþ. að fresta ákvörðun um beiðni hans um eftirgjöf.
27. Magnús Guðmundsson skipasmiður. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
28. Kristinn Steinar Jónsson, Laufásvegi 50. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
29. Jónas Björnsson Sellandsstíg 32. Samþ. að verða e ekki við beiðni hans um endurgreiðslu.
30. Jakob Jónsson, Miðstræti 10. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1928, kr. 50.oo.
31. Jón Björnsson Bræðraborgarstíg 12. Samþ. með 6:2 atkv. að endurgreiða honum 50 kr. af útsvari hans 1930.

Þá kom fram tillaga frá Ólafi Friðrikssyni, um að útsvarsskuld Jónasar Björnssonar skyldi aftur tekið til meðferðar. Var sú tillaga felld með 4:4 atkv.

Lestri og staðfestingu fundargerðar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 7.3o.

Pétur Halldórsson. Sigurður Jónasson. Jakob Möller.
Hermann Jónasson. Ágúst Jósefsson. Ólafur Friðriksson.
Stefán Jóhann Stefánsson. H.Guðmundsson. Guðm. Jóhannsson.
Pétur Sigurðsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson.
Hjalti Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1931, fimmtudaginn 5. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Hjalti Jónsson, Pétur Sigurðsson. Jón Ólafsson, Einar Arnórsson og Helgi P. Briem komu kl. 5.30, og fór Pétur Sigurðsson þá af fundinum.

Varaforseti Pétur Halldórsson stýrði fundinum.

Áður en gengið væri til dagskrár, var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Aðalsteins Magnússonar Vogar í Langholti | | 2750.- |
| 2. | Hús Páls Stefánssonar Berugata 14 | 1781 | 1050.- |
| 3. | Hús Bergsteins Jóhannessonar og Jóns Bergsteinssonar, Ránarg. 29. | 2779 | 40275.- |
| 4. | Hús Hafliða Baldvinssonar, Hverfisgata 123. | 2389 | 24630.- |
| 5. | Hús Axels Meinholts Laugavegur 5, | 138 | 40143.- |
| 6. | Hús Árna Þorleifssonar Sjafnargata 9, | 2759 | 46346.- |
| 7. | Hús Ólafs Þorsteinssonar, Skólabrú 2 | 1278 | 49950.- |
| 8. | Hús Finns Jónssonar, Sjafnargata 8 | 2783 | 45750.- |
| 9. | Hús Karls Guðmundssonar og Kristjáns Siggeirssonar, Öldugata 4 | 1905 | 16966.- |
| 10. | Hús Jóns Jónssonar, Njálsgata 8 B. | 2262 | 32490.- |
| 11. | Hús Ásu og Ragnheiðar Þorsteinsdætra, Lækjargata 10 | 162 | 25332.- |
| 12. | Hús Ólafs Þorsteinssonar, Lækjargata 10 A | 2803 | 10255.- |
| 13. | Hús Arnfríðar Stefánsdóttur, Laufásvegur 2 | 878 | 47375.- |
| 14. | Hús h/f Hamars (koparsmiðja) | | 9542.- |
| 15. | Hús Jóns Guðjónssonar, Fjölnisvegur 14 | 2795 | 27960.- |
| 16. | Hús Ingimars Jónssonar, Vitastígur 8 A. | 2415 | 57506.- |
| 17. | Hús Matthíasar og Óskars Sveinbjörnssonar og Elínbjargar Sveinbjörnsdóttur Bergþórugata 31 | 2804 | 47170.- |
| 18. | Hús Jónasar Ólafssonar, Sjafnargata 5 | 2760 | 57882.- |
| 19. | Hús Guðmundar Kr. Guðmundssonar Bergstaðastræti 82. | 2698 | 40950.- |
| 20. | Hús Sólveigar Ólafsdóttur á Sogabletti nr.7 | 2766 | 11185.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 21. | Hús Maríu Bergsdóttur, Bergþórsgata 10 | 1628 | 14731.- |
| 22. | Hús ríkissjóðs Íslands Arnarhváll við Ingólfsstræti | 2731 | 274220.- |
| 23. | Hús Svanlaugar Thorarensen, Laugavegur 34 A | 2755 | 79247.- |
| 24. | Hús Sigtryggs Kaldan, Þórsgata 22 | 2037 | 7884.- |
| 25. | Hús Jónínu Jónsdóttur, Baldursgötu 20 | 1484 | 11278.- |
| 26. | Hús Hans Bjarnasonar og Guðmundar Guðmundssonar, Baldursgata 27 | 1617 | 15940.- |
| 27. | Hús Jón Þorlákssonar, Bankastræti 11 | 1344 | 1475.- |
| 28. | Hús O. Ellingsens, Stýrimannastígur10 | 1080 | 39396.- |
| 29. | Hús Guðmundar Ólafssonar og Helga Skúlasonar, Bergstaðastræti 14 | 1158 | 85240.- |
| 30. | Hús Friðriks Þorsteinssonar, Skólavörðustígur 12 | 145 | 21019.- |
| 31. | Hús Ragnars Lárussonar á Sogabletti 17 | 2623 | 9020.- |
| 32. | Hús Ágústs Jónssonar Hlíðarendi við Kleppsveg | 2447 | 3428.- |
| 33. | Hús Benedikts Guðmundssonar, Freyjugata 40 | 2768 | 38240.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 31. janúar lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. febrúar lögð fram.

1. liður samþ. með shlj. atkv.
2. liður samþ. með 6:3 atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv.
5. liður samþ. með 6:2 atkv.
6. - 10. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð veganefndar frá 23. janúar lögð fram. Bæjarfulltrúar Alþýðuflokksins báru fram svohljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:

"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra að ráða þegar aftur að nýju þá menn til bæjarins, sem sagt var upp nýlega, og hefja auk þess strax framkvæmdir þær, sem fé er veitt til á fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, til þess að bæta úr atvinnuleysi í bænum."

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu í sambandi við fundargerðina:

"Bæjarstjórnin heimilar rafmagnsstjórn að láta nú þegar byrja á því að gera undirstöður undir lengingu rafmagnsstöðvarinnar við Elliðaárnar."

Fundarhlé kl. 8 - 9.30.

Kl. 9.30 var funndinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Arnórsson, Guðmundur Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson og Hjalti Jónsson báru fram svohljóðandi breytingartillögu við tillögu bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins:

"Tillagan orðist svo:
Bæjarstjórnin ætlast til þess, að þeim mönnum, sem farið hafa úr bæjarvinnunni og eigi hafa fengið , verði veitt vinna aftyr, sem fyrst að unnt er og að verk þau, sem fyrirhuguð eru í fjárhagsáætlun þ.á., verði sem fyrst unnin, svo að fleirum atvinnulausum mönnum verði veitt atvinna."

Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:

"Þar sem bæjarstjórnin hefir þegar ákveðið að hefja þá vinnu, sem fjárhagsáætlun 1931 gerir ráð fyrir og sú vinna er þegar hafin, og þeir verkamenn, sem nýlega geng úr bæjarvinnu, að sjálfsögðu standa jafnt að vígi og aðrir atvinnulausir menn, sem til greina koma við úthlutun þessarar vinnu, tekur bæjarstjórnin fyrir næsta mál á dagskrá."

Skömmu fyrir kl. 12 kom fram tillaga frá Einari Arnórssyni, um að lokið skyldi máli því, er til umræðu var, en dundi síðan slitið. Var sú tillaga samþ. með 12:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Guðmundur Eiríksson, Guðrún jónasson, Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller, Ólafur Friðriksson, Helgi P. Briem, Guðmundur Jóhannsson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Einar ARNÓRSSON?

nei: Hjalti Jónsson, Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson.

Dagskrártillaga borgarstjóra felld með 12:3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jón Ólafsson, Pétur Halldórsson, Hjalti Jónsson.

nei: Haraldur Guðmundsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller, Ólafur Friðriksson, Helgi P. Briem, Guðmundur Jóhannsson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Ágúst Jósefsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson.

Tillaga frá Jakob Möller um að vísa tillögu fulltrúa Alþýðuflokksins til veganefndar felld með 9:7 atkv.

Stefán Jóh. Stefánsson krafðizt, að tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins skyldi borin undir atkvæði á undan tillögu Einars Arnórssonar o.fl. Úrskurðaði forseti, að svo skyldi ekki vera, og var sá úrskurður samþ. af bæjarstjórninni með 7:6 atkv.

Breytingartillaga Einars Arnórssonar o.fl. samþ. með 11:1 atkv.

Tillaga frá Ólafi Friðrikssyni, um að vísa til rafmagnsstjórnar tillögu borgarstjóra um aukningu rafmagnsstöðvarinnar, samþ. með 7:4 atkv.

Tillaga frásama bæjarfulltrúa um að fresta 4. lið fundargerðarinnar samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 12.45.

Pétur Halldórsson. Jakob Möller. Sigurður Jónasson.
Hjalti Jónsson. Ágúst Jósefsson. H. Guðmundsson.
Guðmundur Jóhannsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson.
Stefán Jóhann stefánsson. Ólafur Friðriksson.
Einar Arnórsson. Hermann Jónasson. Helgi P. Briem.

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Árið 1931, fimmtudaginn 19. febrúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Páll E. Ólason, Hermann Jónasson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Haraldur Guðmundsson, mundsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson og M.Júl Magnús.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Tilkynnt bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins um staðfestingu á fundarsköpum og synjun um staðfestingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin mótmælir harðlega þeirri aðferð atvinnumálaráðherra að gera það sem skilyrði fyrir staðfestingu bæjarsamþykktarinnar, að breytt sé um tölu bæjarráðsmanna, og heldur fast við þann sjálfsagða rétt bæjarstjórnarinnarað ákveða sjálf efni samþykktar sinnar, innan þeirra takmarka, er lög ákveða."

Einar Arnórsson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Ef eigi fæst bráðlega staðfesting ráðherra á frumvarpi til samþykktar um stjórn bæjarmálefna Reykjavíkur, ályktar bæjarstjórnin að gera ráðstafanir til breytinga á gildandi lögum í þá átt, að tala næjarráðsmanna verði þar ákveðin 3 eða 5."

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar samþ. með 13 shlj. atkv.

Tillaga Einars Arnórssonar samþ. með 11 shlj. atkv.

II. Kosning forseta.
Kosningu hlaut Guðmundur Ásbjörnsson með 8 atkv. Stefán Jóh. Stefánsson fékk 5 atkv. og 2 seðlar voru auðir.

III. Kosning 1. varaforseta.
Ksningu hlaut Pétur Halldórsson með 8 atkv. Ágúst Jósefsson fékk 5 atkv. og 2 seðlar voru auðir.
Kosning 2. varaforseta.
Kosningu hlaut Einar Arnórsson með 8 atkv. og 7 seðlar voru auðir.

IV. Kosning skrifara.
Aðalmenn: kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Jakob Möller
Sigurður Jónasson.
Varamenn kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Eiríksson,
Ágúst Jósefsson.

V. Kosning nefnda:
1. Fjárhagsnefnd:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Arnórsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Jakob Möller,
Páll E. Ólason,
Pétur Halldórsson

2. Fasteignanefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Ólafur Friðriksson,
Guðmundur Jóhannsson,
Haraldur Guðmundsson,
Jón Ólafsson.

3. Fátækranefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Eiríksson,
Haraldur Guðmundsson,
Guðrún Jónasson,
Hermann Jónasson,
Jakob Möller.

4. Byggingarnefnd.
Fyrst fór fram kosning 2 bæjarfulltrúa í nefndina. Voru kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Eiríksson,
Haraldur Guðmundsson.
Síðan fór fram kosning 2 manna utan bæjarstjórnar í nefndina. Voru kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Kristinn Sigurðsson,
Felix Guðmundsson.

5. Veganefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Arnórsson,
Ágúst Jósefsson,
Guðmundur Ásbjörnsson,
Hermann Jónasson,
Guðrún Jónasson.

6. Brunamálanefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Eiríksson,
Ágúst Jósefsson,
Pétur Halldórsson,
Hermann Jónasson.

7. Hafnarnefnd.
Fyrst fór fram kosning 2 bæjarfulltrúa í nefndina: Voru kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Jón Ólafsson,
Sigurður Jónasson.
Síðan fór fram kosning á 1 manni úr kaupmannastétt: Kosningu hlaut : Ólafur Þ. Johnson með 8 atkv. Héðinn Valdimarsson fékk 5 atkv., og 2 seðlar voru auðir.
Þá fór fram kosning á 1 manni úr sjómannastétt. Kosningu hlaut Geir Sigurðsson með 8 atkv. Sigurjón Á. Ólafsson fékk 5 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og 2 seðlar voru auðir.

8. Vatnsnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Ólafur Friðriksson,
Guðrún Jónasson,
Ágúst Jósefsson,
Pétur Halldórsson.

9. Gasnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Arnórsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Guðmundur Eiríksson,
Haraldur Guðmundsson,
Guðmundur Jóhannsson.

10. Rafmagnsstjórn.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Jakob Möller,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Guðmundur Jóhannsson,
Sigurður Jónasson,
Pétur Halldórsson,

11. Heilbrigðismálanefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Ágúst Jósefsson,
Guðrún Jónasson,
Sigurður Jónasson,
Jón Ólafsson.

12. Bæjarlaganefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Arnórsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Jón Ólafsson
Sigurður Jónasson,
Guðmundur Jóhannsson.

13. Húsnæðisnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Einar Arnórsson,
Stefán Jóh. Stefánsson,
Jón Ólafsson,
Sigurður Jónasson,
Pétur,Halldórsson.

14. Alþýðubókasafnsnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Páll E. Ólason,
Jakob Möller.

15. Skólabyggingarnefnd.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Ólafur Friðriksson,
Guðmundur Eiríksson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Eiríksson,
Kjartan Ólafsson,
Pétur Halldórsson.

16. Sóttvarnanefnd:
Kosningu hlaut Guðrún Jónasson með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

17. Stjórn Aldamótagarðsins.
Kosningu hlaut Jakob Möller með 8 atkv.,
Jón Baldvinsson fékk 5 atkv., og 2 seðlar
voru auðir.

18. Stjórn Íþróttavallarins.
Kosningu hlaut Guðmundur Jóhannsson með 8
atkv., Hermann Jónasson fékk 5 atkv., og
2 seðlar voru auðir.

19. Endurskoðandi Íþróttavallarins.
Kosningu hlaut Guðmundur Eiríksson með 8
atkv., 7 seðlar voru auðir.

20. Heilbrigðisnefnd.
Kosningu hlaut Guðrún Jónasson með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

21. Í stjórn fiskimannasjóðs.
Kosningu hlaut Jón Ólafsson með 9 atkv.
Sigurjón Á. Ólafsson fékk 4 atkv. , og 2 seðl-
ar voru auðir.

22. Kosinn 1 maður til að semja verðlagsskrá.
Kosningu hlaut hlaut Einar Helgason með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

23. Stjórn Eftirlaunasjóðs:
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Ágúst Jósefsson,
Jakob Möller.

24. Kosning 4 manna í skólanefnd gagnfræðaskóla
í Reykjavík.
Fram komu 2 listar, sem forseti merkti A
og B. Á A-lista voru Hallbjörn Halldórsson
prentari og Einar Magnússon kennari, og á
B-lista Bogi Ólafsson kennari, Gústaf A. Sveins-
son cand. jur. og Hallgrímur Hallgrímsson
magister. Fékk A-listi 6 atkv., B-listi 8
atkv. og 1 seðill var auður. Hlutu þannig
kosningu í nefndina til næstu 3 ára:
Hallbjörn Halldórsson o
Einar Magnússon af A-lista.
Bogi Ólafsson og
Gústaf A. Sveinsson af B-lista.

25. Endurskoðandi styrktarsjóðs verkamannafélag-
anna:
Kosningu hlaut Guðmundur Eiríksson með 8 atkv.
7 seðlar voru auðir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

26. Kosning 3 manna nefndar til þess að semja skrá
yfir gjaldendur til ellistyrktarsjóðs.
Kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Guðmundur Jóhannsson,
Ágúst Jósefsson,
Pétur Halldórsson.

VI. Kosning endurskoðenda.
Aðalmenn, kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Þórður Sveinsson læknir
Ólafur Friðriksson.
Varamenn kosnir af 2 listum án atkvæðagreiðslu:
Björn E. Árnason,
Vilhjálmur S. Vilhjálmsson blaðamaður.

VII. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. febrúar lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VIII. Fundargerð fasteignanefndar gtá 16. febrúar lögð fram.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 22. janúar lögð fram.

X. Fundargerð fátækranefndar frá 12. febrúar lögð fram.
1.- 2. liður samþ. með shlj. atkv.

XI. Fundargerð veganefndar frá 6. febrúar lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Með því að bæjarstjórnin hefir á fundi sínum 5. þ. m. gert ákveðna ályktun um val manna í bæjarvinnu, þó getur meiri hluti veganefndar í engu breytt þeirri ákvörðun bæjarstjórnar, og tekur fundurinn því fyrir næsta mál á dagskrá."
Ólafur Friðriksson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að auka atvinnubótavinnuna um tvöhundruð manns, og fara fram á við bankana, að þeir láni bænum í því skyni sextíu þúsund krónur."
Jakob Möller lagði til, að tillögu þessari væri vísað til fjárhagsnefndar.
Ágúst Jósefsson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir, að skráning atvinnulausra manna fari fram vikulega til loka marzmánaðar."

Fundarhlé kl. 8 - 8.3o.

Kl. 9.3o var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn, nema Guðmundur Ásbjörnsson og Páll E. Ólason. Í stað Guðmundar Ásbjörnssonar var kominn Pétur Sigurðsson vara- bæjarfulltrúi.

Einar Arnórsson bar fram svohljóðandi rökstudda dagskrá:
"Með því að fjárhagsnefnd hefir þegar tekið ákvörðun um að reyna að fá alls um 1½ millj. króna lán til ýmsra framkvæmda bæjarins, telur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnin tillögu um 60 þús. kr. lántöku
þarflausa og tekur því fyrir næsta mál á
dagskrá."

Guðmundur Jóhannsson bar fram svohljóðan i rökstudda dagskrá:

"Í því trausti, að atvinnubótanefndin fylgist vel með, hverjir eru þurfandi fyrir atvinnu hér í bænum, tekur fundurinn fyrir næsta mál á dagskrá."

Jakob Möller tók aftur tillögu sína.

Dagskrártillaga Stefán Jóh. Stefánssonar felld með 5:5 atkv.

Forseti úrskurðaði að dagskrártillaga Einars Arnórssonar skyldi borin undir atkvæði á undan tillögu Ólafs Friðrikssonar, og yrði hún samþ., þá væri tillaga Ólafs Friðrikssonar þar með afgreidd. Var úrskurðurinn borinn undir atkvæði, eftir kröfu Ólafs Friðrikssonar, og samþ. með 7:5 atkv.

Dagskrártillaga Einars Arnórssonar samþ. með 8:5 atkv.

Tillaga Ólafs Friðrikssonar kom því ekki til atkvæða.

Úrskurður forseta um, að dagskrártillaga Guðmundar Jóhannssonar skyldi borin undir atkvæði á undan tillögu Ágústs Jósefssonar var samþ. með 8:5 atkvæðum.

Dagskrártillaga Guðmundar Jóhannssonar samþ. með 8:6 atkvæðum.

Tillaga Ágústs Jósefssonar kom því ekki til atkvæða.

XII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 13. febrúar lögð fram. og samþ. í heild með shlj. atlv.

XIII. Fundargerð hafnarnefndar frá 25. janúar lögð fram.
1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Guðmundi Jóhannssyni um að fresta 4. lið samþ. með 7:1 atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að fresta 5. lið samþ. með 6:5 atkv.

XIV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 23. janúar lögð fram.
1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Jakob Möller um, að orðið sé við beiðni þeirri, sem um ræðir í 4. lið samþ. með 8:6 atkv.
5.- 9. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin, svo breytt , samþ. með shlj. atkv.

XV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 30. janúar lögð fram.
1.- 3. liður samþ. með shlj. atkv.

XVI. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 7. febrúar lögð fram.
Haraldur Guðmundsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórn ályktar að taka nú þegar 190 atvinnulausa menn í vinnu til viðbótar þeim, er fengið hafa atvinnubótavinnu, og felur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnubótanefnd að tilnefna þá."
Jakob Möller lagði til, að tillögu þessari verði vísað til fjárhagsnefndar. Var það samþ. með 7:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: Einar Arnórsson, Pétur Sigurðsson, , Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Jakob Möller, Maggi Magnús, Pétur Halldórsson.
nei: Ágúst Jósefsson, Haraldur Guðmundsson, Ólafur Friðriksson, Sigurður Jónasson, Stefán Jóh. Stefánsson, Hermann Jónasson og Guðmundur Jóhannsson greiddu ekki atkvæði.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.
Þá bar forseti undir atkvæði hvort fundinum skyldi haldið áfram eftir kl. 12. Var það fellt.

XVII. Mjólkursölumál.
Samþ. með shlj. atkv. að vísa málinu til heilbrigðis~~nefndar~~=málanefndar.

XVIII. Erindi frá Bátafélagi Reykjavíkur.
Samþ. með shlj. atkv. að vísa málinu til hafnarnefndar.

XIX. og XX. Frumvarp til samþ. um alþýðubústaðahverfi og frumvarp til samþykktar um alþýðubústaðasjóð Reykjavíkur.
Samþ. með 7:4 atkv. að vísa frumvörpunum til fjárhagsnefndar.

XXI. Tillögur Guðmundar Jóhannssonar um rekstur almenningsbifreiða.
Samþ. með shlj. atkv. að vísa málinu til veganefndar.

Lestri og staðfestingu fundargerðar frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 12.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller. Sig. Jónasson.
Ágúst Jósefsson. Kjartan Ólafsson. Guðm. Jóhannsson.
Einar Arnórsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson.
Pétur Halldórsson. Pétur Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1931, fimmtudaginn 5. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, PéturHalldórsson og Pétur Sigurðsson.

Áður en gengið væri til dagskrár, var fundargerð síðasta fundar lesin, staðfest og undirskrifuð.

Þá var gengið til dagskrár og gerðist þetta:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. febrúar lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 2. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 26. febrúar lögð fram.
20. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 27. febrúar lögð fram.
Borgarstjóri bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að fara fram á það við þingmenn bæjarins, að þeir flytji á Alþingi því, sem nú er háð, frumvörp þau, sem getur um í 6. og 7. lið fundargerðar fjárhagsnefndar 27. febrúar."

Einar Arnórsson bar fram svohljóðandi breytingartillögu við 1. gr. frumvarps þess, er ræðir um í 6. lið:
"Upphaf 1. gr. orðist svo:
Gjalddagi útsvara eftir aðal niðurjöfnun í Reykjavík skal vera hinn fyrsti virkur dagur mánaðanna : "júní, júlí, ágúst, september og október.""

Jakob Möller bar fram svohljóðandi breytingartillögu við sama frumvarp:
"Við 2. gr.: Í stað 1 (af hundraði) komi ½".

Tillaga frá Guðrúnu Jónasson um að fresta að mæla með veitingaleyfisbeiðni Þórðar Auðunssinar í 3. lið felld með 5:5 atkv.

Samþ. með shlj. atkv. að mæla með veitingaleyfisbeiðni Þuríðar Jónsdóttur í 3. lið.

Fellt með 5:5 atkv. að mæla með veitingaleyfisbeiðni Þórðar Auðunssonar.
5. liður samþ. með shlj. atkv.

Breytingartillaga Einars Arnórssonar við 1. gr. frumvarpsins, sem um ræðir í 6. lið, samþ. með shlj. atkv.
1. gr. svo breytt samþ. með shlj. atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Breytingartillaga Jakobs Möllers við 2.gr. felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: Jakob Möller, Guðmundur Jóhannsson, Pétur Halldórsson.
nei: Ágúst Jósefsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Kjartan Ólafsson, Pétur Sigurðsson, Sigurður Jónasson.

2., 3. og 4. gr. samþ. með shlj. atkv.
Frumvarpið í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
Frumvarpið, sem um ræðir í 7. lið samþ. með shlj. atkv.
8. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.
Tillaga borgarstjóra samþykkt með samhljóða atkvæðum.

V. Útsvarsmál (Rædd fyrir luktum dyrum).

1. Pétur Hjaltested, Sunnuhvoli. Samþ. með 7:1 atkv. að taka skuldabréf frá Pétri Hjaltested upp í ógreidd útsvör og erfðafestugjöld , að upphæð kr. 4378.84, sem greiðist á 4 árum, með veði í húsinu nr. 23 við Laugaveg (per 31. jan. 1931).
2. Þórður Nikulásson. Samþ. að fella burtu 100 kr. af útsvari hans 1928 og 1930.
3. Jónas H. Jónsson. Samþ. að fella burtu 226 kr. af útsvari hans 1925-1930.
4. Þorfinnur G. Guðmundsson. Samþ. að fella burtu 135 kr. af útsvari hans 1928-1930, auk lögtakskostnaðar og dráttarvaxta.
5. K. Forberg símritari. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1930.
6. Óskar Halldórsson. Samþ. með 4:3 atkv. að fella burtu útsvarsskuld hans 1924-1930, gegn greiðslu á 600 kr.
7. H/f. Fróði. Tillaga um að fella niður útsvarsskuld félagsins gegn greiðslu á 1187 kr. Var felld. Samþ. að fresta málinu þar til efnahagsreikningur félagsins pr. 31. des. 1930 liggur fyrir.
8. H/F. Bakki. Samþ. með 7:1 atkv. að fella niður útsvarsskuld félagsins, gegn greiðslu á 337.5o kr., með því skilyrði, að Siglufjarðarkaupstaður veiti félaginu hlutfallslega sömu eftirgjöf og bú félagsins verði afhent úr gjaldþrotaskiptameðferð.
9. Anna Kl. Jónsson. Samþ. að endurgreiða henni 150 kr.
10. Hannes Einarsson. Samþ. að verða ekki við beiðni hans um eftirgjöf.
11. Jón Á. Egilsson. Samþ. að fella burtu helming af útsvari hans 1928.
12. Bjarni Bjarnason, Bergþórugötu 12. Samþ. að fella burtu 45 kr. af útsvarsskuld hans.
13. Baldur Benediktsson. Samþ. að fella burtu 280 kr. af útsvarsskuld hans.
14. Jón G. Eyjólfsson. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1 1930.
15. Kristján Kjartansson. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1928.
16. Sigmundur Halldórsson. Samþ. að fella burtu 50 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar hans 1928.

17. Kristþór Alexandersson. Samþ. að fella burtu 30 kr. af útsvari hans 1930.

18. Jón Sivertsen. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 300kr.

19. Tómas Pétursson. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1930.

20. Stefán Björnsson. Samþ. að fella burtu útsvar hans 1928.

21. Sigurhans Hannesson. Samþ. að gefa eftir útsvarsskuld hans 1929 og 1930.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 8.

Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Jónsson. Kjartan Ólafsson.
Jakob Möller. Guðrún Jónasson. Pétur Halldórsson.
Guðm. Eiríksson. Einar Arnórsson. Ágúst Jósefsson.
Pétur Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, fimmtudaginn 19. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Pétur Halldórsson, Jakob Möller, Páll E. Ólason, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, M. Júl. Magnús, Hjalti Jónsson, Hermann Jónasson, Sigurður Jónasson.

Varaforseti, Pétur Halldórsson stýrði fundinum.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Geirs Thorsteinssonar Einarsstaðir á Grímsstaðaholti | 783 | 16066.- |
| 2. | Hús Árna Jónssonar, Grímsstaðir A við Skúlagötu | 2784 | 16602.- |
| 3. | Hús Verzlunarmannafélags Reykjavíkur Tjarnargata 6 | 47 | 13042.- |
| 4. | Hús Sigurðar Guðbrandssonar, Grettisgata 74 | 2764 | 37530.- |
| 5. | Hús Ámunda Sigurðssonar Sjafnargata 11 | 2801 | 37100.- |
| 6. | Hús Péturs Þorvaldssonar Laugavegur 72 | 676 | 32585.- |
| 7. | Hús Sæmundar E. Ólafssonar Sjafnargata 2 | 2806 | 34575.- |
| 8. | Hús Valdimars Runólfssonar, Mýmisvegur 2 | 2769 | 54955.- |
| 9. | Hús Þorsteins Sch. Thorsteinssonar, Thorvaldsensstræti 6 | 42 | 52880.- |
| 10. | Hús Þorgríms Guðmundssonar Hverfisgata 82 | 775 | 18140.- |
| 11. | Hús Jóhanns Ólafssonar & Co. Hverfisgata 18 | 1017 | 63850.- |
| 12. | Hús Þórarins Kjartanssonar Laugavegur 76 | 1238 | 86916.- |
| 13. | Hús Lúðvígs Einarssonar, Vesturgata 45 | 288 | 24545.- |
| 14. | Hús Guðrúnar Jónsdóttur, Kirkjuland við Laugarnesveg | 1279 | 3080.- |
| 15. | Hús Samúels Jónssonar, Skólavörðustígur 35 | 1187 | 43375.- |
| 16. | Hús Karls Ó. Bjarnasonar og Elíasar Guðmundssonar, Bjarkargata 14 | 2785 | 34995.- |
| 17. | Hús Péturs Ketilssonar, Barónsstígur 31 | 1772 | 29470.- |
| 18. | Hús Glímufélagsins Ármann við Barónsstíg | 2809 | 2772.- |
| 19. | Hús Sigríðar Thorsteinsson, Skólavörðustígur 45 | 756 | 39136.- |
| 20. | Hús ríkissjóðs Íslands, Tjarnargata 32 | 1119 | 4300.- |
| 21. | Hús ríkissjóðs Íslands, Bókhlöðustígur 1 | 30 | 70400.- |
| 22. | Hús Hermanns Björnssonar, Signýjarstaðir á Grímsstaðaholti | 2195 | 1900.- |
| 23. | Hús Bergsveins Guðmundssonar, Sólvallagata 31 | 2817 | 39164.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 24. | Hús Helga Vigfússonar Grund á Grímsstaðaholti | 2080 | 20194.- |
| 25. | Hús P. L. Mogensen, Aðalstræti 2 | 118 | 96341.- |
| 26. | Hús P. L. Mogensens Aðalstræti 4 | 2815 | 85695.- |
| 27. | Hús Hjörleifs Sturlaugssonar á Bráðræðisióð | 2794 | 4600.- |
| 28. | Hús Jes Zimsen, Hafnarstræti 23 | 129 | 80600.- |
| 29. | Hús Jes Zimsen, Hafnarstræti 23 A. | 1103 | 19470.- |
| 30. | Hús ríkissjóðsÍslands, Klapparstígur 2 | 1180 | 74769.- |
| 31. | Hús Magnúsar Jónssonar, Engjabær við Holtaveg | 1881 | 6630.- |
| 32. | Hús Einars Jónssonar, Einarshús við Grandaveg | 2816 | 3821.- |

II. Fundargerð byggingarnefndar frá 14. marz lögð fram.
Tillaga frá Stefáni Jóh. Stefánssyni um að fresta 1. lið samþ. með 6:3 atkv.
2.- 6. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin, svo breytt samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 16. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð veganefndar frá 11. marz lögð fram.
Stefán Jóh. Stefánsson lagði til, að 1. lið væri vísað aftur til veganefndar.
Ólafur Friðriksson bar fram svohljóðandi viðaukatillögu við tillögu Stefáns Jóh. Stefánssonar:
"enda sé veganefnd heimilað að verja fé úr bæjarsjóði til þess að setja myndastyttu Hannesar Hafstein til bráðabirgða til reynzlu á umtalaðan stað við Tjarnargötu."
Páll E. Ólason bar fram svohljóðandi tillögu:
"Svo framarlega, sem ráðlegt þykir að raska líkneskjum á almannafæris svæði í Reykjavík, er veganefnd falið að athuga, hvort ekki muni henta að setja líkneski Jóns Sigurðssonar á Austurvöll, en líkneski Hannesar Hafsteins aftur á stað Jóns á Stjórnarráðsblettinn."
Tillaga Stefáns ~~sonar~~ Jóh. StefánssonarSamþ. með 8:4 atkvæðum.
Viðaukatillaga Ólafs Friðrikssonar felld með 7:4 atkvæðum.
Tillaga Páls E. Ólasonar samþ. með 8:4 atkv.
Tillaga meiri hluta nefndarinnar í 2. lið samþ. með 8:2 atkv.
Fundargerðin svo breytt , samþ. með shlj. atkv.

V. Fundargerð heilbrigðismálanefndar frá 13. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð fátækranefndar frá 12. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 11. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

~~VIII~~.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VIII. ~~stafá~~ Fundargerð hafnarnefndar frá 17. marz lögð fram.

Guðmundur Jóhannsson, Jakob Möller, Guðmundur Eiríksson, og Einar Arnórsson báru fram svohljóðandi tillögu:

"Bæjarstjórnin skorar á hafnarnefnd að láta að láta sérfróða menn rannsaka hverjar hafi verið orsakir til skemmda þeirra, sem urðu á nýju bryggjunni aðfaranótt hins 7. þ.m."

Fundarhlé kl. 8-9 3/4.

Kl. 10 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn, nema Páll E. Ólason. Ennfremur var kominn Haraldur Guðmundsson.

Tillaga Guðmundar Jóhannssonar o.fl. samþ. með 7:2 atkv.

2. liður samþ. með ~~7:2 atkv.~~ shlj. atkv.

4. og 5. liður fundargerðar hafnarnefndar frá 25. janúar samþ. með shlj. atkv.

4. liður samþ. með shlj. atkv.

Fundargerðin, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

IX. Kosning eins manns í stjórn styrktarsjóðs Guðlaugar Hjálmarsdóttur.

Kosningu hlaut Guðrún Jónasson með 8 atkv. Guðmundur Jóhannsson fékk 2 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

X. Fjármál.

Fram kom tillaga um, að umræður skyldu fara fram fyrir luktum dyrum.

Var hún samþ. með 8:4 atkv.

Forseti las erindi frá fundi verkamanna og verkakvenna, sem haldinn hafði verið í K. R. húsinu sunnudaginn 15. marz.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 11.55.

Pétur Halldórsson. Jakob Möller. Einar Arnórsson.
Sigurður Jónasson. Hermann Jónasson. Hjalti Jónsson.
Guðmundur Eiríksson. Guðmundur Jóhannsson.
M.Júl. Magnús. Ágúst Jósefsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
H. Guðmundsson. Guðrún Jónasson. Ólafur Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1931, fimmtudaginn 16. apríl var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.05 síðdegis,og voru þá komnir auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Páll E. Ólason, Ágúst Jósefsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, M. Júl. Magnús og Hermann Jónasson.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Brunabótavirðingar samþykktar:

| | | Brbnr.: | Kr.: |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús A. Rósenbergs, Hótel Ísland Austurstræti 2 | 110 | 195541.- |
| 2. | Hús Rannveigar Jónsdóttur, Laufásvegur 34 | 1210 | 35465.- |
| 3. | Hús Engilberts Hafberg, Mjóstræti 3 | 70 | 57235.- |
| 4. | Hús Ríkissjóðs Íslands, prentsmiðjan Gutenberg Þingholtsstræti | 685 | 55730.- |
| 5. | Hús h/f Nýja Iðunn Barónsstígur 3 A | 1883 | 11060.- |
| 6. | Hús Sveins Jónssonar Bergþórugata 35 | 2790 | 29582.- |
| 7. | Hús Péturs Guðfinnssonar Grettisgata 69 | 2798 | 40438.- |
| 8. | Hús Sigursteins Árnasonar og Sigurðar Jónssonar Seljavegur 31 | 2777 | 40130.- |
| 9. | Hús Boga A. Þórðarsonar Frakkastígur 8 | 2105 | 76653.- |
| 10. | Hús Jóels Úlfssonar, Hverfisgata 100 A. | 1811 | 2740.- |
| 11. | Hús Steindórs Oddssonar, Litlibær við Ásveg | 2821 | 2280.- |
| 12. | Hús Magnúsar Thorsteinson við Þvergötu | 2797 | 53180.- |
| 13. | Hús Magnúsar Jónssonar, Vatnsstígur 10 | 504 | 45590.- |
| 14. | Hús hafnarsjóðs Reykjavíkur, Flugskáli við Flugskálaveg | 2823 | 20352.- |
| 15. | Hús Sigurðar Ólafssonar og Ásgeirs Magnússonar, Vesturgata 54 | 2780 | 74905.- |
| 16. | Hús Flugfélags Íslands við Flugskálaveg | 2823 | 10725.- |
| 17. | Hús Ólafs Thors,Garðastræti 41 | 2824 | 82540.- |
| 18. | Hús Guðmundar Jónssonar, Litlaland við Kaplaskjólsveg | 2825 | 4580.- |
| 19. | Hús Valdimars Þorsteinssonar, Barónsstígur 33 | 2772 | 43994.- |
| 20. | Hús Ingibjargar Jónsdóttur, Laufholt við Ásveg | 2826 | 4923.- |
| 21. | Hús Emils Rokstað, Bjarmaland við Lauganesveg | 1248 | 6120.- |
| 22. | Hús Grímúlfs Ólafssonar, Laugabrekka við Suðurlandsbraut | 1370 | 6804.- |
| 23. | Hús Einars Helgasonar, við Layfásveg | 281 | 4690.- |
| 24. | Hús Hrefnu Sigurgeirsdóttur, Bergþórugata 29 | 2829 | 46890.- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

II. 1. liður fundargerðar byggingarnefndar 14. marz. Tillaga nefndarinnar samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð byggingarnefndar frá 28. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. Fundargerð byggingarnefndar frá 11. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

V. Fundargerð fasteignanefndar frá 7. apríl lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

VI. Fundargerð veganefndar frá 4. apríl lögð fram.
1. liður samþ. með 4:3 atkv.
2. liður samþ. með 5:1 atkv.
3.-4. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundatgerð veganefndar frá 8. apríl lögð fram.
Guðmundur Jóhannsson bar fram svohljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin felur borgarstjóra í samráði við veganefnd að leita samninga við lögfræðingana Ólaf Þorgrímsson pg Gústaf Sveinsson um rekstur almenningsbíla hér í bænum, enda sé samningurinn í höfuðatriðum bygður á tillögum þeim, er fyrir liggja í málinu."
Tillaga þessi var samþ. með 7:1 atkv.

VIII. Fundatgerð fátækranefndar frá 26. marz lögð fram.

IX. Fundargerð fátækranefndar frá 9. apríl lögð fram.
Í sambandi við fundargerðina las forseti erindi frá verkakvennafélaginu framsókn, dags. 12. apríl 1931.
Borgarstjóri og Guðmundur Eiríksson báru fram svohljóðandi breytingartillögu við 8. lið:

| | |
|---|---|
| "1- 4 ára | 300 kr. |
| 5- 9 ára | 270 - |
| 10- 14 ára | 250 - |
| 15- 16 ára | 100 - " |

Hermann Jónasson lagði til, að 8. og 9. lið væri frestað.
1. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Hermanns Jónassonar samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 27. og 30. marz lagðar fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

XI. Fundargerð hafnarnefndar frá 31. marz lögð fram.

XII. Fundargerð gasnefndar frá 23. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

XIII. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 27. marz lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

XIV. Úrskurður á kærum yfir alþingiskjörskrá.
Samþ. með shlj. atkv. að fela bæjarlaganefnd að úrskurða um kærur yfir alþingiskjörskránni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

XV. Skipulag Reykjavíkur.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa málinu umræðulaust til byggingarnefndar og veganefndar samþ. með shlj. atkv.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Fundi slitið kl. 6.35.

Guðm. Ásbjörnsson. Páll Eggert Ólafsson.
Hermann Jónasson. Guðm. Jóhannsson. Ágúst Jósefsson.
Kjartan Ólafsson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson.
M. Júl. Magnús. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1931, fimmtudaginn 7. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Jakob Möller, Sigurður Jónasson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Einar Arnórsson, Guðmundur Eiríksson, Guðrún Jónasson, Pétur Halldórsson, Hjalti Jónsson og Ólafur Friðriksson. Hermann Jónasson kom kl. 6 og Helgi P. Briem kl. 6.30.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 2. maí lögð fram.
1.-22. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga meiri hluta nefndarinnar í 23. lið samþ. með 7:3 atkv.
24.-27. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Guðmundi Jóhannssyni um að fresta 28. lið samþ. með 6:4 atkv.
29.-30. liðue samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

II. Fundargerð fasteignanefndar frá 4. maí lögð fram.
Guðmundur Jóhannsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögur:
Við 5. lið:
"Bæjarstjórnin samþykkir að leyfa Jóni Þorleifssyni að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Sauðagerðisbletti vestra, að því tilskyldu að byggingarnefnd samþykki fyrirkomulag byggingarinnar."
Við 10. lið:
"Bæjarstjórnin samþykkir að leyfa Vilhjálmi Briem að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti X, að því tilskyldu, að byggingarnefnd samþykki fyrirkomulag byggingarinnar:"
Sigurður Jónasson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin ákveður að fresta 10. lið fundargerðarinnar og ætlazt til, að fyrir næsta fundi hennar liggi nákvæmar upplýsingar um stærð lóðarinnar, um húsið sjálft, m.a. nýtt fasteignamat."
1.-4. liður samþ. með shlj. atkv.
Fyrri málsgrein 5. liðs samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Guðrúnu Jónasson um að fresta síðari málsgrein 5. liðs, samþ. með 7:3 atkv.
6.-9. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga frá Jakob Möller um að fresta 10. lið samþ. með 8:4 atkv.
11.-17. liður samþ. með shlj. atkv.
Tillaga Sigurðar Jónassonar samþ. með 9 shlj. atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt samþ. með shlj. atkv.
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórn ákveður að framlengja útboðsfrest á stálpípum til vatnsveitu Reykjavíkur frá 28. maí til 15. júní þ.á."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Var samþ. með 11:1 atkv. að tala mál þetta til meðferðar á undan næsta dagskrárlið.
Tillaga þessi var samþ. með 6:2 atkv.

III. Fundargerð fátækranefndar frá 30. apríl lögð fram.
1.-6. liður samþ. með shlj. atkv.

IV. 8. og 9. liður fundargerðar fátækranefndar frá 9. apríl.
Forseti las erindi frá mæðrastyrksnefndinni, dags. 14. apríl 1931.
Stefán Jóhann Stefánsson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 8. lið:
"Frá 1-16 ára 480 krónur."
Tillaga þessi var samþ. með 8:2 atkv.
9. liður svo tekinn aftur.

V. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 1. maí lögð fram.
1.-6. liður samþ. með shlj. atkv.
8. liður með viðbótinni: Lánið sé tekið til 15 ára, samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð bæjarlaganefndar frá 24. apríl lögð fram.

VII. Fundargerðir hafnarnefndar frá 27. apríl og 5. maí lagðar fram.

VIII. Fundargerð skólanefndar frá 18. apríl lögð fram.
¥ 7. liður samþ. með shlj. atkv.

IX. Kosning yfirkjörstjórnar við kosningu til alþingis 12. júní.

Fundarhlé kl. 8.30 - 10.

Kl. 10.15 var fundinum haldið áfram, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, allir þeir sömu bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar, sem áður sátu fundinn.
Einar Arnórsson lagði til að kosnir yrðu í yfirkjörstjórn:
Úr bæjarstjórn:
Sigurður Jónasson.
Utan bæjarstjórnar:
Jón Ásbjörnsson hæstaréttarmálaflutningsmann.
Yil vara:
Úr bæjarstjórn:
KJartan Ólafsson.
Utan bæjarstjórnar:
Lárus Fjeldsted hæstréttarmálaflutningsmaður.
Varð samkomulag um tillögu þessa milli flokkanna, og var það samkomukag samþykkt með 9:2 atkv.

X. Skipting kjósenda í kjördeildir 12. júní.
Samþ. með shlj. atkv. að skipta kjósendum í 20 kjördeildir.

XI. Útsvarsmál . (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Grímur K. Jósefsson, Suðurpól 48. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans 1927-1928, kr. 210.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Hlutafélagið Fróði. Tillaga frá Jakob Möller, um að taka tilboði félagsins um að greiða 25% af útsvarsskuldinni var felld með 5:4 atkv.
Samþ. að gefa eftir útsvarsskuld félagsins gegn greiðslu á 2250 kr.
3. Magnús Konráðsson cand.polyt. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 110 kr.
4. Eggert Lárusson. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 750 kr.
5. Eggert Kristjánsson. Samþykkt að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 659 kr.
6. Jóhann Byström Jónsson, Ásvallagötu 21. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 15 kr.
7. R. P. Leví. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 100 kr.
8. Karel Ingvarsson, Lindargötu 14. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 30 kr.
9. Einar A. Berings, Haðarstíg 15. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 30 kr.

Þá var dagskrá lokið, en þá var samþ. með shlj. atkvæðum að taka fyrir erindi frá Guðmundi Guðmundssyni skipstjóra, um eftirgjöf á vöxtum af útsvarsskuld. Var fellt með 7:1 atkv. að verða við beiðni hans um eftirgjöf.

Fundargerð lesin, staðfest og undirskrifuð.

Funsi slitið kl. 11.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson. Jakob Möller.
Hermann Jónasson. Sigurður Jónasson. Helgi P. Briem.
Ágúst Jósefsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Kjartan Ólafsson.
Ólafur Friðriksson. Guðm. Eiríksson. Guðrún Jónasson.
Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1931, fimmtudaginn 21. maí, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórninni. Fundurinn var settur kl. 5.10 síðdegis, og voru þá komnir, auk borgarstjóra, þessir bæjarfulltrúar og vara- bæjarfulltrúar: Guðmundur Ásbjörnsson, Ólafur Friðriksson, Ágúst Jósefsson, Stefán Jóh. Stefánsson, Kjartan Ólafsson, Guðmundur Jóhannsson, Guðmundur Eiríksson, Hjalti Jónsson, Pétur Sigurðsson, Hermann Jónasson, Jakob Möller og Einar Arnórsson. Aðalbjörg Sigurðardóttir kom kl. 5.40, Sigurður Jónasson kom kl. 5.45. og Sigurður Jónsson kl. 6.40.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Fundargerð byggingarnefndar frá 16. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

II. 28. liður byggingarnefndar - fundargerðar frá 2. maí.
Forseti las erindi frá Finni Ó. Thorlacius um leyfi til að byggja hús á Sauðagerðistúni.
Tillaga byggingarnefndar samþ. með 8:1 atkv.
Tillaga frá borgarstjóra um að vísa erindi Finns Ó. Thorlaciusar til fasteignanefndar samþ. með shlj. atkv.

III. Fundargerð fasteignanefndar frá 18. maí lögð fram og samþ. í heild með shlj. atkv.

IV. 10. liður fundargerðar fasteignanefndar frá 4. maí.
Guðmundur Jóhannsson bar fram svo hljóðandi tillögu:
"Bæjarstjórnin samþykkir að leyfa Vilhjálmi Briem að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti X, að því tilskyldu, að byggingarnefnd samþykki fyrirkomulag byggingarinnar og að byggingin verði tekin burt, bænum að kostnaðarlausu, þegar bæjarstjórnin krefst þess með 1 árs fyrirvara."
Tillaga Guðmundar Jóhannssonar felld með 5:5 atkv.
Tillaga fastrignanefndar samþ. með 6:4 atkv.

V. Fundargerð veganefndar frá 15. maí lögð fram.
Ólafur Friðriksson bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við 4. lið fundargerðarinnar:
"Bæjarstjórnin ákveður að verða við beiðni Flugfélags Íslands, sem nefnd er í 4. lið fundargerðar veganefndar 15/5. 1931."
1.- 3. liður samþ. með samhljóða atkvæðum.
Breytingartillaga Ólafs Friðrikssonar felld með 6:3 atkv.
4. liður samþ. með shlj. atkv.
5.-8. liður samþ. með shlj. atkv.
Fundargerðin í heild samþ. með shlj. atkv.

VI. Fundargerð brunamálanefndar frá 16.maí lögð fram.
Tillaga frá Sigurði Jónassyni um að fresta 2. lið samþ. með shlj. atkv.
3. liður samþ. með shlj. atkv.
Þá kom fram tillaga frá Guðmundi Jóhannssyni um að fresta 4. lið. Var samþ. að hún skyldi rædd með 5:4 atkv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíku

Tillaga Guðmundar Jóhannssonar var svo hljóðandi:
"Bæjarstjórnin frestar að segja álit sitt um tillögur þær, sem getur um í 4. lið fundargerðar brunamálanefndar 16. maí."
Tillaga þessi var felld með 8:5 atkv.
Fundargerðin í heild, svo breytt, samþ. með shlj. atkv.

VII. Fundargerð vatnsnefndar frá 18. maí lögð fram.

VIII. Fundargerð rafmagnsstjórnar frá 13. maí lögð fram og samþ. í heild með 8:1 atkv.

IX. Fundargerð fjárhagsnefndar frá 15. maí lögð fram. 1.-4. liður samþ. með shlj. atkv.

X. Fundargerð skólanefndar frá 19. maí lögð fram.

XI. Skipun undirkjörstjórnar 12. júní.
Sigurður Jónasson lagði til að málinu væri frestað og vísað til bæjarlaganefndar.
Var það samþ. með shlj. atkv.

XII. Útsvarsmál. (Rædd fyrir luktum dyrum).
1. Friðsteinn Friðsteinsson, Bergstaðastræti 10C
Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans gegn greiðslu á 200 kr.
2. Gunnlaugur Sæmundsson, Vesturgötu 26. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hans frá 19=9 og 1930.
3. Sigríður Þorláksdóttir, Tjarnargötu 10 B. Samþ. að fella burtu útsvarsskuld hennar gegn greiðslu á 30 kr.
4. Þórður Albertsson. Samþ. að útsvar hans skuli standa óbreytt.

Fundargerð lesin, staðfest og undirrituð.

Fundi slitið kl. 20.

Guðmundur Ásbjörnsson. Jakob Möller. Aðalbjörg Siguðardóttir. Stefán Jóh. Stefánsson. Hjalti Jónsson. Hermann Jónasson. Sigurður Jónasson. Sig. Jónsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Eiríksson. Kjartan Ólafsson. Pétur Sigurðsson. Einar Arnórsson. Ólafur Friðriksson. Guðmundur Jóhannsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

